

# Sel og selstöður við Dýrafjörð

Bjarni Guðmundsson, prófessor emeritus



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2020.

Bjarni Guðmundsson, professor emeritus

Rit LbhÍ nr. 131 Sel og selstöður í Dýrafirði

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-05-5

Forsíðumynd: Selið frá Fjallaskaga við Dýrafjörð, á Seljasandi. Handan fjarðar sér til Hafnarness og Kóps. Höfundur tók myndina og aðrar ómerktar myndir í ritinu.

Uppsetning: Þórunn Edda Bjarnadóttir

# EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	V
<b>RANNSÓKNIN .....</b>	<b>1</b>
Selin í sögu og lögum .....	2
Hvað skyldi rannsakað? .....	6
Landshættir, veðurfar og gróður á svæðinu .....	8
Hvar stóðu selin? .....	9
Lega seljanna – liður í skipulegri nýtingu landkosta? .....	12
Sýnilegar minjar um selin .....	14
Stærð og gerð selhúsanna .....	17
Hvað segja örnefni um selin og selstöðurnar? .....	20
Búféð í seljunum? .....	23
Sagnir og ævintýri tengd seljunum .....	25
Hvenær voru selin lögð af? .....	27
Önnur og ótalin sel í Dýrafirði .....	30
<b>SELIN Í DÝRAFIRÐI – NORRÆNT FORM EN STAÐFÆRT .....</b>	<b>33</b>
Selhagar og húshagar – skipting gróðurlendis jarðanna .....	37
Önnur mannvirki í selhögum – fleiri hlutverk seljanna .....	39
Sumarfjós og stekkar .....	42
Vinnubrögðin, mjólkín og smjórið .....	43
Fráfærur lagðar af og búháttum breytt .....	45
Sel og verstöðvar – greinar á sömu rót .....	47
<b>YFIRLIT .....</b>	<b>49</b>
<b>UPPDRÆTTIR AF SELJAMINJUM .....</b>	<b>51</b>
<b>HEIMILDIR OG HEIMILDARMENN.....</b>	<b>71</b>



## FORMÁLI

Allar sögur eiga sér upphaf. Í uppvexti mínum á Kirkjubóli í Dýrafirði vöktu ákveðnar tóftir og örnefni frammi á dalnum þeim tengd forvitni mína. Heimilisfólkið talaði um Selið; notaði það oft sem viðmiðun við ferð um dalinn, við berjatínslu, stúss í kringum fé og fleira. Selið var sveipað dulúð og ævintýralegar sögur lifðu um fólkið sem þar átti að hafa unnið. Þótt ég skildi fljótlega til hvers sel voru ætluð var það ekki fyrir en á fullorðinsárum sem áhugi minn vaknaði á því að grafast sérstaklega fyrir um selið frá Kirkjubóli. Það var mánudaginn fjórða september 1978 að ég fór með tveimur eldri dætrum mínum, Ásdísi Helgu og Þórunni Eddu, til aðalbláberja á Kirkjubólssdal, venju samkvæmt, að ég notaði tækifærið til þess að skoða um leið selminjarnar og slá á þær máli svo ég gæti gert af þeim lauslegan uppdrátt. Heim kominn og yfir hreinsun berjanna hóf ég að spyrja móður mína og móðurbróður nánar um það sem þau vissu um Selið. Ýmislegt kom á daginn sem leiddi til þess að nýjar spurningar vöknudu, líka um sel frá næstu bæjum. Þannig fór boltinn að skoppa: Ég hóf, eftir því sem tími og aðstæður leyfðu, að ganga á nágrannaselin hvert af öðru, ásamt því að leita fróðleiks hjá eldra fólki sem ætla mátti að þekkti til þeirra.

Það fór svo að lítið forvitnisverk berjatínsludags varð að dálitlu rannsóknaverkefni um sel og seljabúskap þar sem Dýrafjörður var valinn sem afmarkaður vettvangur. Mér þótti verkefnið hljóta nokkurn alvörustimpil þegar Hugvísindadeild Vísindasjóðs varð við umsókn minni með 10.000 kr. rannsóknastyrk árið 1981 og Verðlaunanevnd Gjafar Jóns Sigurðssonar með 50.000 kr. styrk til verksins árið 1987. Ekki þótti mér síðarnefndi styrkurinn lakari, tengdur nafni forsetans, sem vel kann að hafa verið smali í nágrannaseli, selinu frá Hrafnseyri, á uppvaxtarárum sínum. Þótt styrkupp hæðirnar kunni að virðast brotlegar nú munaði um þær eins og sést ef þær eru færðar til núvirðis.<sup>1</sup> Og vitanlega voru þær kærkomnar og mjög þakkarverðar viðurkenningar á verkefninu, þó nú væri. Nauðsynlegt er hins vegar að biðjast afsökunar á því hve lengi hefur dregist að gera grein fyrir árangri verkefnisins og kvitta fyrir styrkina. Sannleikurinn er sá að rannsóknin hefur verið unnin í hjáverkum og frítíma á þeim liðlega fjóru áratugum sem liðnir eru frá upphafi þess. Margt hefur breyst á þeim tíma, bæði hvað snertir rannsóknatækni en ekki síður almenna þekkingu á viðfangsefninu sem góðir fræðimenn hafa aflað og kynnt.



Á Kirkjubólsseli 4. september 1978 við upphaf verksins. Systurnar Þórunn Edda og Ásdís Helga Bjarnadætur t.h. standa í mjaltakvinni sem við horfum á eftir lengdarstefnu. Ásdís Helga bendir á það sem virðist hafa verið ræsi út úr kvínni. Þórunn Edda bendir á dyr kvíarinnar, sjá uppdrátt á bls. 57.

<sup>1</sup> Reiknað til núvirðis með vísitölu neysliverðs svara upphæðirnar til u.þ.b. 760 þkr. sumarið 2020.

Sjálfum finnst mér því að hinn langi tími hafi ekki spillt rannsókn minni; fremur að hann hafi þroskað hana eins og tíminn sum vín – hafi bætt hana og styrkt.

Nokkur tækifæri hef ég fengið til þess að kynna rannsóknina eða hluta hennar, t. d. með erindum í Snorrastofu í Reykholti haustið 2007 og í Holti í Öfundarfirði veturinn 2009. Einnig nýtti ég hluta niðurstaðnanna í kennslufyrirlesturum við Landbúnaðarháskóla Íslands og birti grein um landnýtingarþátt seljabúskapar í Þingeyrarhreppi í Ársriti Sögufélags Ísafirðinga árið 2012.

Fjölmörgum þarf ég að þakka fyrir liðveislu. Fyrst nefni ég fjölskyldu mína sem lagt hefur mér lið með margvíslegum hætti. Systkini mín, Guðmundur Grétar og Sigrún, gengu með mér á mörg seljanna og lögðu mér líka til trausta farkosti ef þurfti, auk viðurgernings í fæði og húsnæði. Móðir mín, Ásdís Bjarnadóttir, og móðurbróðir, Knútur Bjarnason, voru alltaf fús að taka þátt í samræðu, svara spurningum og gefa álit á hugleiðingum mínum um fráfærur, sel og seljabúskap, á meðan lifðu, mér til ómetanlegs gagns í þessu grufli mínu. Fræðimennirnir Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson lásu fyrsta heildarhandrit mitt að ritinu, og bróðir minn, Gunnar, næst síðustu gerð þess, auk þess að koma með mér í síðustu vettvangsferðirnar. Þau komu öll með ýmsar ábendingar og hugmyndir um viðfangsefnið en einnig lagfæringar, sem allar komu mér vel. Ég hef reynt að nýta mér þær og koma efni þeirra margra til skila í lokaskrifum mínum. En þá er ótalinn hópur dýrfirskra heimildarmanna sem ég leitaði til og átti að með samtölum, bréfum og greinargerðum. Stærstur hluti þess góða hóps er nú kominn í sumarlandið. Ýmislegt í eftirfarandi skrifum væri þunnt og á lélegum grunni reist ef ekki hefði komið til þekking og skilningur alls þessa fólks sem það fúslega miðlaði mér. Annar seljafróðleikur væri sömuleiðis að eilífu glataður, svo hratt hefur tíminn unnið sitt verk. Nöfn flestra heimildarmanna minna eiga að koma fyrir á viðeigandi stöðum í frásögninni. Öllum þessum liðsmönnum, nefndum og ónefndum, færi ég mínar bestu þakkir, sem og Landbúnaðarháskóla Íslands sem sýndi mér þá vinsemd að fella ritverk mitt inn í ritröð sína og birta það þannig.

Og hefst þá seljasaga mín.

Hvanneyri, nær Marteinsmessu 2020

*Bjarni Guðmundsson*



## RANNSÓKNIN

*En frammi á fjöllum háum,  
fjarri sævi bláum,  
sefur gamalt sel.*

Guðmundur Böðvarsson

Hvað er sel? Það er viðeigandi að byrja með nokkur hugtök og skilgreiningar á þeim. Styðjast má við Íslenska orðabók.<sup>2</sup> Samkvæmt henni er **sel** útihús í högum langt frá bæjum þar sem búpeningur er látinn ganga á sumrum. Hér á eftir verður orðið notað sem í eintölu væri þótt oftast hafi minjar þær, sem skoðaðar voru, sýnt að húsin voru fleiri en eitt. **Selstaða** er það að hafa búpening í seli og **selför** ferð í sel en einnig sögulegur réttur jarðarabúanda til að hafa búpening í seli. **Selland** er land þar sem haft er í seli og **selhöfn** beitarland sem seli tilheyrir. Þá má nefna þótt ekki komi það við sögu fyrr en síðar að búsgagnið **selskrína** er ílát sem mjólk var hleypt í skyr, hæfilega stórt til að flytja skyrið heim úr seli. Og hugtökin eru fleiri. Hér munu orðin **seljaborp** og **seljabyrping** verða notuð um það þegar sel frá fleiri bæjum hafa verið sett á sama stað eða í nábyli. Með sínum hætti áréttar hinn ríkulegi orðaforði tengdur seljum mikilvægi búhátarins á ýmsum tímum þjóðarsögunnar.

Lengst af skráðum tíma Íslandsbyggðar lifði þjóðin öðru fremur á kvikfjárrækt. Afurðir búfjárins, mjólk, ull og kjöt, voru ásamt fiskmeti þau verðmæti sem daglegt amstur fólks snerist um. Kvikfjárræktin fólst einkum í nýtingu beitolanda og árstíðabundinni framleiðslu afurða. Landið með gróðri sínum var sú auðlind sem afkoma fólksins í veigamiklum atriðum byggðist á. Fornar hefðir og margvíslegar aðstæður í umhverfi og landslagi mótuðu kvikfjáræktina og þá verkhætti sem við hana var beitt. Einn hátturinn var sá að hafa hluta kvikfjárins í seli fjarri heimabyli. Í norður-evrópsku ljósi er það eldforn aðferð eins og síðar verður sagt frá en er aðferð sem fyrir all löngu var lögð af héraendis. Enn má þó víða í úthaga ganga fram á minjar þessa búhátar þar sem greinilegar eru rústir gamalla selmannvirkja, rétt eins og Guðmundur Böðvarsson skáld segir í ljóðlínunum sem þessi kafli hófst á. Urmull örnefna vitnar líka um sel og seljabúskap en í þessu tvennu lifir ekki síst minningin um þennan þátt í sögu íslenskrar kvikfjárræktar.



*Íslensk sel eiga sér norrænar rætur þótt þau hafi verið löguð að aðstæðum. Myndin sýnir sel og sellönd á heiðum Hallingdals í Noregi; hún var tekin 14.9.2011.*

<sup>2</sup> Íslensk orðabók (2002), 1259-1260.

„Dalabotnarnir voru alsettir seljum“, fyrir las Páll Zóphóníasson nemendum sínum á Hvanneyri veturinn 1919-1920, „og enn má sjá þess ljós merki af tóftunum sem nú standa sem menjar um horfna frægð, því frægð var það að hafa manndóm í sjer til að hafa fjenað í seljum.“<sup>3</sup>

Seljahugtakið hefur með árunum fengið á sig eilítið rómantískan blæ, ef til vill vegna ýmissa þjóðsagna sem seljum eru tengdar, legu þeirra í víðernum og frjálsræði fjarri byggð en sjálfsagt einnig vegna erlendra áhrifa, einkum frá Noregi, þar sem þessi búskaparháttur tengist í hugum margra fögru landslagi og sællegum selstúlkum. Ýmsir kannast t. d. við lag Ole Bull, *Sunnudagur selstúlkunnar*, leikrit Riis: *Upp til selja*, sem mjög var vinsælt hérlendis á fyrri hluta síðustu aldar, og fleira mætti nefna úr flokki rómantískra lýsinga.<sup>4</sup> Skáldið Snorri Hjartarson orti til dæmis kvæði sem er verðugur fulltrúi þeirra, kvæði sem hann nefndi *Mig dreymir við hrúnið heiðarsel*:

*Mig dreymir við hrúnið heiðarsel:  
heyri ég söng gegnum opnar dyr,  
laufþyt á auðum lágum mel?  
Líf manns streymir fram, tíminn er kyr.*

*Allt sem var lifað og allt sem hvarf  
er, það sem verður dvelur fjær  
ónuminn heimur, hulið starf;  
hús þessa dags stóð reist í gær.*

*Við göngum í dimmu við lítfölg  
í ljósi sem geymir um eilífð hvað  
sem er, og bíður. Fuglinn sem flaug  
framhjá er enn á sama stað.<sup>5</sup>*

<sup>3</sup> Páll Zóphóníasson: *Búnaðarsaga Íslands I*; Gunnar Guðjónsson nemandi við Búnaðarskólann á Hvanneyri skrifaði.

<sup>4</sup> Norska fræðakonan Karoline Daugstad hefur gert viðfangsefninu rækileg skil í dr. polit-ritgerð sinni árið 1999: *Mellom romantikk og realisme – om seterlandskapet som ideal og realitet*, sjá m. a. 5. og 6. kafla, bls. 140-222.

<sup>5</sup> Snorri Hjartarson: *Kvæðasafn* (2006), 93.

Veruleiki selfólksins hérlendis og sennilega einnig í nágrannalöndum okkar mun þó ekki aðeins hafa verið gleði og rómantik. Víða, og þá ekki síst á Vestfjörðum, var seljabúskapurinn hluti þess að komast af við þröng kjör og óblíða náttúru fyrri alda; enginn leikur heldur bláköld og oft mjög erfið lífsbarátta.

Verk þetta tileinka ég öllum nafnlausu konunum sem í aldanna rás gengu til mjalta kvölds og morgna á þeim tugum selja sem vitað er að hafa staðið við Dýrafjörð, og sem búverkuðu – ýmist á seli eða heima – og breyttu hinum hvíta drykk, mjólkinni, í afurðir sem alið gátu heimilisfólkið að þeim hluta árlangt. Já, svo mjög hefur fennt yfir söguna að einungis er hægt að nafngreina með vissu tæpan tug þeirra.

## Selin í sögu og lögum

Seljabúskapur er eitt af einkennum fornar norrænnar kvikfjárræktar. Sel og selför voru hluti hins dreifbæra (*extensive*) búskapar sem einkenndi hana. Hann var og er einnig þekktur í Alpahéruðum Evrópu, í Skotlandi, Írlandi og raunar í fleiri hornum heimsins (*summer farming*). Seljabúskapur var leið til þess að nýta fjarlæg en oft kostamikil beitilönd, gjarnan ofan skógarmarka, til framleiðslu mjólkur á hásumri með sauðfé, kúm og geitum. Mjólkinn var unnin í ýmsar afurðir til heimaneyslu um ársins hring en gat einnig verið liður í öflun nauðsynlegs gjaldmiðils t. d. smjörs upp í land- og gripaleigu. Seljabúskapur á einu eða öðru formi á sér fornar rætur er rekja má langt aftur til jarnaldar.<sup>6</sup> Þrennt mótaði seljabúskapinn: búfé, fólk og landkostir, einkum beitarkjörin.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á seljum og seljabúskap. Það eru ekki síst Norðmenn sem þar hafa verið afkastamiklir enda búháturinn mjög algengur þar í landi. Hér verða þeim rannsóknum ekki gerð sérstök skil heldur látið nægja að vísa til yfirlitsverka, svo sem þriggja binda verks Lars

<sup>6</sup> Lucas: „Pálstóftir: A Viking Age Shieling in Iceland“. (2008), 85.



Reinton um sel og selfarir; skipulag, verklag og lið í framfærslu, búhátt lagaðan að hinum ýmsu landsháttum og landkostum Noregs og á ýmsum tímum.<sup>7</sup> Þá hefur Karoline Daugstad fjallað um sel og selfarir í margbreytilegum formum sem mótandi þátt menningarlandslags svo og vitundar fólks og viðhorfa frá starfrænum og ekki síst fagurfræðilegum sjónarmiðum í listum og menningu.<sup>8</sup>

Reinton skilgreindi hinn norræna seljabúskap (*sæterbruk*) þannig:

Sæterbruk er det når ein gard (ein fast vinterbustad) har krøtera sine i sumarbeite på ein stad eit stykke frå garden der det er husvære og fast personale, så ein kan nytta ut større vidder til beite, som regel òg til slått og onnor fórsanking, og så ein kan spara på heimemarkene og nå i betre beite, føde fleire krøter over vinteren og skaffe forråd til levemåten på den faste bustaden (garden).<sup>9</sup>

Með nokkurri einföldun má segja að tvær kenningar hafi einkum staðið um upphaf og þróun hins norræna seljabúskapar: Fyrst sú að seljabúskapurinn hafi þróast úr hjarðmennsku (*nomadism*) og eigi sér rætur í hinum indóevrópska frumbúskap og fyrstu búsetu jarðyrkjufólks. Reinton var einkum talsmaður þeirrar kenningar en verk hans var lengi vel miðlægt í norrænni seljaumræðu. Hin kenningin er sú að seljabúskapur hafi á löngum tíma einkum þróast sem svæðabundið svar við breytilegri þörf fyrir beitolönd og fóður.<sup>10</sup> Svo virðist sem síðari kenningin njóti nú meira fylgis þótt í raun séu þær spröttar af sömu rót – þörfinni fyrir hagkvæma nýtingu takmarkaðra beitolanda til öflunar lífsnauðsynlegs matarforða.

Þótt álitnið sé að vestur-norskir landnámsmenn hafi fært seljabúháttinn með sér til Íslands og mótað hann í fyrstu með hliðsjón af eigin reynsluheimi og áþekkingum umhverfisaðstæðum virðist hátturinn hafa þróast með ólíkum hætti í löndunum tveimur. Cabouret<sup>11</sup> segir Frostþingslög geyma orðið *sel* í sömu merkingu og hin 200 árum yngri lög nota orðið *setur/sætr*. Upphaflega merkti *sel* aðeins lítið einsrýmis hús en *setur* dvalarstað. Það síðara taldi hann fela í sér hlutverkaskiptara mannvirki fyrir fólk og fé og til framleiðslu mjólkurafurða. Ennfremur að það benti til þess að það hafi fyrst verið á hámiðöldum sem norski seljabúskapurinn var fullþróaður. Að baki því áleit Cabouret liggja byggðapróun sem ýtti búfjárhaldi að sumarlagi það langt frá býlinu að hverfa varð frá mjaltastað svo nærri býli að í mesta lagi þurfti dálítið *sel* til næturhvíldar, ef fjarlægðin heim var þá ekki orðin það mikil að frágangssök var að fara heim á milli morgun- og kvöldmjalta. Cabouret benti á að það var aðeins heitið *sel* sem fluttist til Íslands, og að þess vegna megi reikna með því að þetta form seljabúskapar hafi verið hið algenga í Vestur Noregi við landnám Íslands. Þegar *stól/stöðull* varð algengt heiti selja í Vestur Noregi bendir það til hins sama. Orðið táknað mjaltastað, upphaflega án búsetu. Á Íslandi er orðið aðeins þekkt í hinni upphaflegu merkingu, sem mjaltastaður. Það taldi Cabouret benda til þess að merkingar-breytingin hafi fyrst orðið í Noregi eftir fólksflutningana til Íslands.

Það má nefna strax að dýrfirsku selin reyndust býsna fjölbreytt að gerð, eins og síðar mun vikið að. Með hliðsjón af því má setja það hér að Reinton, sem áður var nefndur, taldi sig ná utan um fjölbreytleika norskra selja með svolátandi greiningu eftir gerð þeirra og hlutverki:

*Alsæl* (fullsæterbruk) – föst búseta sumarlangt með búpening og nauðsynleg áhöld til úrvinnslu mjólkur  
*Mjaltasel* (melkesæter) – sel til mjalta en mjólk flutt heim á bæ til vinnslu

<sup>7</sup> Reinton: *Sæterbruket i Noreg I-III* (1955-1961). Reinton helgaði íslenskum seljabúskap vænan kafla í verki sínu: I (1955), 79-102.

<sup>8</sup> Daugstad: *Mellom romantikk og realisme* (1999).

<sup>9</sup> Reinton: *Sæterbruket i Noreg I* (1955), 2.

<sup>10</sup> Cabouret: „Esquisse d'une chronologie des etapes de la formation de la vie pastorale en Norvege“. (1989), 36-37.

<sup>11</sup> Sama heimild, 36.

*Engjasel* (sláttesæterbruk) – heyöflun meginmarkmið, heygeymslur helstu mannvirkin og selið aðeins notað um heyannir.

„Hve afarmikla þýðingu selin hafa haft á fyrri öldum, sést af hinum óteljandi seljarústum, sem eru dreifðar um afdali og heiðar um alt Ísland“, skrifaði Þorvaldur Thoroddsen árið 1919<sup>12</sup> en hann er líklega sá, ásamt Þjóðverjanum Hitzler<sup>13</sup>, sem lengi vel átti rækilegasta yfirlitið um sel og selstöður á Íslandi.

Annars eru innlendar heimildir eru býsna rikulegar. Þær byggjast bæði á sérstökum sagnfræði- og fornleifarannsóknnum, sem gerðar hafa verið, sem og almennum frásögnum af seljum og seljabúskap í einstökum sveitum. Til viðbótar þeim heimildum, sem þegar hafa verið nefndar, má úr fyrri hópnum sérstaklega nefna rannsóknir þeirra Guðrúnar Ólafsdóttur<sup>14</sup> og Guðrúnar Sveinbjarnardóttur<sup>15</sup> en úr þeim síðari til dæmis verk Eyfirðingsins Hólmgeirs Þorsteinssonar<sup>16</sup> og Skaftfellingsins Einarssonar.<sup>17</sup> Þá ber úr þeim flokki að nefna afar athyglisverða heimasíðu með fróðleik um sel, selstöður og seljabúskap á Reykjanesskaganum.<sup>18</sup> Þá birti Benedikt Eyþórsson samantekt um seljabúskap á Íslandi og í norrænu ljósi í tengslum við rækilega rannsókn sína á búskap og rekstri Reykholtstaðar fyrr á öldum.<sup>19</sup> Beitarbúskapurinn, sem var grunnur að rekstri seljanna, gegndi miklu hlutverki í norrænum heimi, jafnvel svo að á vissum tíma sögunnar, svo sem á víkingaöld, hafa fræðimenn talið að [góðir] hagar hafi verið meginuppspretta auðs og valda, að: „The

<sup>12</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III (1919), 207-213.

<sup>13</sup> Hitzler: *Sel – Untersuchungen* (1979).

<sup>14</sup> Guðrún Ólafsdóttir: „Um sel og selstöður í Grindavíkurhreppi“. (1979), 131-143.

<sup>15</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir: „Shielings in Iceland“. (1990), 73-93

<sup>16</sup> Hólmgeir Þorsteinsson: „Sel og selfarir“. (1969), 246-252.

<sup>17</sup> Einar H. Einarsson: „Sel í Mýrdal“. (1972), 18-28.

<sup>18</sup> www.ferlir.is Reykjanesskaginn í máli og myndum.

<sup>19</sup> Benedikt Eyþórsson: *Búskapur og rekstur staðar í Reykholti 1200-1900* (2008), 117-149. Sjá einnig Benedikt Eyþórsson o.fl.: „Natural Resources – Access and Exploitation“. (2018), 205-234.

ultimate source of wealth and power was pasture, and the correlation between cattle, good grazing, and chieftainship is clear both in the historical and archaeological record.“<sup>20</sup> Ekkert minna.

Fornar lýsingar selja hérlendis, svo sem í Laxdæla sögu, selin frá Sælingsdalstungu í Hvammssveit og Vatnshorni í Skorradal, bera með sér að þau hafi verið allmikil mannvirki þótt ekki lægu fjarri heimabæjum.<sup>21</sup> Í Sælingsdalstunguseli var til dæmis sagt vera margt manna er einnig starfaði að heyskap: Selin voru „tvau, svefnasel og búr“, segir í sögunni. Höfundur sögunnar notar þannig heitið *sel* um hin einstöku hús svo sem talin er hafa verið hin upphaflega merking orðsins. Við stympingar í Vatnshornsseli rifu árásmenn „ræfrit af selinu“ en „selit var gert um einn ás, ok lá hann á gaffhlöðum, og stóðu út af ásendarnir, og var einart þak á húsinu ok ekki gróit.“<sup>22</sup> Orðalagið einart þak má í þessu samhengi skilja sem þak einfaldrar gerðar.<sup>23</sup> Frásögnin bendir til þess að yfir selhússveggina hafi verið reft með einföldum hætti, hugsanlega aðeins til sumars í senn. Ekki er fráleitt að takmörkuð árleg notkun selhúsanna, og það á hlýjasta tíma sumars, hafi ýtt undir það að húsagerðin væri höfð einföld og að efni til þeirra væri sparað, til dæmis hvað snerti burðarviði þaks og árefti. Dæmi úr Dýrafirði þessa efnis mun bera fyrir síðar í greinargerðinni.

Í lögbókunum fornu, *Grágás*, lagasafni íslenska þjóðveldisins, og *Jónsbók*, sem samþykkt var á Alþingi árið 1281, er allvíða vikið að seljum og selförum. Er það mjög til marks um mikilvægi seljanna á gildistíma lögbókanna. Lögin geyma ýmis atriði varðandi umgengni um sel og selstöður svo og selfarir, atriði sem varpa gagnlegu ljósi á forsendur og framkvæmd þessa búháttar. Hér verður því nokkurra ákvæða lögbókanna getið með beinum tilvitnunum í texta þeirra:

<sup>20</sup> Benedikt Eyþórsson o.fl.: „Natural Resources – Access and Exploitation“. (2018), 207.

<sup>21</sup> *Laxdæla saga* (1981), 169-173 og 189-199.

<sup>22</sup> Sama heimild, 198.

<sup>23</sup> Gunnlaugur Ingólfsson á Árnastofnun í tölvubréfi til BG 15. nóvember 2007.

Úr Grágás (tölur vísa til blaðsíðu)<sup>24</sup>

20: *Manni er rétt að fara, þótt drottinsdagur sé, til sels með byttur . . .*

319: *OF SELFÖR. Ef maður hefir lönd fleiri undir bú sitt en eitt, og vill hann fara þar í sel yfir annars manns land, og á hann þar að fara með fé sitt tysvar á sumri til sels, en því aðeins oftast ef þar verða misgöngur fjár, þá á hann að reka heim smala sinn. Hann á fornar götur að fara, ef þær eru til.*

*Ef hann fer of engi manns, þá skal hann í togi hafa hið lausa hross. Ef þar eru keldur á götu hans, og á hann að gera brúar þar yfir og vinna þau áverk á annars manns landi. Ef maður fer yfir engi annars, og hlýtur hinn af því skaða, þá varðar honum það útleð, enda skal hann bæta honum skaða, svo sem búar fimm virða við bók.*

320: *ENN OF SELFÖR. Ef maður fer annan veg til sels of annars manns land með smala sinn eða klyfjahross en áðan var tínt, og verður hann útlagur of það þrem mörkum, og bæta auvisla sem búar virða við bók. Ef fimm aura skaði verður að eða meiri, þá varðar fjörbaugsgarð. . .*

330: *. . . Eigi skal sel gera í afrétt. Ef gert er, þá er sel óheilagt, og eigu þeir að brjóta sel er afrétt eigu, enda verður sá útlagur er sel gerði eða gera lét við þá alla er afrétt eigu, og sinni útleð við hvern þeirra.*

Úr Jónsbók (tölur vísa til blaðsíðu)<sup>25</sup>

146: *. . . þá skal það boð hver bera en engi fella, og á það að fara með veturhúsum eftir boðburð réttum en eigi með sætrum. . .*

147: *Sá skal boð bera bæja í milli . . . En ef hjú eru öll af bæ gengin, þá skal ganga í seturhús bónda ef það er opið og setja niður í öndugi svo að eigi falli.*

177: *Engi maður skal fyrir öðrum brenna með heiftugri hendi hús né heyhlaða, sætur, búð né skip. En ef hann brennir og verður að því kunnur og sannur, þá er [178] hann útlægur og óheilagur og heitir brennuvargur, og hefir fyrirgert hverjum peningi fjár síns í landi og lausum eyri . . .*

186: *[Hvervetna þar sem sætur eru til bæja manna, þá skulu menn fara með búfé sitt yfir annars land til sætra, fornar götur ef til eru, og hafa í togi laus hross ef yfir eng er að fara. En ef keldur eru á leið hans, þá má hann gjöra þar brú yfir og vinna þann áverka á jörðu hins]. Menn skulu fara úr húshaga með fé sitt þá er tveir mánaðir eru af sumri, utan þeim þikki öllum annað hentara er brottfærslu eigu. En ef einhver situr lengur niðri, þá skal sá er að telur fyrirbjóða honum þarsetu. Nú situr hann heima eigi að síður, þá skal hann stefna honum héraðsþing fyrir rán og þarsetu. Þá eiga þingmenn að dæma konungi hálfra mörk fyrir grasrán en grönnum hans hálfra mörk fyrir grasverð þeim er gras missa. Nú skal hann æsta svo marga bændur liðs sem hann þarf að færa fé hins úr haga sínum. Sekur er sá hver tveimur aurum við konung er eigi fer, ef hann er til krafður. Slíkt hið sama liggur við ef maður fer heim í húshaga fyrir tvímánuð.*

186: *[Nú skal til sætra á fjöll upp vera merki sem að fornu fari hefir verið og færa sætur eigi úr stað utan hann færi öngum manni til skaða, og svo skulu þeir hið sama sætrum halda. Engi maður skal setja sætur sitt við annars land eður haga, þar sem eigi hefir að fornu verið. Þar skal mæta horn horni og hófur hófi.]<sup>26</sup>*

186: *Þjóðgata og sæturgata og allir rekstrar skulu vera sem að fornu fari hafa legið . . . [187] . . . Ef maður rænir annan mann sæturgötu eður rekstri þeim sem að fornu fari hefir verið, bæti konungi hálfri mörk fyrir vegarín og hafi hinn þó götu sem áður.*

198: *. . . Sætur má hver maður gjöra er þann almenning á ef hann vill þar sitja í sumarsetri, ef það er*

<sup>24</sup> Grágás (1992).

<sup>25</sup> Jónsbók (2004).

<sup>26</sup> Ákvæði Jónsbókar innan hornklofa eru enn í gildi, sjá <https://www.althingi.is/lagas/150a/1281000.400.html> Lesið 16. apríl 2020.

*úr búffjargangi . . . Nú brennir maður sætur í almenningi, veiðibúð eður andvirki það sem þar er, þá sekist sá er það gerir þrimur mörkum við konung en tvígildi þeim er hann brenndi fyrir það sama aftur jafngott . . .*

282: *Ef maður brennir hús eður hey, sætur eður búð eður skip heiftugri hendi, þá er hann útlægur og óheilagur og heitir brennuvargur. . .*

284: *Nú rænir maður mann sæturgötu eður rekstri, sekur hálfri mörk við konung fyrir vegarán.*

284: *Ef sætur eru ger í afrétt, þá sem eigi ná lög til, þá eru þau óheilög við broti og bæti skaða og landnám með hverj-[285]um er í þeim afrétt á.*

Ákvæðin, sem eru áþekk í lögbókunum tveimur, bera með sér að réttur til selfarar hefur verið afar ríkur og sýnilega tengdur hefðum með fornar rætur.

Ekki mátti setja sel í afrétt eða almenning. Ákvæði Jónsbókar [186] fela í sér eiginlega skyldu til selfarar [. . . *Menn skulu fara úr húshaga með fé sitt þá er tveir mánaðir eru af sumri. . . Slíkt hið sama liggur við ef maður fer heim í húshaga fyrir tvímánuð*]. Sýnilega er gert ráð fyrir að heimahögum sé hlíft í allt að tíu vikur um aðal sprettu- og heyskapartímum; frá Jónsmessu og fram til Höfuðdags. Óneitanlega er Jónsbókar-hugtakið *grasrán* og viðurlög við grasráni í þessu sambandi athyglisvert. Grasið var auðlind sem ekki varð bæði notuð til beitar og slægna. Í sömu átt benda ákvæðin um rán selgötu – ef mönnum var meinað að koma búpeningi sínum í sel/sætur. Þá eru líka athyglisverð þau ströngu viðurlög sem lágu við spjöllum á selmannvirkjum.

Ákvæði lagabálkanna tveggja sýna með skýrum hætti að löggjafi þessara tíma hefur haft þroskaðan skilning á nýtingu landsins til framleiðslu nauðsynlegra afurða og þýðingu hennar fyrir

afkomu þegnanna. Þetta eru ekki einustu dæmin um skilning hinna fornu löggjafa á samspili náttúrulegrar vistar, þarfa fjölskyldnanna og sjálfbæris búhátta þeirra.<sup>27</sup> Athyglisvert er að í Grágás er jafnan talað um *sel* en Jónsbók um *sætur* eða *setur* þótt átt sé við sama fyrirbrigðið. Aldursmunur er á lögbókunum og hefur þegar verið bent á að hann skýri hugtakamuninn sem að sínum hluta eigi rætur í þróun búhátтарins á tímabilinu og þá sérstaklega þróunina er varð í Vestur-Noregi.<sup>28</sup>

### Hvað skyldi rannsakað?

Seljarannsóknir mínar teygja sig yfir býsna langt tímabil, eins og fyrr sagði. Mælingar og aðrar athuganir á seljarústum, bæði þekktum og meintum, voru að meginhluta gerðar á árunum 1978-1982. Þá var líka rætt við ýmsa heimildarmenn og skrifað efni fengið frá nokkrum þeirra. Hvort sumar árin 2010 og 2012 var farin önnur ferð á flesta minjastaðina, bæði til nánari athugana og endurskoðunar á fyrri mælingum. Lokaferð var farin á tólf sel sumarið 2020. Á hinum langa meðgöngutíma verkefnisins skolaði ýmsum gagnlegum fróðleik á fjörur mínar. Einnig fæddust og þroskuðust hugmyndir um búhátinn; aðrar dóu. Til seljanna gekk ég einkum með búfræðileg sjónarmið í huga og reyndi að horfa samtímis til sem flestra þátta þeirrar framfærsluleiðar og landnýtingar með kvikfjarrækt er seljabúskapur á hinu afmarkaða rannsóknasvæði var.

Að öðru leyti fólst ásetningur minn í eftirtöldum áformum:

1. *að kanna ritaðar og munnlegar heimildir um selin á rannsóknasvæðinu og notkun þeirra,*
2. *að kanna seljarústir á svæðinu og umhverfi þeirra, m. a. með hliðsjón af staðháttum og beitargildi landsins,*

<sup>27</sup> Sjá m. a. Grétar Guðbergsson: „Í norðlenskri vist“. (1996), 55-64.

<sup>28</sup> Cabouret: „Esquisse d'une chronologie des etapes de la formation de la vie pastorale en Norvege“. (1989), 36-37.





*Höfundur við mælingar á selinu frá Botni 31.7.2012. Óviða er útsýni af seli í Dýrafirði fallegra en í Botni: gróðursælar hliðar til beggja handa, Botnsáin fellur fram í mörgum fossum, Glámuhálendið að baki en fram undan hallar til fjarðarins sem þarna inni er orðinn þröngur. Ljósni.: ÁHBj.*

3. að athuga seljabúskapinn með hliðsjón af landkostum og landnýtingu á jörðunum,
4. að athuga seljabúskapinn og þróun hans með hliðsjón af ástandi og breytingum á öðrum búnaðar- og samfélagsháttum á svæðinu.

Síðan skyldi leitast við setja niðurstöður rannsókninnar í samhengi við niðurstöður hliðstæðra rannsókna á öðrum stöðum, innlendum og erlendum, og þær almennu kenningar, sem til hafa orðið á grundvelli þeirra, um þennan þátt kvikfjarræktar hér á norðurslóðum.

Rannsóknasvæðið er Dýrafjörður, þ.e. jarðirnar frá og með Svalvogum yst við fjörðinn sunnanverðan til og með Fjallaskaga, sem er ysta jörð við fjörðinn að norðanverðu. Mýrahreppur, norðan fjarðarins, náði að sönnu einnig yfir Ingjaldssand að Hrafnaskálarnúp. Ég kaus hins

vegar að takmarka verkefnið við landfræðileg mörk byggðar við Dýrafjörð fremur en hin fornu stjórnsýslumörk. Nokkurra atriða verður þó getið sem tengjast seljum á Ingjaldssandi, selinu frá Holti í Önundarfirði og fleiri vestfirskum seljum á grundvelli heimilda um þau, enda aðstæður á þeim taldar mjög áþekkar og í Dýrafirði.

Þegar gengið var á seljarústirnar voru þær kannaðar, einkum með hliðsjón af staðsetningu, skipulagi og stærð. Gerðar voru yfirborðsmælingar á þeim til uppdráttar og minjar hnitsettar þegar sú tækni varð mér tiltæk. Hins vegar var hvergi grafið í rústir eða minjum undir sverði hreyft enda er það viðfangsefni á hendi fólks með aðra sérþekkingu en ég ræð yfir. Tekinn skal vari fyrir því að yfirborðsathuganir sýni raunverulega gerð mannvirkis sem undir sverði er. Jarðrask, gróður og langvarandi traðk beitarpennings, en seljatóftir hafa sakir grósku löngum dregið hann að sér,

getur hafa raskað yfirborðsmyndinni að einhverju marki. Næsta stig rannsóknarinnar gæti því orðið að athuga lögun og gerð áhugaverðustu rústanna nákvæmar, t. d. með jarðsjá eða uppgreftri. Mjög var misjafnt hve glöggar töftirnar á selstöðunum voru. Yfirborðsmælingarnar ættu samt að gefa viðunandi og samanburðarhæfar grunnmyndir af rústum flestra selmannvirkjana. Fullnaðarvitneskja fæst þó aðeins með uppgreftri. Staðhættir voru kannaðir svo sem landslag, gróðurfar og umhverfi hinna einstöku selja. Þá voru teknar ljósmyndir af mælistöðum og svæðum. Lagt var upp úr því að fá mat heimamanna og annarra staðkunnugra á vegalengdum, t. d. frá bæ að seli, metnum í gangtíma.<sup>29</sup>

## Landshættir, veðurfar og gróður á svæðinu

Landslag við Dýrafjörð ber flest megineinkenni Vestfjarða. Berglög blágrýtis-myndunarinnar hafa hlaðist þar hvert ofan á annað. Í berglagastaflann hafa jöklar síðan sorfið skörð, dali og hvilftar á löngum tíma og skapað skilyrði fyrir gróður af ýmsum toga. Ár hafa borið og bera fram hið sorfna efni, smátt og stórt. Þannig hafa myndast eyrar með mörgum ána. Það, sem til sjávar berst, hefur m. a. myndað odda og eyrar með sjónum. Þannig hefur orðið til allnokkuð undirlendi. Gróðurræman með sjó og inn til dalanna er ekki mikil að fyrirferð en gróðurflötur hlíðanna er hlutfallslega mestur að stærð. Lýsing Steindórs Steindórssonar á gróðurfari Vestfjarða, þó aldin sé, á mjög vel við Dýrafjörð. Hann skrifaði m. a.:

... Ofanverðar hlíðar eru víða hömróttar og hvarvetna skriðurunnar, en helztu gróðurlendi hlíðanna eru mólendi með krækiberja- og bláberjalyngi drottandi í gróðursvip, en á flötum hjöllum skapast smámýrablettir með klóífú og mýrafinnungi . . .

<sup>29</sup> Með sérstakri virðingu, ánægju og þakklæti nefni ég heimild, sem ég nýtti mér við athuganir mínar og skrif en hef ekki í öllum tilvikum vísað sérstaklega til: Það er *Firðir og fólk 900-1900 Úr vinnuhandriti Kjartans Ólafssonar* – sjö binda ljósrítað handrit hans fyrir Þingeyrar- og Mýrahreppa, sem ég fékk hjá Útgáfufélagi Búnaðarsambands Vestfjarða. Vinnubrögð Kjartans voru sýnilega þannig í flestu, sem ég reyndi, að vart hefur hvarflað að mér að leita þeirra frumheimilda, er varða sel og seljabúskap, sem hann byggir frásögn sína á.

Yfirleitt má segja, að því nær sem dregur opnu hafi hverfi kvistlendi úr sögunni en graslendi komi í þess stað, ef á annað borð er um samfelldan gróður að ræða. Á flatlendi og aflíðandi hlíðarflákum eru mýrar. Ýmis gróðurhverfi eru í mýrum þessum en víðast er þó mýrafinnungur drottandi, og er hann sérkenni vestfirzkra mýra öðrum plöntum fremur . . . Eitt höfuðeinkenni í gróðurfari á Vestfjörðum er hversu skammt yfir sjávarmál samfelldur gróður nær. Mjög víða nær hann ekki nema í 180 m hæð, og sáraóvíða hittast samfelld gróðurlendi fyrir ofan 300-350 m. Líklegt má telja, að þetta eigi rót sína að rekja til þess, hversu ofanverðar hlíðar eru brattar, og því skriðurunnar, jarðrennsli úr fjallabrunum er víða stórkostlegt, en þar sem svo hagar til, er varla að vænta samfellds gróðurs.<sup>30</sup>


Veðurfar er sterkur áhrifaþáttur gróðurs og búfjárhalds. Nálægð hafsins mótar að vonum veðurfar á þessum slóðum. Er fjær dregur sjó tekur veðurfarið á sig landrænni einkenni sem meðal annars felast í því að hitasveiflur árs og sólarhrings verða meiri en á stöðum með ströndum. Á dölunum er gjarnan meira skjól en nær sjónum og nefna má að innlagnar (hafgolu), sem oft temprar lofthita á sólríkum sumardögum, gætir vart nema stutt fram á dalina – þar frammar getur tekið við kyrra og breyskjuhiti. Þar er veðursæld því víða jafn meiri en nær sjónum. Með hækkandi landi fram til dala leysir snjóá oftast seinna en við sjávarsíðuna. Í framdölum er gróandinn því ögn seinna á ferð en með ströndum. Af þeim sökum er lengur fram eftir sumri von á kjarnmiklum nýgræðingi í framdölum en heimundir bæjum; vöxtur plantna hefst þar seinna og því halda þær miklu næringargildi lengur en á láglendi. Til var því að mjólkurær græddu sig í fráfarunytina á ný þegar þær voru færðar í sel á framdal.<sup>31</sup>

Með vissum hætti má því segja að framdalirnir, a.m.k. þeir lengri, tilheyri öðrum veðra- og

<sup>30</sup> Steindór Steindórsson: *Vestfirðir I* (1946), 11-12.

<sup>31</sup> Dæmið er frá Meðaldal, haft eftir Sigríði Benónýsdóttur selráðskonu þar (f. 1847); Kristján Helgi Kristjánsson frá Meðaldal í samtali við BG 13. nóvember 1980.





Selstöður við Dýrafjörð. Punktur marka legu þeirra lauslega en nákvæma staðsetningu þeirra má sjá í töflunni á bls. 70. Myndin er hluti Landslagsuppráttar af Ísafjarðarsýslum sem Jón Hróbjartsson teiknaði og gaf út árið 1931.

vaxtarbeltum gróðurs en heimalönd jarðanna sem flest eru með ströndum fjarðarins.

Í frásögnum heimildarmanna var mest látið af dalbeitinni, til dæmis í Álftaskál í Keldudal<sup>32</sup>, og á Meðaldal og Galtadal þaðan sem sagðir voru koma vænstu dilkarnir í þeirri sveit.<sup>33</sup> Féð sóttist gjarnan eftir þurrlendisgróðrinum – því þótti töðugresíð best<sup>34</sup>; það hélt sig aðallega hátt í hlíðunum, skrifaði Haukur bóndi á Núpi „en virtist ekki hafa áhuga á mýrlendinu fram með ánni.“<sup>35</sup> Af grasteigum vöxnum heilgrösum, blómjurtum og lyngi er nóg í flestum dalanna við

fjörðinn. Mýrar og annað votlendi er þá helst á flatlendinu í dalbotnum meðfram ánum; það land var þá sennilega frekast nýtt til slæгна og sem haust- og vetrarbeitiland sauðfjár.

## Hvar stóðu selin?

Að velflestum seljanna var gengið eftir tilvísun ábúenda jarðanna, núverandi eða fyrrverandi, eða annarra staðkunnugra. Örnefnaskrár Þingeyrar- og Mýrahreppa reyndust einnig vera hin ágætasta heimild, ekki aðeins um örnefni og staðsetningu þeirra heldur einnig um ýmislegt sem snerti landið og notkun þess.<sup>36</sup> Nokkurra selja var sérstaklega leitað á grundvelli frásagna í eldri heimildum.

Á myndinni að framan er sýnd lega þeirra selja sem athuguð voru, örfá eru þar ótalin, sjá kafla

<sup>32</sup> Guðmundur Sören Magnússon frá Hrauni í bréfi til BG 3. maí 1982.

<sup>33</sup> Kristján Helgi Kristjánsson frá Meðaldal í samtali við BG 13. nóvember 1980.

<sup>34</sup> Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni í samtali við BG 28. febrúar 1981.

<sup>35</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 29. mars 1981.

<sup>36</sup> Árnastofnun veitti mér mjög þakkarverðan aðgang að öllum örnefnaskrárum úr Þingeyrar- og Mýrahreppum. Hér á eftir verður víða byggt á fróðleik úr þeim: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



á bls. 30-32. Svo sem myndin ber með sér eru selin mörg – eitt eða fleiri nær flestum dölum við fjörðinn. Aftar í þessu riti eru birtir uppdrættir af minjum á þeim seljum sem athuguð voru. Við hvern uppdrátt er stutt lýsing á helstu einkennum á hverjum minjastað. Að öðru leyti verður ekki fjallað um hvert sel en fremur reynt að leita eftir þáttum sem tengt geta efnið saman í heildarmynd.

Fjöldi jarða er talinn samkvæmt elstu og heilstæðustu heimildinni um þær, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem skráð var 1710.<sup>37</sup> Vissulega má deila um hvernig jarðirnar eru taldar, t. d. hverjar skilgreindar voru sem hjáleigur. Í *Jarðabókinni* er talin vera 21 jörð í Þingeyrarhreppi og 22 í Mýrahreppi – að frátöldum Ingjaldssandi. Sextán jarðir í hvorum

hreppi geyma heimildir um sel: sýnilegar minjar, örnefni eða frásagnir, svo öllu jafnari gat útbreiðsla seljanna vart orðið.

Á flestum jarðanna voru ábúendur fleiri en einn og sumar jarðanna, t. d. Haukadalur, Hvammur og Hjarðardalur, voru margbýli og hálfgildings þorp. Dæmi eru því um fleiri sel saman í þyrpingu – *seljaþorp* – og á sumum jarðanna voru fleiri en eitt sel frá hverju býli.

Með fáeinum undantekningum er selin jafnan að finna á framdölum. Er það bæði í samræmi við það hlutverk selstaðnanna að stuðla að friðun heimalanda og að nýta kjarngóð sumarbeitilönd. Snemma á búsetutíð norræns fólks héraendis urðu menn varir við beitargæði heiðarlanda og



*Horft heim Hjarðardal 26.8.1983. Í forgrunni myndar er seljaþorpið frá Hjarðardal; víst þrenn sel, megi marka tóftaþyrpinguna á myndinni.*

<sup>37</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII* (1940), 28-86.

alþekkt er reynsla bóndans Skalla-Gríms er „fann mikinn mun á, at þat fé varð betra ok feitara, er á heiðum gekk, svá þat, at sauðfé helzt á vetrum í fjalldölum, þótt eigi verði ofan rekit.“<sup>38</sup> Varla er hægt að tala um heiðalönd í Dýrafirði. Sérstætt er hins vegar að finna sel, að minnsta kosti tvenn sem sett voru mjög nærri sjó, þar af annað raunar á fjörुकambinum – selið frá Fjallaskaga, á *Seljasandi*. Vissulega eru gróðursælar brekkur upp af selinu því en um fleira munaði, eins og heimildarmaður af þessum slóðum skrifaði m.a.:

Parna er mikill þari og var féð einkum sólgíð í eina tegund sem þar vex og kölluð var kjarni og er eflaust kjarnafæða. Ærnar voru taldar mjólka vel af kjarna en þær voru oft mjólkaðar fram yfir veturnætur vegna þess að alltaf var ungabarn á heimilinu og stundum ekki í annað hús að vanda til að ná í mjólkursopa fyrir það því stopult var með nyt kýrinnar.<sup>39</sup>

Þótt ekki hafi verið gerð nákvæm gróðurgreining á landinu virðist ekki vera um umtalsverðan mun á gróðurtegundum selhaga og heimalanda. Ég get mér þess til að munurinn sé fremur þroskamunur gróðurs tengdur hæð yfir sjó og snjóalögum, eins og þegar hefur verið nefnt: að seinna hafi sprottið frammi á sellöndunum og beitargróður því yngri og næringarríkari en gróður heimalanda þegar fram á selstöðutímann kom. Hér þyrfti þó að kafa dýpra eins og alþýðufræðin benda til:

Taka má dæmi um seljaþyrpinguna í Keldudal sem liggur fremst á láglandi dalsins um það bil klukkustundar gang frá neðstu bæjum. Upp af seljaþyrpingunni til SV liggur hvilftin *Álftaskál* en í henni var talið vera kostamesta beitiland dalsins . . . „Það var talið af mörgum eitt besta sumarbeitiland í Dýrafirði. Þarna er mjög fjölbreyttur gróður, brok, stargresi, víðir, fjalldrapi og birki mun hafa lifað þar lengst á láglandi í

Keldudal“, skrifaði síðasti bóndinn í Hrauni.<sup>40</sup> Svipuð er sagan af Núpsdal þar sem landkostir voru taldir „svo langtum betri en heimabeitin að sjálfsagt var að hafa féð þar.“<sup>41</sup> Þar var einnig átt við landrýmið sem heima við var víða af skornum skammti, ekki síst þar sem mörg býli voru saman í þyrpingum svo sem í Hrauni, Haukadal, Hvammi, og Hjarðardals- (Bakka-) og Núpsþorpum.

„Sú fyrsta og helsta nytsemd af selverum málnytupenings á sumardag og sérlegasti tilgangur þeirra, sem þær brúka, er, að hafa því meiri mjólk og kost af honum sem selstöðurnar eru tíðast betri heimahögunum“, skrifaði sr. Guðlaugur prófastur Sveinsson í Vatnsfirði árið 1786. Hann var einn helsti talsmaður seljabúskapar á endurreisnarárum íslenskra atvinnuhátta á ofanverðri átjándu öld. Og presturinn rakti dæmi um það hvernig landgæðin gátu endurspeglast í nyt búpeningsins:

Eg hefir sjálfir verit á þeirri jörd í 14 ár [hér mun átt við Kirkjuból í Langadal þar sem sr. Guðlaugur bjó árin 1766-1780], hvar búsmali gjörði þriðungi minna gagn heima enn í selinu, hvar eg árlega lét mínum peningi hallda, alloptazt frá Fardögum til Høfuddags; en viza og heyrði adra segia, sem þar áðr búit höfdu, at eigi hefdu þeir meir enn frekliga helmíngs gagn af peningi sínum haft, þá honum gátu eigi í sel komit.<sup>42</sup>

Í sömu átt hneig mun yngri alþýðureynsla af Ingjaldssandi. Fólk, sem um og uppúr fyrri aldamótum bjó á Hálsi, fremsta bænum á Sandinum, í áratug eða lengur, „sagðist hafa fengið 20 merkur af smjöri og 2 fjórðunga af skyri, undan ánni að meðaltali, en á neðri bæjum á Sandinum 14 til 16 merkur.“<sup>43</sup> Má ímynda sér hverju þessi munur skipti í magni lífsnauðsynlegra afurða

<sup>40</sup> Guðmundur Sören Magnússon frá Hrauni í bréfi til BG 3. maí 1982.

<sup>41</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 27. október 1980.

<sup>42</sup> Guðlaugur Sveinsson: „Um selstöður og þeirra nytsemi“. (1786), 196-197.

<sup>43</sup> Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni í bréfi til BG 27. október 1980.

<sup>38</sup> *Egils saga* (1981), 73.

<sup>39</sup> Guðmundur Bjarnason: *Frjálsa, glaða líf* (1993), 18.

– „á hvörju landbúenda velgengni ecki sízt riðr, sem hér má þarfnaz miólkur, smiørs, skyr, sýru, feitara sláturs og fleira“ – svo aftur sé gripið til orða sr. Guðlaugs í Vatnsfirði.



Ekki er marktækur munur á meðalvegalengd frá bæ að seli á milli sveitanna, metinni í áætluðum gangtíma; í Þingeyrarhreppi er hún 40 mínútur að meðaltali en 8 mínútum lengri í Mýrahreppi; staðalfrávikin eru svipuð, um 20 mínútur. Skemmst hefur gangan verið 15 mín en lengst um 90 mín, bil hin sömu í báðum sveitum. Í Dýrafirði hefur því selförin ekki verið viðlíka fyrirtæki og til dæmis hefur verið lýst í helstu seljalöndum, svo sem Noregi, þar sem hún var víðast meiri háttar fyrirtæki, markað af miklum og fornum hefðum, að hluta eins konar sumarhátíð – *buföring* – sem listamenn hafa myndgert margvíslega, meðal annars þemað þar sem *Seterferden blir en vakker vandring i et vakkert landskap*.<sup>44</sup> Við Dýrafjörð var meðal seljavegurinn álíka langur og gerðist í Færeyjum og selin lágu álíka hátt yfir sjó.<sup>45</sup>

Daugstad hefur bent á að selför við norskar aðstæður hafi verið „mostly a vertical movement“<sup>46</sup> – farin til hærra liggjandi beutilanda. Slíku var ekki til að dreifa í sama mæli hérlendis, því réðu náttúrulegar aðstæður. Órannsakað er þó hver hæðarmunar á milli heimabæjar og selja hefur almennt verið hérlendis. *Reykholtsel* í Borgarfirði er t. d. í 160 m hæð yfir sjó<sup>47</sup> en heimabærinn í vart meira en 60 m hæð. Má því ráða að þar hafi með selför allt eins verið leitað eftir landrými og beitarkostum tengdum hæðarmun lands. Á sömu lund má álykta hvað dýrfirsku selin varðar. Heimabæirnir eru flestir í 20–60 m hæð y.s. og aðeins örfá sel nálgast 200 m hæð. *Sveinseyrarselið* liggur hvað hæst, í um

240 m hæð yfir sjó. Af landfræðilegum ástæðum er hæðarmunur bæjar og sels mestur á dýrustu jörðunum (metnum í jarðarhundraðum), sem varla telst til tímamótavísinda þar sem jarðarstærð (inn til dalanna) réði miklu um hundraðamat jarðanna.

## Legu seljanna – liður í skipulegri nýtingu landkosta?

Þegar skoðuð er legu selstæðnanna í landi hveðrar jarðar virðist koma fram regla um nýtingu gróðurlendis jarðarinnar sem á einfaldan hátt má skýra með eftirfarandi mynd:



*Ferhyrindi flöturinn táknar landareign jarðarinnar,  $F_J$ . Stærri hringurinn táknar það land sem málnytupeningur getur nýtt til daglegrar beitar á milli mjalta,  $F_B$ . Minni hringurinn táknar tún og heyskarparland heima við bæ,  $F_H$ . Við nýtingu landsins frá bænum einum – efri mynd – svarar nýtanlegt beutiland til flatarins  $F_B - F_H$ . Við nýtingu lands frá bæ annars vegar og seli hins vegar – neðri mynd – er nýtanlegt beutiland hins vegar stærra sem nemur fletinum,  $F_H$ . Heimalandið er með öllu friðað fyrir beit búfjár úr selinu. Hér er aðeins tekið tillit til flatar beutilands en ekki hugsanlegs mismunar á gæðum þess.*

<sup>44</sup> Daugstad: *Mellom romantikk og realisme*. (1999), 176.

<sup>45</sup> Lucas: „Pálstóftir: A Viking Age Shieling in Iceland“. (2008), 94.

<sup>46</sup> Daugstad: „The location pattern of summer farms (seters) in Norway“. (2005), 2.

<sup>47</sup> Benedikt Eyþórsson o.fl.: „Natural Resources – Access and Exploitation“. (2018), 216.



Landnýtingarháttunum tveimur, sem lýst er með tákmyndinni hér að framan, fylgdi nokkur mismunur á tilkostnaði: Selstaðan kostaði sérstök mannvirki (selhús o.fl.), og hún kostaði einnig meiri mannafla. Tvennt gat auðveldað það. Stórum búum og mannmörgum hefur reynst auðveldara að koma upp, halda við og halda úti selstöðum. Minni bú og fámennari heimili gátu sameinast um selför. Til þess benda raunar seljaþyrpingarnar í Keldudal, Haukadal, frá Hvammi og á Hjarðardal. Þótt hús hafi ekki verið sameiginleg varð þó vistin bærilegri þar sem fleiri voru að störfum – meiri *sel-skapur!* Ekki er heldur ósennilegt að samvinna hafi verið um einstök verk, svo sem hjásetu og jafnvel mjaltir. Frásögn bónda af Ingjaldssandi greinir frá því að fólk hafi komið ám í kvíar hjá öðrum, sem til þess höfðu aðstöðu, gegn samkomulagi um hvað látið var til baka af afurðum í skyri og smjöri.<sup>48</sup> Vel er hugsanlegt að sá háttur hafi einnig verið tíðkaður á dögum selfaranna, og þá sem einn þátturinn af mörgum í því að nýta takmarkað landrymi og landgæði til að framleiða sem mest af mjólkurmeti og öðrum búsafurðum fólkinu til vetrarforða.

Ekki áttu allar jarðir við Dýrafjörð land til dala. Sumar voru og eru landluktar. Kom þá gjarnan til ítakaskipta varðandi landkosti sem nauðsynlegir voru til framfærslu heimilanna: beit, slægjuland, eldiviðartekju, aðgang að fjöru, lendingu og uppsátri báta o.s.frv. Ýmist kann þá hafa verið um formlegan samning að ræða, langa hefð eða munnlegt og tímabundið samkomulag. Eins og fara gerist gekk misjafnlega að halda samkomulag þótt oftast hafi það gengið snurðulítið. Tvö dæmi skulu tilgreind um ítakaskipti sem úfar risu um. Sameiginlegt dæmunum báðum er það að í hlut eiga jörð með aðgang að dal og jörð sem aðeins hafði land með fjarðarströndu. Dæmin segja því sitt um verðmæti dalbeitar í augum ábúendanna:

Fyrri dæmið er frá árinu 1570 en þá var komið á sátt á milli Alviðru og Núps um landamerki og gagnkvæm ítök. Gróið land Alviðru var og

er láglandi á norðurströnd fjarðarins en gróið land Núps teygir sig inn á langan og vel gróinn Núpsdalinn. Í sáttinni sagði meðal annars:

. . . aller þeir sem i Alvidru bigge. hvørt þeir være marger eda fair. a hveriu äre hafa frialsa selför med allan sinn pening ä Gnupsdal hvört är fra vordögum. og so langt framm ä haust sem þeir villdu. . . Svo og skilldu Alvidrumenn hafa selstödu ä Gnupsdal þar sem ad fornu hafde vered. og þar meiga giora hus effter þörfum sinum. og hafa þar til frialsa stungu og ristu þar a dalnum. lingrif og hrijrsrif a fyrrsogd hus til tröds effter þörfum. hier med torfskurd til Elldevidartaks so sem þeim þætte þarfna hvert är ä medann være vered i seleni. Skilldu Alvidrumenn meiga lata sin selhus ad frialsu standa þar ä dalnum hvert är. . .

Á móti þessu . . . skilldu Gnupsmenn med frialsu meiga hafa skipa uppsatur i fulla naudsyn i Alvidruland. . .<sup>49</sup>

Af orðum sáttagerðarinnar má marka að búhátturinn var forn, að selstaðan var mikilvæg, selmannvirkin líklega mikil en hugsanlega að einhverju leyti tímabundin, sbr. orðalagið „skilldu Alvidrumenn meiga lata sin selhus ad frialsu standa þar ä dalnum hvert ar.“ Heimild til eldiviðartöku á meðan verið væri í selinu gæti bent til þarfar vegna eldneytisfrekari mjólkurvinnslu þar, svo sem ostagerðar, sjá bls. 38.

Í landamerkjálýsingum Núps, Alviðru og Gerðhamra frá 1390 eru svipuð ákvæði og að framan getur en þá og raunar lengi síðar stóðu deilur um landamerki jarðanna.<sup>50</sup> Bornar hafa verið brigður á réttmæti landamerkjabréfsins – talið falsbréf – þótt sennilega megi ætla að það varpi samt nokkru ljósi á hlut selja og ítakaskipta á þessum tíma:

. . . aa alluijdra selfor og elldijuijd a gnuppsdal sem þarfna a haust framm . . .

. . . aa alluijdra manadar selfor og elldijuijdar amedann a gardhammradal nær sem wyll a

<sup>48</sup> Guðmundar Bernharðssonar frá Ástúni í viðtali við BG 28. febrúar 1981.

<sup>49</sup> Íslenzkt fornbréfasafn XV, 435.

<sup>50</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 233.



Á selinu frá Mýrum á Gemlufallsdal. Kví t.v. við lækinn, selrústir þar fjær, sem og til hægri, sjá uppdrátt á bls. 65. Myndin var tekin 22.7.2010.

sumur meður allann þeirra ppenijng sem ij alluijdru eru . . . <sup>51</sup>

Í staðinn átti Núpur að fá skipsuppsátur og naustgjörð fyrir neðan Fögrutröð hjá Kaldalæk en Gerðhamrar sextíu sauða beit um mánuð á Alviðrumýrar „nær sem a wetre will“.

Síðara dæmið varðar strandjörðina Mýrar og daljörðina Gemlufall, svo skírskotað sé til hliðstæðu úr fyrra dæminu. Eigendur Mýra munu hafa gert samning við eigendur Gemlufalls um að mega hafa í seli frammi á Gemlufallsdal en á móti því kæmi viku mótak fyrir Gemlufallsmenn í Hrólfsnaustum sem eru í landi Mýra og þar skammt frá sjó. Á grundvelli þessa samnings reistu Mýramenn sel á Gemlufallsdal. Selráðskonunum, sem voru heimasætur frá hvorum bæ, lenti saman vegna þess að Gemlufallssmalinn taldi sig engan

frið fá með sitt fé fyrir smalanum frá Mýrum og hjörð hans. Kvöld eitt kemur Mýraseljan framan úr seli og finnur Gemlufallsseljuna sem er að þvo mjólkurtrog sín við Litladalsá, og skyldi nú gera út um málin. Fór svo að Gemlufallsseljan flengdi stöllu sína frá Mýrum upp úr ánni að smalanum ásjáandi. Upp frá þessu fóru Mýramenn að falast eftir beitilandi þarna á dalnum til eignar.<sup>52</sup>

Engin dæmi hef ég fundið um sambærileg ítakaskipti í Þingeyrarhreppi.

### Sýnilegar minjar um selin

Á langflestum seljanna reyndust minjarnar enn vera allvel og sums staðar mjög vel sýnilegar. Með nokkurri einföldun hér í byrjun má segja að ganga mætti að seljaminjunum eftir þrennum bendingum:

<sup>52</sup> Ragnheiður Stefánsdóttir á Þingeyri í bréfi til BG í júní 1982.

<sup>51</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III, 447-448.





Selið frá Kirkjubóli sem enn grænkar betur en flest önnur við Dýrafjörð. Heyja mátti í Seljamýrinni framan við selið. Myndin var tekin 1.9.2006.

- selið stendur á þurrlandri grasi- eða lyngvaxinni smáhæð eða hól sem gjarnan er grænkar meira en umhverfið
- frá selinu sér allvel til umlykjandi beutilands
- selið stendur skammt frá læk eða á.

Lesi má mannvirkjaskipan flestra seljanna af yfirborði þeirra. Fram á síðustu ár hefur búfjárbætt hjálpað til við að halda aftur af sinumyndun á þeim og viðhalda grænkustigi þeirra. Frumorsökinn er næringarríkt umhverfi á selstöðunum sem rekja má til umferðar og áburðar selpenings á fyrri tímum. Má geta sér þess til að umsvif á seli hafi verið þeim mun meiri og langærri sem grænka selstöðunnar miðað við nánasta umhverfi hennar í dag er sterkari. Aldur seljanna, eða öllu heldur tíma frá síðustu notkun þeirra, má því að vissu marki ráða af grænkustigi seltóftanna á hásumri, en einnig af gróðurfari. Einfalt mat var því lagt á grænkustigið og er það tekið með í lýsingu

seljanna með uppdráttum af þeim, sjá bls. 52-69. Þannig eru dæmi um seljatóftir sem hægvoxta lynggróður hefur breitt sig yfir, eins og t. d. á seljunum frá *Hólum*, *Hofi*, *Botni* og á *Fornaseli* á Hjarðardal og Gerðhamradal. Má því ætla að þau séu mjög gömul.

Annað atriði vekur athygli þegar skoðaðar eru grunnmyndir seljanna en það er hve fjöldi stakra tófta á hverju seli er misjafn en víða mikill. Ein skýring á því er sú að þar kunni að hafa verið sett eins konar *seljaþorp*: að frá margbýla jörðum eða nágrennajokum hafi nauðsynleg selmannvirki verið sett saman í þyrpingu, bæði til sparnaðar og til þess að gera selvistina fólki bærilegri. Seljaþorp eru þekkt héraðs; t.d. eru skráðar minjar um þau í Kelduhverfi.<sup>53</sup> Í Noregi hafa þau einnig tíðkast, gjarnan með félagsrekstri (*seterlag*).<sup>54</sup>

<sup>53</sup> Margrét Hermanns Auðardóttir: „Vegna fornleifaskráningar í Kelduneshreppi og Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum“. (1994), 2.

<sup>54</sup> Reinton: *Sæterbruket i Noreg I* (1955), 45-50.

Ekki er þó hægt að taka fyrir að einstakar tóftir séu frá mismunandi tíma. Á nokkrum seljanna mátti bæði sjá óljósar minjar eldri mannvirkja sem og sýnileg merki um að byggt hafði verið á grunni eldri mannvirkja. Á þetta t. d. við um Svalvoga, Brekku, Ytri Lambadal, Hjarðardal (mið- og austasta selið) og Núp, en frá breytingum mannvirkja þar verður sagt síðar. Má taka þetta sem merki um fleiri tímaskeið seljasögunnar þar sem menn nýttu augljóslega hleðslufni úr eldri mannvirkjum á selstöðunum til þess að endurbyggja mannvirkin að þörfum hvers tíma. Það hefur líka verið bent á að búháturinn hafi ekki verið samfelldur; að hann hafi legið niðri um lengri eða skemmri tíma en síðan tekinn upp að nýju.<sup>55</sup> Þekkt dæmi um það úr Dýrafirði verða nefnd síðar.

Eins og áður sagði var hvergi grafið í tóftir eða þeim á neinn veg raskað. Verður því ekki fullyrt um húsagerðina. Hins vegar mátti á allnokkrum stöðum sjá að veggir voru hlaðnir úr lagfelldu grjóti og torfi svo sem gert var allt til loka tímabils slíkra jarðarhúsa á svæðinu. Víðast hefur verið auðvelt um öflun grjóts þar eð mörg selin standa nærri ám er margar hafa borið með sér nothæft hleðslugrjót. Þó er það nú svo að maður undrast þá elju sem þurfti til þess að draga að hleðslugrjót: má nefna sem dæmi selið frá Söndum á Galtardal og selin frá Brekku og Hvammi. Mörg selin liggja þannig að auðvelt hefur verið að sjá til beitilandsins sem væntanlega hefur auðveldað smalanum að líta eftir hjörð sinni, svo hann þurfti ekki að hnappsetja ærnar „því þá datt úr þeim nytin.“<sup>56</sup>

Við mörg seljanna eru landkostir þannig að ekki sýnist hafa verið auðvelt að stinga eða rista torf í veggj og á þök. Af stærð og fyrirferð tófta er þó ljóst að á mörgum seljanna hefur gríðarlega mikil vinna farið í aðdrætti efnis og veggjahleðslu. Það hefur verið leiguliðum ærin fyrirhöfn að halda



*Brún af torfþekju á hlöðnum vegg selmannvirkis frá Hjarðardal bendir til þess að það sé með þeim yngri í firðinum; lagfellt grjót og torf í veggjum. Myndin var tekin 31.7.2012. Ljós.: ÁHBj.*

mannvirkjunum við svo sem leiguliðum bar að gera – auk viðhalds annarra jarðarhúsa. Stærstu tóftirnar á seljunum gefa í engu eftir tóftum margra jarðarhúsa að stærð. Óneitanlega segir það einnig sína hljóðu sögu um mikilvægi selstaðnanna.

Flestar voru seljatóftirnar orðnar það máðar að fátt var ráðið um húsagerð. Á að minnsta kosti tveimur seltóftum mátti þó enn sjá allglögg þakummerki. Ætla má að það sé á þeim sem hvað síðast voru í notkun. Bæði dæmin voru í Mýrahreppi: Í Mýraseli mátti á einni tóft greina þekjuför í hliðarveggjum og í seltóft frá Höfða markaði enn fyrir gaffhlaði með förum eftir mæniás eða annan burðarbita. Það var sýnilega ekki gamalt mannvirki og gæti raunar verið það sel sem Sighvatur Borgfirðingur segir í dagbók sinni að hann hafi hjálpað bróður sínum og nágranna við að rista upp á sumarið 1873.<sup>57</sup>

Fátt verður annars fullyrt um gerð selhúsanna. Vegna takmarkaðs notkunartíma á hverju ári og það hlýjasta tíma þess er freistandi að geta sér þess til að húsagerðin hafi verið einföld, eins og áður sagði um hið forna sel frá Vatnshorni í Skorradal:

<sup>55</sup> Árni Daniél Júlíusson: *Af hverju strái* (2019), 182.

<sup>56</sup> Guðmundur Bjarnason: *Frjálsa, glaða líf* (1993), 36.

<sup>57</sup> Sighvatur Grímsson Borgfirðingur: *Lbs. 2374 4to, Dagbók*.

að menn hafi nánast reft yfir tóftir hinna smáu selhúsa, jafnvel með efni, svo sem viðum og dúkum, sem fluttir voru heiman frá bæ sumar hvert. Orðalag sáttagerðar á milli Alviðru og Núps, sem fyrr var nefnd, þar sem sagði: „Skilldu Alvidrumenn meiga lata sin selhus að frialsu standa þar á dalnum hvert ar“,<sup>58</sup> má skilja á þann veg að hér hafi ekki verið um „varanleg“ mannvirki að ræða í hinum hefðbundna skilningi heldur eins konar „árshús“. Ekki má þó útiloka þann skilning að það hafi verið árshús sem Núps-mönnum hafi verið óheimilt að nota utan seltímans.

### Stærð og gerð selhúsanna

Þorvaldur Thoroddsen lýsti algengri húsaskipan íslensku seljanna þannig:

Voru selhúsin vanalega þrjú, íveruhús eða svefn sel, eldhús og búr, og mun sá húsaföldi hafa haldist síðan í fornöld, þó sum selin bæði fyrr og síðar hafi verið fátæklegri.<sup>59</sup>

Samhljóða eru seinni tíma lýsingar á vestfirskum seljum: Reykjarfjarðarseli<sup>60</sup>, Vatnsfjarðarseli<sup>61</sup> og seli frá Hvallátrum.<sup>62</sup> Fyrri hluti lýsingar Þorvaldar fellur að þeirri sem Reinton hinn norski hafði um *fullsæter* – og hér var kosið að kalla *alsel*, sjá hér frammar, bls. 3. Páli Zóphóníasson kennari við Bændaskólann á Hvanneyri fyrir las nemendum sínum veturinn 1919-1920:

Einföldust voru selin þegar þau voru hólfuð í tvent. Voru herbergin kölluð útsel og inn sel. Í útselinu sem var frammar, og maður kom fyrst inn í, var öll eldamennska, en í innselinu svaf fólkið og þar var maturinn geymdur. Í innselið var gengið úr útselinu, en aldrei utan frá. Hjá þeim sem betur máttu sín voru selin í þrem herbergjum. Þá var eldað í miðherberginu, en fólkið svaf í öðru hinna.

<sup>58</sup> Ísl. fornbréfasafn XV, 435.

<sup>59</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III (1919), 210.

<sup>60</sup> www.sarpur.is ÞP 693 kk 1932, N.-Ís.


<sup>61</sup> www.sarpur.is ÞP 646 kk 1899, N.-Ís.

<sup>62</sup> www.sarpur.is ÞP 1741 kk 1890, V.-Barð.

Stundum voru heilir bæir í seljunum, og var þá alt fólkið á þeim við heyskap tíma úr sumrinu, vanalega voru tvær stúlkur í selinu og smali. Oft var húsmóðirin sjálf í selinu. Öll sel voru byggð úr torfi og grjóti og óþiljuð.<sup>63</sup>

Sé litið yfir uppdrætti seljanna, er vandséð að eitt form öðrum fremur móti skipulag selhúsanna. Frekast er það kvíin sem tengir selstöðurnar saman, eins og nánar verður komið að.

Frásögn Þorvaldar Thoroddsen um gerð selhúsa má skilja svo að um aðskilin mannvirki hafi verið að ræða. Hagkvæmara gat verið að hafa húsin öll samveggja og jafnvel undir sömu þekju til þess að spara efni og vinnu. Nokkrar seljagrunnmyndanna úr Dýrafirði sýna eimitt slíkt form: Tvær til þrjár tóftir hlaðnar í samstæðu. Telja má víst að þar hafi vist vinnufólks verið samfelld um seljatímamann og þá við vinnslu mjólkurinnar og eftir aðstæðum önnur verk, svo sem heyskap. Til er úttekt á *Sandaseli* á Galtadal frá árinu 1828 sem hér má taka sem dæmi. Þá voru selhúsin, þrjú að tölu,



*Selið frá Söndum. Megi marka lýsinguna frá 1828 var mjólkurhúsið til vinstri, svefnhúsið til hægri og eldhúskróin að baki því. Hver reitur á teikningunni svarar til 0,5 x 0,5 m. Samanburður mælingar, sem gerð var 3.9.1979 og úttekta 1828, bendir til þess að grunnflötur mjólkurhússins, á meðan það var og hét, hafi verið 1,27 sinnum stærri en mæling tófta þess, einni og hálfri öld síðar, gaf til kynna.*

<sup>63</sup> Páli Zóphóníasson: *Búnaðarsaga Íslands* I; Gunnar Guðjónsson nemandi við Búnaðarskólann á Hvanneyri skrifaði eftir fyrirlesturum Páls.





Guðmundur Grétar Guðmundsson hefur tyllt sér í kví vestasta selsins frá Hjarðardal 25.8.1981. Mikið, stórt og valið grjót í veggjum, grjót sem hvorki hefur verið áttakalaust að nálgast né byggja úr.

enn í góðu standi, enda í notkun allt til þess tíma<sup>64</sup>: . . . „mjólkurhús, svefnhús og eldhúskró. Stærst var mjólkurhúsið, fimm og hálfur til sex metrar á lengd og tæplega tveir á breidd.“<sup>65</sup> Við mælingu tófta var form Sandaselsins eins og myndin á bls. 17 sýnir:

Hvert hlutverk hvers mannvirkis á hinum ýmsu seljum verður aðeins ráðið af líkum. Freistandi er að ráða í líklegan innri grunnflöt selhúsa eftir mælingum á þeim. Tekinn var sá kostur að miða við stærstu tóft á hverju seli, sem sæmilega skýr var, aðra en kví sem víðast hvar skar sig allskýrt frá öðrum mannvirkjum. Niðurstöður mælinganna eru í eftirfarandi töflu:

*Flokkun ætlaðra selhúsa eftir grunnfleti stærstu tóftar á hverju seli*

	Pingeyrar- hreppur	Mýra- hreppur	Alls
Minni en 10 m <sup>2</sup>	10	8	18
10 - 20 m <sup>2</sup>	2	6	8
Meiri en 20 m <sup>2</sup>	3	0	3


<sup>64</sup> Sóknalýsingar Vestfjarða II (1952), 59.

<sup>65</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 131.

Til samanburðar á stærð selhúsa og bæjarhúsa má taka dæmi: *Baðstofa* á Kirkjubóli árið 1857 var talin vera 7 x 3 álnir að grunnfleti, sem er um 8,4 m<sup>2</sup>, tólf árum síðar var *baðstofa* þar talin vera 4½ x 3½ alin, þ.e. 20,2 m<sup>2</sup>. *Fjánhús* fyrir 14-18 fjár voru 5½ alin á lengd sem er 3,4 m. *Fjós* á Kirkjubóli árið 1857 var 4½ x 3½ alin, sem svarar til 3,0 m<sup>2</sup> og *nautahlaða* þar árið 1877 var 14 x 3½ alin, þ.e. 19,4 m<sup>2</sup>. Margar seltóftanna hafa því ekki gefið eftir stærðum jarðarhúsa heima fyrir.<sup>66</sup>

Hér þarf að hafa í huga muninn sem nefndur var hjá myndinni á bls. 17 og er tilkominn vegna þess að tóftir hafa sigið saman, hrunið og bætt á sig jarðvegi úr gróðurleifum. Á aðeins ríflega þriðjungu seljanna virðist stærsta húsið, samkvæmt þessari mæliaðferð, hafa verið meira en 10 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Mismunur grunnflatar selhúsanna virðist einkum hafa legið í lengd þeirra því flest voru þau um 2 m á breidd. Hneigðar gætti til þess að grunnflötur stærstu tóftanna fylgdi bæði fjölda tófta á hverju seli ( $r^2 = 0,08$ ) og jarðardýrleika ( $r^2 = 0,09$ ) en ekki reyndist fylgnin vera tölfræðilega

<sup>66</sup> Stærðir bæjarhúsa eru samkvæmt úttektum á Kirkjubólis-jörðinni, allri eða hluta hennar; afriti af þeim í vörslu BG.



Fjöldi færíkvía í Þingeyrar- og Mýrahreppum. Byggt á gögnum í Hagskinnu (1997).

marktæk ( $P > 0,05$ ). Meðalgrunnflötur stærstu tóftar er hinn sami beggja megin fjarðarins þótt breytileikinn sé misjafn. Í Mýrahreppi virðast stærstu tóftirnar vera mjög áþekkar að grunnfleti ( $8 - 15 \text{ m}^2$ ) en í Þingeyrarhreppi hafa sýnilega verið fleiri stór selhús en líka fleiri mjög lítil.

Athugaður var fjöldi sýnilegra mannvirkja á hverju seli og hann tengdur dýrleika viðkomandi jarðar, í jarðarhundruðum. Fylgni gildanna var marktæk ( $r^2 = 0,26$ ;  $0,05 > P > 0,01$ ) þótt breytileiki væri mikill. Grunnþörf mannvirkja á seli ætti hvað fjölda snertir að vera hin sama hvort heldur jörð taldist stærri eða minni. Stærð mannvirkjanna ætti hins vegar að endurspeglar umfang starfseminnar á selinu, bæði í gripafjölda og nauðsynlegum mannafla. Vaxandi fjöldi selmannvirkja með jarðardýrleika endurspeglar líklega ábúðarhætti og rekstursform seljanna. Á stærri jörðunum voru jafnan fleiri ábúendur en á hinum smærri og hver ábúandi kann fremur að hafa kosið eigin selhús en eiga hlut að samlagsseli –sameignarhúsum, þó varla hafi það fallið vel að ríkjandi ábúðarhættum (leiguábúð – tíðum búferlum).

Mjaltakvíar voru sýnilegar á þorra selstaðnanna: Allar höfðu þær mjög svipað form; aflangar og mjög áþekkar að breidd – um það bil  $1,9 - 2,0 \text{ m}$  (sem er nálægt 3 álnum). Hin fasta breidd gerði það að verkum að ærnar röðuðu sér jafnan upp þannig að auðvelt var að mjólka þær.

Lengd kvíanna var hins vegar mismunandi en af henni má áætla þann fjölda áa sem rúmast gat í hverri þeirra. Þétt saman má gera ráð fyrir að þrjár afteknar (rúnar) mjólkurær komist á lengdarmetrann og örugglega fimm ær á hverja tvo metra.

Miðað við þau mannvirki, er örugglega mátti ætla að væru kvíar, reyndist meðallengd þeirra vera  $5,2 \text{ m}$  ( $\pm 1,5 \text{ m}$ ) í Þingeyrarhreppi (8 kvíar) og  $7,9 \text{ m}$  ( $\pm 3,0 \text{ m}$ ) í Mýrahreppi (9 kvíar). Vestan fjarðarins var nokkur fylgni með lengd kvíanna og dýrleika jarðanna ( $r^2 = 0,38$ ;  $P \sim 0,10$ ) en norðan fjarðar var hún afar veik. Meðallengd greinilegra kvía var  $6,6 \text{ m}$ . Miðað við tvístæðingsformið sbr. mynd á bls. 42, og áður nefnda rýmispörf má því áætla að um 40 mjólkurær hafi komist í meðalkvína.

Lögun kvíanna var áþekkt en greina mátti mun á byggingarefnum: Kvíar Mýrahrepps seljanna voru flestar nær eingöngu úr grjóti og veggir því ógrónir, fremur einfaldar að hleðslu og kvíarnar fæstar grafnar niður. Í Þingeyrarhreppi voru þær fleiri niðurgrafnar og flestar vallgrónar. Lá því beinast við að álykta sem svo að vestan fjarðar væru þær eldri.

Glöggar kvíar voru algengari við selin í Mýrahreppi við en sel vestan fjarðar. Þegar hefur komið fram að nokkur sel voru enn í notkun á ofanverðri nítjándu öld, flest í Mýrahreppi. Ég kem betur að því síðar en í ljósi hugsanlegs

munar á aldri kvíanna sitt hvorum megin fjarðar má skoða búhátt sem til sögu kom upp úr miðri nítjándu öld: notkun færíkvíanna. Byggt á búnaðarskýrslum virðist nefnilega hafa verið dálítill munur á fjölda þeirra á milli hreppanna: Í Þingeyrarhreppi voru þær fleiri eins og súluritið á bls. 19 sýnir. Það skyldi þó ekki vera að vestan fjarðarins hafi menn í meira mæli en Mýrahreppingar tekið upp færíkvíar til daglegra mjalta fremur en halda við selstöðunum?

### Hvað segja örnefni um selin og selstöðurnar?

„Örnefni eru minjar um mannlega starfsemi á liðnum tímum. Þau verða aðeins til þar, sem menn hafast eitthvað að“, skrifaði Magnus Olsen.<sup>67</sup> Í ljósi þess verður nú kannað hvað örnefni tengd seljum og selstöðum í Dýrafirði kunna að segja.


Fjöldi seljaörnefna, sem tengd eru stöðum og svæðum í nágrenni seljanna, má ætla að geti verið nokkur mælikvarði á það hversu gróinn og umfangsmikill búhátturinn hefur verið á hverri jörð. Þar sem langt er síðan hátturinn var lagður af eða lítið fór fyrir honum má ætla að seljaörnefni hafi horfið úr munni fólks og/eða að forsenda hafi ekki verið fyrir myndun þeirra. Vissulega getur samfella ábúðar á einstökum jörðum hafa haft áhrif á það hversu vel örnefni bárust á milli ábúenda og kynslóða. Nábyli og mikil umferð fólks um landið vegna nýtingar þess ætti þó að hafa ýtt undir góða varðveislu örnefnanna.

Byggt á örnefnaskrá jarðanna<sup>68</sup> reyndust 2,4% allra örnefna á jörðunum tengjast seli, heldur hærrí hlutur í Þingeyrarhreppi (2,8%) en í Mýrahreppi (2,0%). Engin selja-tengd örnefni reyndust vera á 6 jörðum í Þingeyrarhreppi en 8 jörðum í Mýrahreppi. Hneigðar gætti til þess að seljaörnefni væru þeim mun fleiri sem jörðin var metin dýrari (í jarðarhundruðum), bæði heildarfjöldi seljanafna á hverri jörð sem og hlutfall

þeirra af fjölda allra örnefna á viðkomandi jörð. Gæti það bent til þess að umfang seljabúháttarins hafi verið þeim mun meira sem jarðirnar voru stærri.

En hvað má svo lesa úr örnefnum sjálfum? Seljaörnefni í Dýrafirði virðast, rétt eins og í flestum öðrum héruðum, einkum vera tvenns konar: Annars vegar eru það sérstök heiti seljanna sjálfra, sem oftast hafa viðkomandi bæjarnafn að forlið, t. d. *Hólasel*, *Sandasel*, *Botnssel* og *Mýrasel*. Það geta einnig verið nöfn til aðgreiningar fleiri selja frá sama bæ, sbr. *Fornasel*, *Nýjasel*, *Gamlasel*, *Heimrasel*, *Fremrasel*. Hins vegar eru það örnefni staða og svæða í nágrenni selstaðnanna sem einkum hafa verið notuð til staðsetningar í samræðum fólks um land og umhverfi, til dæmis *Seljalækur*, *Seljalágar*, *Selbali* og *Seljahvilft*.

Úr flokki seljaheitanna virðist einkum mega lesa tvennt: hugsanlegan aldursmun seljanna og staðarmun. Sé fyrst vikið að hinum síðarnefnda má á einni jörð, Meðaldal, finna dæmi um tvenn sel sem hugsanlega hafa verið í notkun samtímis. Þar eru örnefni *Heimrasel* og *Fremrasel*. Í Noregi þekktist það að sel í mismunandi hæð væru nýtt frá sama bæ: Var þá fyrst flutt í lægra setta selið en þegar lengra leið á sumarið var farið í herra liggjandi sel,<sup>69</sup> líklega til þess að nýta stigul



Tilgáta um landnýtingu. Hringirnir þrír í Meðaldal – frá húshaga heima við bæ (nyrst – efst), um selhagana frá Heimrasel (í miðju) til selhaga Fremrasels (syðst – neðst).

<sup>67</sup> Olsen: *Þættir um líf og ljóð* (1963), 12.

<sup>68</sup> Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

<sup>69</sup> Daugstad: *The location pattern of summer farms (seters) in Norway* (2005), 2.





*Fornuselin, sem svo heita, eru nokkur. Þetta er Fornasel á Hjarðardal 2.8.2020. Heiðar Smári Ísgeirsson situr á vegg kvíar eða selhúss, sem orðinn er lynggróinn og mjög siginn saman við umhverfi sitt. Góðir hagar eru í næsta nágrenni selsins.*

gróandans sem best. Hliðstæð hérlend dæmi eru þekkt t.d. frá Ljárskógum í Dölum. Þar voru þrenn sel eftir aldamótin 1700 er báru nöfnin Neðstasel, Miðsel og Fremstasel, í 5, 10 og 17-18 km fjarlægð frá bæ, öll talin notuð samsumars.<sup>70</sup>

Úr dæminu frá Meðaldal má einnig lesa hyggilegan landnýtingarhátt, sjá myndina hér á eftir. Með álíka löngum geisla út frá hverri miðstöðvanna þriggja, *Meðaldals*-bæ, *Heimraseli* og *Fremraseli*, verða til þrjár hringir sem saman þekja allt gróið land jarðarinnar. Nú getur það verið hrein tilviljun þótt um það sé ég ekki sannfærður:

Var þetta ekki grundvallarhugsunin við staðarval seljanna – að fullnýta takmarkað gróðurlendið með kerfisbundnum hætti án óþarfa rekstrar eða ráps málnytupeningsins, sem jafnframt var þá haldið fjarri húshögum, svo notað sé áður nefnt orðalag Jónsbókar? Tilgátan gæti því verið sú að gróðurlendinu hafi með sínum hætti verið skipt í *húshaga* og *selhaga*, þannig að til alls

gróðurlendisins mætti ná með hóflegri fyrirhöfn málnytupenings til beitarleitar og vinnufólks til gangs og flutninga.<sup>71</sup> Húshaginn var einkum slægjulönd (tún) og takmörkuð sumarbeitt t. d. fyrir kýrnar en selhaginn beitolönd með takmörkuðum slægjulöndum (engjar og útheyskapur) og eftir hætti öðrum landnýtingarkostum (mótekja, grasatekja o.fl.).

Þótt tilgátumyndin sé hvað skýrust í Meðaldal virðist mega greina hana á fleiri bæjum, eins og nánar verður komið að.

Lesi má aldursmun seljanna úr nöfnum nokkurra þeirra. Hann endurspeglar m.a. í nöfnunum *Fornasel/Gamlasel* og *Nýjasel*. Um þau eru dæmi frá þremur jörðum, að minnsta kosti: Arnarnúpi (*Fornasel/Nýjasel*), Hjarðardal fremri (*Fornasel*),

<sup>71</sup> Hér má meðal annars vísa til og byggja á staðhæfingu Árna Daniéls Júlíussonar í grein hans, „Peasants, aristocracy and state power in Iceland 1400-1650“, sjá [http://www.akademia.is/cahd/issue\\_2.pdf](http://www.akademia.is/cahd/issue_2.pdf). Þar bendir Árni Daniel á að íslenskir búnaðarhættir (agricultural system) hafi verið tilbrigði hins tvískipta skandinavíska búnaðarforms, „infield – outfield system“ – forms sem fól í sér nýtingu nærlendis- og fjærlendiskosta hverrar jarðar.

<sup>70</sup> Hallgrímur Jónsson: *Hver einn bær á sína sögu* (1983), 62-63.





*Sel nágrannajarða voru gjarnan sett þannig að stutt væri á milli þeirra. Þarna má sjá Gerðhamrasel fremra nær og Gamlasel frá Arnarnesi fjær. Þar fram og til hægri liggur Smjörhlíð, rómað beitiland. Myndin var tekin 1.8.2020.*



*Dæmi um nábyli selja á Kirkjubólsdal. Selið frá Hofi nær en handan árinna er selið frá Kirkjubóli 22.8.2020.*

Felli (*Fornasel*)<sup>72</sup> og Arnarnesi (*Fornasel* og *Gamlasel*). Gróður á tóftum þessara „gömlu“ selja styður líka gruninn um háan aldur þeirra: Tóftirnar eru orðnar mjög samgrónar umhverfi sínu og sumar, t. d. í *Fornaseli* á Hjarðardal, eru að hluta vaxnar lyngi og fjalldrapa, þ.e.a.s. tegundum sem eru lengi að nema nýtt land.

Það virðist vera einkenni hinna „gömlu“ selja að þau liggja stök í landi viðkomandi jarða og virðast því ekki vitna um seljabyrpingar. Það útilokar þó ekki að selförin hafi verið sameiginleg frá fleiri heimilum á sömu jörð. Einhverjar breytingar búháttá eða félagsgerðar virðast hafa orðið sem leiddu til þess að „nýju“ seljunum var valinn annar staður en hinn „forni“. Sérkenni sýnilegra minja *fornuseljanna* (stærð og lega) gætu bent til þess að þau séu frá tíma stærri og fjölmennari heimila – hugsanlega með rætur allt til landnáms – en að með fjölgandi heimiliseiningum og lækkandi tölu heimilismanna hafi selmannvirkjum nágrannajarða verið þjappað meira saman til samvinnu og selskapar.

Vel þekkt er að örnefni benda til sérstakra gæða eða eiginleika landsins. Á nær fjórðungi jarðanna kemur fyrir örnefni með orðið *smjör* sem forlið en þar hefur þótt vera sérlega kostamikil beit. Örnefnið *Smjörhlíð* er til dæmis á Gerðhamradal. Þangað liggja fjárgötur frá *Gamlaseli* er tilheyrði jörðinni Arnarnesi. Á *Gamlasel* er um eða ríflega klukkustundar gangur frá bæ. „Þar er mjög gott beitiland“ segir í örnefnaskrá<sup>73</sup> og er til staðfestingar á beitargildi gróðurs framdalanna sem áður var lýst. Þá er *Smjörhvilt* framan við selin frá Hvammi á Ausudal. Þar var í manns minni setið yfir kvíaám.<sup>74</sup>

## Búféð í seljunum?

Allur snerist seljabúskapurinn um búféð sem gefið gat mjólk – málmytupeninginn. Því er tímabært að grafast fyrir um búfjáreign bænda við Dýrafjörð á

tímum seljanna. Vissulega eru heimildir um hana mjög takmarkaðar en tölur *Jarðabókarinnar* frá 1710 geta ef til vill gefið bendingar sem styðjast má við. Því er eftirfarandi tafla gerð:

*Ábúð og áhöfn jarða í Þingeyrar- og Mýrahreppum árið 1710.*

	Ábúendur á jörð	Jarðar- hundruð		Á heimili	
		á ábúanda	kýr	ær	sauðir
Þingeyrar- hreppur	1,9	13,6	2,9	17,1	17,6
Mýra- hreppur	1,8	15,5	2,6	18,3	24,9

Nær því tveir ábúendur sátu hverja jörð að meðaltali. Bústofn hvers heimilis (= ábúanda) var svipaður í báðum hreppum. Þó var sauðaeign Mýrhreppinga meiri, komið verður betur að henni síðar.

Af töflunni má ráða að framleiðslugrunnur heimilanna hefur skipst jafnt á kýr og ær: 5,9 ær/kú í Þingeyrarhreppi og 7,0 ær/kú í Mýrahreppi en viðmiðun fyrri tíma var að 1 kýr „að öllu sem lög skipa í fardögum“ svaraði til 6 áa, „tvær tvævetur, hinar ei eldri en 6 vetra.“<sup>75</sup> Innan ársins var framleiðsla kúa og áa misjöfn: Ærnar lögðu til sumarmjólkina, frá fráfarum og fram á haust; kýr um ársins hring þó hugsanlega hafi snemmbærur (haustbærur) verið algengari er þannig gátu lagt til nýmjólk yfir vetrartímamann.

Satt að segja er ekki auðsætt af gögnum þessarar athugunar hver samsetning mjólkandi gripa í seljunum var: kýr, ær eða kýr og ær. Minjar um kvíar var að finna á flestum seljanna en í þeim voru ær mjólkaðar. Kýr mátti hins vegar mjólka á einföldum stöðli. Sú bráðabirgða fullyrðing er því fremur byggð á tilfinningu en rökum að mjólkurærnar hafi verið bústofninn sem selförin snerist mest um – að minnsta kosti á seinni tímaskeiðum þeirra. Í Holtsseli, sem í notkun var fram á seinni hluta nítjándu aldar, voru „kýr

<sup>72</sup> Bergur Torfason á Felli í tölvubréfi til BG 13. apríl 2020; örnefnið *Fornasel* er þar, án sjáanlegra minja.

<sup>73</sup> Örnefnaskrá. Arnarnes/Guðný Gilsdóttir.

<sup>74</sup> Örnefnaskrá. Hvammur/Jón Fr. Arason, Þorbergur Steinsson og fleiri.


<sup>75</sup> *Búalög* 1775 (1966), 26-27.



aldrei hafðar í selinu“, að sögn heimildarmanns.<sup>76</sup> Hugsanlega var svo einnig á fleiri seljum á síðasta skeiði þeirra á þessum slóðum?

Með hliðsjón af vinnu við mjaltir og mjólkurmeðferð er afar ósennilegt að mjólkað hafi verið bæði heima á stöðli (og þá kýr) og í seli (ær eða ær og kýr) – að bústofninum hafi verið skipt. Þannig segir um Núp í sóknalýsingu frá 1847: „Þar er kostasamt land á dalnum og *allur peningur* [lbr. mín] þar hafður oftast í seli.“<sup>77</sup> Í sáttagerð Núps og Alviðru, og landamerkjalyssingu við Gerðhamra, sem áður voru nefndar og öldum eldri, er samhljóða orðalag, sjá bls. 13-14.

Í byrjun síðustu aldar voru kýr frá Núpi reknar með kvíaánum inn á Núpsdal, „þó ekki alveg fram



Húshagar og selhagar í Keldudal, þar sem örnefni Geldingadalur og Lambaskál bæta við landnýtingarmyndina með athyglisverðum hætti.

<sup>76</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson: „Vinnubrögð í Holtsseli“. (1979), 141.

<sup>77</sup> Sóknalýsingar Vestfjarða II (1952), 76.

að seli . . . því heimabeit fyrir þær er mjög rýr“, skrifaði Haukur bóndi á Núpi.<sup>78</sup> Hugsanlega hafa beitarskilyrði ráðið nokkru um hvaða peningur var hafður í hinum einstöku seljum. Sum sellandanna hentuðu hreint ekki til kúabeitar sakir bratta eða hrjóstra, eins og sagði m.a. um Gerðhamradal: „Dalurinn er mjög hrjóstrugur og skriðurunninn, en gott er þar beutiland fyrir sauðpening, en miður fyrir kýr.“<sup>79</sup> Það má líka nefna að einungis sárafa örnefni jarðanna við Dýrafjörð tengjast kúm eða öðrum nautgripum – öndvert sauðfénu.

Aftur skal horfið að örnefnunum en nú með búféð og landnýtinguna í huga:

Í Keldudal má úr örnefnum lesa afar athyglisvert dæmi um nýtingu landkosta og þá með hliðsjón af staðsetningu seljanna. Sel bæjanna í dalnum standa þar í þyrpingu eins og áður hefur verið nefnt og í henni er *Nýjasel* frá Arnarnúpi. Hugsanlega hefur það á einhverju stigi verið flutt þangað frá *Fornaseli*, sem fyrr var nefnt, sennilega til þess að nýta kosti nábylis við sel annarra bæja í dalnum (frá Hrauni a.m.k.).

Reglan frá Meðaldal, sem áður var nefnd, endurtekur sig. Á Keldudals-myndinni má sjá



Sellandið í framanverðum Keldudal. Áltaskál til hægri en t.v. sér til Geldingadals og þar öndvert er Lambaskál, sjá líka myndina t.v. Selin kúrðu við ármótin fyrir miðri mynd sem tekin var 19.7.2010.

<sup>78</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 29. mars 1981.

<sup>79</sup> Sóknalýsingar Vestfjarða II (1952), 79.

hringina tvo – *húshaga* og *selhaga* – sem hvor um sig marka nýtingarsvæði gróðurlendis annars vegar frá stærstu býlum dalsins, Arnarnúpi og Hrauni, og frá seljabyrpingunni hins vegar, en hún stóð við ármót Langár/Geldingadalsár og Þverár úr Álftaskál. Í Áftaskál er eins og fyrr sagði afar gott beutiland – eitt það besta í firðinum, að talið var – svo líklegt er að ánum hafi ekki sist verið vikið upp þangað til beitar. Í dalbotninum eru hins vegar tvær hvilftar: *Geldingadalur* og *Lambaskál*. Nöfn þeirra gætu bent til þess að þar hafi hinn hluti fjárstofnsins haldið sig en fyrr á tímum skiptist fjárstofninn í þrjá nokkurn veginn jafnstóra hluta sem hver þurfti sérstaka umhirðu: ær, lömb og sauði.<sup>80</sup> Hér höfum við því sterkar vísbendingar um vel skipulagt landnýtingarkerfi í þessum annars harðbýla dal, opnum mót úthafi. Svipaða bendingu gefa *Geldinga-* og *Lamba-*örnefni á fleiri jörðum.

### Sagnir og ævintýri tengd seljunum

Með vissum hætti má segja að selin í landfræðilegu tilliti hafi verið á mærum hins þekkta og óþekkta – hins numda og ónumda; að selstöðurnar hafi verið á „a border landscape between culture and nature, the known and the unknown, the tame and the wild“, svo notuð séu orð Karoline Daugstad sem fyrr var nefnd.<sup>81</sup> Selin lágu flest á fáförnum slóðum, slóðum sem því voru flestum lítt og ekki kunn. Á þær slóðir átti almenningur ekki mörg önnur erindi.

Fremur fáar sagnir virðast hafa geymst um sel og selfarir í Dýrafirði. Það er einfaldlega liðinn svo langur tími síðan búháturinn taldist almennur. Þær fáu sagnir, sem lifað hafa og ég hef komist yfir, bera aftur á móti blæ þess sem Daugstad hefur tengt hugtakinu *grenseland*.<sup>82</sup> Það má kalla mæri – að sel og sellönd hafi legið handan mæra *menningar (kultur)* og náttúru (*natur*). Ef til vill

<sup>80</sup> Arnór Sigurjónsson: „Þættir úr búnaðarsögu“. (1970), 65.

<sup>81</sup> Daugstad: *The location pattern of summer farms (seters) in Norway* (2005), 4.

<sup>82</sup> Daugstad: *Mellom romantikk og realisme* (1999), 444. Sjá líka eftir sama höfund *The local pattern of summer farms (seters) in Norway* (2005), 4.

má ég styðja kenninguna eigin upplifun:

Um miðjan Kirkjubólssdal fellur fram skriða sem heitir *Hrossaskriða*. Heiman hennar voru beutilönd kúnna sem og engjar jarðarinnar. Hins vegar þurfti stundum að fara framar til öflunar útheys. Í máli heimafólks hét það að fara á *Dalinn*. Tilfinning mín, og að ég held heimilisfólksins, var að þá væri komið á framandi slóðir, enda fjarri bæ. Þar að auki var sú trú á svæðinu fremst í dalnum, sem stundum var farið til heyskapar á, að jafnan gerði þá illviðri. Örnefni þar voru svo sem ekki uppörvandi: *Draugshorn* (örnefni sem einnig er til í sambærilegum hluta Galtadals, næsta dals austan Kirkjubólssdals), *Illakelda*, *Djöflaskarð*, *Tröllagötur* og *Tröllárdalir*. Og á þessum slóðum lágu selin frá Kirkjubóli og Hofi. Síst er að undra að slíkt umhverfi kveiki sögur er bera blæ hins yfirnáttúrulega, dulúðuga og jafnvel hins ógnandi.

Við rölt á selstöðurnar við Dýrafjörð má vissulega fá tilfinningu fyrir því að maður sé staddur á mærum, bæði í skilningi landslags og umhverfis, en einnig í skilningi sögunnar eins og ráða má af þessari greinargerð. Á sólríkum sumardegi kann rómantíkin líka að fanga huga þess sem sest á tóftarbrot gamallar kvíar eða selhúss. Slíkir dagar hafa án efa líka komið yfir þá sem þarna unnu á sínum tíma. Því fór svo að í kringum selstúlkurnar spunnust ýmsar sagnir. Hér verður getið þeirra helstu sem ég hef fundið. Þeim má til hagræðis skipta í þrjá flokka:

### Selstúlkur – hreystikonur og kjarnakvendi.

Selstúlkurnar virðast sumar hafa getið sér orð fyrir hreysti og færleik megi marka munnmæli. Frásögnin á bls. 14 um beutilandadeilur selráðskvinnanna frá Gemlufalli og Mýrum eru til marks um það, en líka fleira:

Sú frásögn hefur lifað er hermir að selstúlkur frá Kirkjubóli og Meðaldal hafi heimsótt hverjar aðrar á milli mála.<sup>83</sup> Þótt selin á dölunum tveimur,

<sup>83</sup> Sögnin hefur lifað með heimilisfólki á Kirkjubóli.

Meðaldal og Kirkjubólssdal, standist nokkurn veginn á með Seljahvilftum til hvorrar hliðar í fjallinu á milli dalanna, er frásögnin harla ólíkleg því órofinn fjallgarðurinn skilur dalina að með Seljahvilftarfjallið liðlega 500 m hátt þar sem það er lægst. Tæpast hefur kvenfólk farið þannig með dýrmætan tíma sinn og skófatnað. Má þó vera að ein heimsókn hafi dugað til að kveikja söguna í hugum þeirra sem dáðu kjark kvenna er störfuðu í einsemd á seli fjarri heimabæ.

Sambærileg sögn hefur varðveist frá Alviðru: Þaðan var langur gangur fram á sel jarðarinnar á Núpsdal, jafnvel allt að 8 km. „Það sagði mér Ágúst Guðmundsson, bóndi og skipstjóri á Hrygg í Alviðruþorpi, – d. 1948“, skrifaði staðkunnugur heimildarmaður,<sup>84</sup> „að oft hefðu konurnar gengið fram í sel kvölds og morgna til að mjólka. Það sagði hann einnig að komið hefði fyrir, að þær – konurnar – hefðu farið upp Litla-Dal [sem er fyrir ofan Alviðru], yfir fjallið og niður í Seljahvilft [á Núpsdal]. Ef til vill hefir þettað verið á meðan að selið var uppi Seljahvilftinni, því hún er nokkuð hátt í fjallinu og því upp æði miklar brekkur að fara. “. . . Einnig þetta er næsta ótrúleg frásögn því fjallið á milli dalanna er meira en 700 m hátt. Í sóknalýsingum frá 1840 segir þó: „Þar er mælt, að vegur hafi legið frá Alviðru fram dalinn [Litla-Dal] og yfir fjallið og að selinu, en ekki er það fært nú.“<sup>85</sup> Vel má því vera að sérstök vegarslóð hafi verið lögud eða lögð þessa mögnuðu leið.

**Ástarævintýri og mannleg örlög.** Frá Arnarnúpi lifir eftirfarandi saga: Áður fyrir bjó ríkur bóndi á Núpi í Dýrafirði. Eins og síður var hafði hann fé sitt í seli á Núpsdal á sumrin. Hann átti dóttur sem var selráðskona. Ungan mann hafði hann fyrir smala. Sagt er að dóttirin hafi orðið vanfær af völdum smalans. Er bóndi komst að þessu ætlaði hann að fyrirfara piltinum en vinnumenn földu hann milli þúfnu í túninu á meðan bóndi leitaði. Smalinn náði loks í reiðhest bónda og komst þannig undan. Það

fylgir sögunni að hann hafi farið til útlanda. Barnið, sem þau áttu, bóndadóttir og smali, var stúlkubarn og var það látið heita Ólöf. Hún varð síðar búkona á Arnarnúpi og var kölluð Ólöf ríka því faðir hennar átti að hafa komið hingað til lands á kaupskipi og fært henni mikinn auð.<sup>86</sup>

Á Hjarðardal framanverðum er „fagurgræn mosabreiða“ sem heitir Oddnýjarfles. Örnefninu tengist sú sögn að áður en sel var sett heimar á dalnum hafi verið haft í seli fyrir framan svonefndar Fremri-Grænkur. Heitir þar *Fornasel* . . . „það var lagt niður vegna þess að tveir smalar týndust þaðan. Annar þessara smala var Oddný þessi sem Oddnýjarflesið er kennt við. Hún fór að smala frá selinu og fannst þarna dáin, þegar mönnum fór að lengja eftir henni og leituðu hennar. Hinn smalinn týndist, svo ekki spurðist til hans. Var talið, að hann hefði farið í Ónshúsin á Lambadal.“<sup>87</sup>

Við þennan kafla má bæta frásögninni um endalok selhúsanna frá Núpi. Þar mun hafa verið haft í seli fram undir lok 19. aldar. Selið brann á einhverjum fyrstu árum Kristins Guðlaugssonar bónda er búskap hóf á Núpi árið 1896. Það var hjásetupilturinn sem kveikti í selinu.<sup>88</sup> Hvort verknaðurinn var einskært fikt eða af sérstökum hvötum fylgdi ekki frásögninni.

**Draumar og draugagangur.** Frá Höfða-bæjunum voru sel á Hjarðardal, Höfðamegin við Hjarðardalsána. Þar standa rústir þeirra í dálitilli þyrpingu. Grasi gróinn bali er framundan seljunum, kallaður Seltún, og bendir þannig til að á honum hafi verið heyjað. Einhverju sinni mun bóndi frá Höfða hafa verið að slætti þar á balanum. Miðdegis sótti að honum svefn svo hann lagði sig í slægjuna þar sem honum rann í brjóst. Dreymdi hann þá að til hans kom kona sem sagði: „Ertu nú að slá seltúnið mitt?“ Ekki tilgreinir sagan hvort bóndi hélt áfram slætti er hann vaknaði.<sup>89</sup>

<sup>84</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 27. október 1980, þar er frásögnin sem hann skræði í desember 1950.

<sup>85</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða* II (1952), 77.

<sup>86</sup> Örnefnaskrá. Arnarnúpur/Guðbjörg Guðmundsdóttir.

<sup>87</sup> Örnefnaskrá. Neðri-Hjarðardalur/Jóhannes Davíðsson.

<sup>88</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 27. október 1980.

<sup>89</sup> Guðmundur Gíslason frá Höfða í samtali við BG 25. ágúst 1981.



Ungur smali, aðeins fimm ára gamall, sat yfir ám frammi á Meðaldal sumarið 1910, ef til vill nálægt Fremraseli . . . „honum leið illa og var hræddur . . . hann hafði misst móður sína skömmu áður“<sup>90</sup>. . . : Ungum var börnum falin hjásetan. Fjarlægð frá heimabæ, framandi umhverfið og hinar persónulegu aðstæður kunna að hafa valdið óttanum þótt hugur reiki líka að reimleikum sem skýringu.

Það er sagt, að sel frá Alviðru hafi verið í Seljahvilft á Núpsdal, en verið flutt niður á Hæðirnar vegna reimleika. Sagt er að smali hafi tapað einhverju af fénu og ekki fundið. Fékk hann harðar ákúrus hjá selstúlkunum sem hann ekki þoldi og fyrirfór sér þar í selinu. Nú hélst fólk ekki við þarna og var selið þá flutt eins og áður sagði. Ekki minnkaði draugagangurinn þrátt fyrir það. Því var selið rífið eftir nokkur ár og byggt upp heiman við Hæðir, niður við Núpsána, þar sem Seljahvilftarlækurinn fellur í hana.<sup>91</sup>

Þótt utan þessa sögusvæðis liggi má minna á það reimleikaorð sem fór af Holtsseli á Bjarnardal, rétt norðan við Gemlufallsheiði.<sup>92</sup> Uppruni reimleikans átti að tengjast drukknun konu, hests, og hunds í Heiðaránni, er við búferlaflutning reyndu að fara yfir ána í vexti á vaði þar efra. Lík konunnar fannst neðar við ána og var borið í selhúsin. Eftir það þóttust menn verða hennar varir þar í selinu. Var hún kölluð Sel-Manga.<sup>93</sup> Reimleika mun hafa gætt í Holtsseli vel fram á síðustu öld; meðal annars munu vegargerðarmenn í tjöldum við selið á fjórða áratug aldarinnar hafa orðið hans áþreifanlega varir.<sup>94</sup>

---

<sup>90</sup> Helgi Þorláksson í greinargerð til BG í apríl 2008.

<sup>91</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 27. október 1980.

<sup>92</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson: „Vinnubrögð í Holtsseli“. (1979), 137.

<sup>93</sup> Kristján G. Þorvaldsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1951 (1951), 31-32.

<sup>94</sup> Frásögn föður míns, Guðmundar Jónssonar frá Lækjartungu, er þar var þá að störfum.

Daugstad getur þess að í Noregi hafi tíðkast að selfólkið blíðkaði hinar huldu vættir og verur seljanna með ýmsum hætti í von um velgengni þar. Væri það ekki gert gat jafnvel þurft að leita nýrra og friðsamlegri staða fyrir selstöðurnar.<sup>95</sup> Ekki hef ég fundið dæmi um slíkar blíðkunarráðstafanir á seljum við Dýrafjörð, aðeins færslu selsins eins og sagði um selin frá Alviðru.

## Hvenær voru selin lögð af?

Með öllu er óvíst hvenær síðustu selfarirnar voru farnar frá bæjum við Dýrafjörð. Um það verður að beita ágiskunum sem þó má byggja á nokkrum vísbendingum. Í sóknalýsingum, skráðum um 1840, segir af selstöðum í Þingeyrarhreppi og hvenær þær voru lagðar niður:

Frá Hrauni – lagðar niður 1820

Frá Kirkjubóli – lagðar niður 1823

Frá Söndum – lagðar niður 1827-1828

Frá Haukadal – lagðar niður 1828

Frá Svalvogum – lagðar niður 1830

Frá Meðaldal – lagðar niður 1833.

„Allar þessar selstöður hafa niðurlagzt vegna illviðra, líka hafa þær þótt fólkskilar, en ábati ekki samsvarandi fyrirhöfn“, segir ennfremur í sóknalýsingunum.<sup>96</sup> Um sama leyti virðast selstöður enn hafa verið frá þessum bæjum í Mýrahreppi (að Ingjaldssandi undanskildum):

Hjarðardal fremri – „sem er árlega brúkuð.“

Bakkaþorpið svonefnda<sup>97</sup> – „Bæir þessir eiga beutiland á sumrum fram á Hjarðardal, og hafa þar selstöðu ásamt Hjarðardal fremri, því mjög er landþröngt heima.“

Gemlufall – selstaða „sem árlega er brúkuð, því land er lítið heima.“

Mýrar – selstaða „sem áður var notuð og stundum enn nú.“

Núpur – „selstaða frá Núpi og Núpsþorpi. . . allur peningur þar hafður oftast í seli.“

<sup>95</sup> Daugstad: *The location pattern of summer farms (seters) in Norway* (2005), 4.

<sup>96</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða II* (1952), 59.

<sup>97</sup> Þ.e. bæirnir Fremstuhús, Miðhús, Glóra, Skemma og Bakki.

Alviðra – „mjög landþröngt heima og lítið beitarland, og þess vegna er peningur hafður í seli frá fullum 12 vikum af sumri og til höfuðdags, eða svo sem sex vikna tíma.“<sup>98</sup>

Að áliti Kjartans Ólafssonar virðast bændur í Dýrafirði hafa verið fastheldnari á forna búskaparhætti en almennt var í nálægum byggðum og „á það einkum við um seljabúskapinn“, skrifaði Kjartan, og um 1820 „var búsmali frá eigi færri en þrettán jörðum í Dýrafirði enn hafður í seli á sumrin en slíkt búskaparlag tíðkaðist þá hvergi annars staðar í vesturhluta Ísafjarðarsýslu, svo kunnugt sé, nema í Holti í Önundarfirði.“<sup>99</sup>

Lýsingarnar benda til þess að selstöðurnar hafi verið notaðar af og til, legið niðri um hrið og síðan jafnvel teknar upp aftur, svo sem frá Söndum og Mýrum. Heimildir herma að sr. Stefán P. Stephensen er sat Holt í Önundarfirði (1855-1884) hafði tekið upp selför á Bjarnardal er hann kom í Holt, enda einnig sagður framsækinn bóndi.<sup>100</sup> Í svipaða átt fellur arfsögn fjölskyldu frá Þingeyri er hermir að formóðirin, Matthildur Ólafsdóttir, hafi unnið í Sandaseli á árunum 1860-1870<sup>101</sup> sem skv. áðurnefndri sóknarlýsingu á að hafa verið lagt af árin 1827-1828. Og fleiri heimildir benda í svipaða átt: Svalvogabóndi árin 1929-1955, fæddur þar og uppallinn, taldi að selbúskapur hafi verið á Sléttanesi (frá Svalvogum) fram að aldamótum 1900 en hafði þó enga vissu um það.<sup>102</sup> Síðasta selráðskonan í Meðaldal er talin hafa verið Sigríður Benónýsdóttir,<sup>103</sup> bóndadóttir þar. Hún var fædd árið 1847 og gæti því hafa verið í selinu á árunum í kringum 1870. „Einar færði rusl í Selið“, skrifar Sighvatur Grímsson á Höfða í júlíbyrjun árið

1873, og að hann hafi við annan mann farið fram á dal og rist og tyrft upp á selið.<sup>104</sup> Einar var bróðir Sighvatar og næsti nágranni, bjó líka á Höfða. Þetta sumar var því sýnilega farin selför frá Höfða fram á Hjarðardal.<sup>105</sup> Þá er vitað að Guðrún Jónsdóttir, er húsfreyja var á Gemlufalli um fyrri aldamót, hafði smástelpa unnið með öðrum í Mýraselinu. Kunnugir áætla að það hafi getað verið á árunum 1875-1885.<sup>106</sup> Haukur Kristinsson, lengi bóndi á Núpi, taldi fulla vissu vera fyrir því að Kristján Oddsson, er þar bjó frá vori 1887 til vors 1896, hafi haft í seli og líklega allt til að hann flutti þaðan að Lokinhömrum við Arnarfjörð. Hins vegar hafði viðtakandi, Kristinn Guðlaugsson, aldrei búpening sinni í seli að sögn Hauks, sonar hans.<sup>107</sup>

Ég leitaði til fólks úr Keldudal, Haukadall, Kirkjubólsdal og frá Hvammi, sem fætt var um og skömmu eftir 1890. Enginn aðspurðra mundi eftir selförum né að hafa í uppvexti sínum heyrt talað um sel og selfarir (sbr. þó kaflann um sagnir tengdar seljum, bls. 25-27). Þykir það benda til þess að selin í dölum þessum hafi verið lögð niður, a.m.k. fyrir minni og fyrstu búskaparar foreldra þessa fólks.

Svo enn sé vitnað til heimilda varðandi Holtssel í Önundarfirði var einn síðasti selsmalinn þar, og sennilega sá síðasti, Þorkell Guðmundsson, fæddur árið 1861. Hann var selsmali eitt sumar. Gæti það þá hafa verið á árunum 1870-1876. Í Holtsseli er vissa fyrir því að selið var einnig notað sem beitarhús á haustum og jafnvel fram á vetur. Heyjað var í selinu og ær líklega hafðar þar

<sup>98</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða II* (1952), 58-77. Orðið „fólkskilar“ á hér líklega við lýsingarorðið *fólkskylfur*, sem merkir e-ð „sem krefst mikils fólksalds, mannafla“, sjá *Íslenska orðabók* (2002), 376.

<sup>99</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 83.

<sup>100</sup> *Lögberg* 24. júlí 1913.

<sup>101</sup> Guðmundur Hermannsson frá Þingeyri í tölvubréfi til BG 6. apríl 2020.

<sup>102</sup> Ottó Þorvaldsson frá Svalvogum í bréfum til BG 6. janúar og 14. maí 1981.

<sup>103</sup> Kristján Helgi Kristjánsson frá Meðaldal í samtali við BG 13. nóvember 1980.

<sup>104</sup> Hér má til gamans vísa til lýsingar á selfararundirbúningi á Suðureyjum: *Sheep, younger and older cattle and horses all went together, the men and horses carrying materials to repair and re-roof the shieling huts, the women carrying bedding, meal, cooking and dairy equipment. The men left once the women and young folk had been settled in. Most of the available evidence suggests that shieling were places for the women and children. . . Fenton: „The traditional pastoral economy“.* (1980), 100.

<sup>105</sup> Sighvatur Grímsson Borgfirðingur: *Lbs. 2374 4to, Dagbók*.

<sup>106</sup> Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni, 27. október 1980 í bréfi til BG, frásögn hans byggð á samtali GB við Ólaf Þ. Kristjánsson frá Kirkjubóli í Bjarnardal.

<sup>107</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi bréfi til BG 27. október 1980.



*Selið frá Granda er æva gamalt megi marka gróður og gerð tóftanna. Það er eins og landslagsarkitekt alheimsins hafi úr gróðrinum ofið snottran krans og lagt hann mildilega yfir seltóftina – líkt og í virðingarskyni og til minningar um löngu horfin störf, og blessað fólkið sem störfin vann þarna af trúmennsku sinni og elju. Myndin var tekin 25.8.2020.*

framfrá svo lengi sem selheiyð entist.<sup>108</sup> Með þessu móti var bæði aðstaða í húsum sem og landið nýtt betur. Sami háttur var hafður á í Núpsseli. Að sögn Hauks áður bónda á Núpi brann selið eftir íkveikju, líklega rétt fyrir aldamótin 1900: „Fljótlega eftir brunann“, skrifaði Haukur, „byggði Kristinn Guðlaugsson fjárhús á selrústunum. Það tók 80 fjár. Jata var eftir miðju húsinu og dyr á miðjum langvegg. Það var notað sem beitarhús [í] þó nokkur ár. Féð var tekið heim í desember, eftir því sem viðraði. Síðasti beitarhúsamaður hér Þorsteinn . . . Hann var þekktur undir nafninu „Steini í Lindinni““.<sup>109</sup>

Fátt er vitað um síðustu not selhúsanna við Dýrafjörð; hvort frá þeim hefur verið gengið að

frumhlutverki loknu og tímans tönn látin um þau eða hvort þau voru tekin til annarra þarfa. Selið frá Svalvogum, á Sléttanesi, gæti hafa verið hið forna Sléttanessbýli, og er líklega eitt dæmið af þremur um sel við Dýrafjörð sem um lengri eða skemmri tíma hafði einnig verið nýtt til fastrar búsetu. Hin dæmin eru selið/selin frá Haukadal, sem gæti hafa staðið á rústum þess býlis, er í Gísla sögu kallast Annmarkastaðir<sup>110</sup>, og sel Sandastaðar á Galtadal, en um það segir í *Jarðabókinni* frá 1710:

Girðingar og tóftarústir miklar eru hjer fram á dalnum skammt frá staðarselinu. Þar sýnist líklegt að í fyrndinni hafi bær verið, og eru sagnir að þar hafi í fyrstunni staðið Sandastaður, og er þar ein tóftarrúst meðal annara, sem mönnum sýnist

<sup>108</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson: „Vinnubrögð í Holtsseli“. (1979), 140-144.

<sup>109</sup> Haukur Kristinsson frá Núpi í bréfi til BG 27. október 1980. „Steini í Lindinni“ mun hafa verið Þorsteinn Sigurðsson skipstjóri (1891-1954). Beitarhúsamennska hans gæti því hafa staðið um 1910.

<sup>110</sup> Kristján G. Þorvaldsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1951 (1951), 127.



líklegt að verið hafi kirkja eður bænahús.<sup>111</sup>

Á kirkjustaðnum Söndum var selhúsa getið sem síðasta liðar á eignaskrá vegna vísitasíu vorið 1838 þar sem m. a. sagði svo:

18. Selhúsin á Dalnum sem nú staðnum fylgia í staðin fyrir Sandhúsakotið, eru nú borguð af sterfbúinu [dánarbúinu] með 2<sup>ur</sup> húsum, öðru sem heitir Pálshús og tekur hér um bil 20 fjár – öðru sem kallast Stekkiahús, allsæmileg að viðum bæði tvö: - þessi standa uppi á túninu.

Þarna er líklega um að ræða hús á selstöðum staðarins, sem aflagðar voru 1828-1829 eins og áður er getið. Textinn bendir einnig til þess að þau hafi komið í stað Sandhúsanna – hugsanlega hefur því ekki verið langt um liðið síðan selhúsin voru reist (endurreist?). Að þau hafi verið bætt með fjárhúsum heima í húshögum gæti staðfest það að staðurinn hafi lagt áherslu á ásauðina og að fjárhús á Sandhúsakotinu hafi komið í stað selhúsa í selhögum staðarins á Galtadal. Við úttekt á kirkjustaðnum í fardögum átta árum seinna (1846) eru selhúsin á Galtardal sögð „öldungis fallin niður.“<sup>112</sup> Það rímar illa við áður nefnda frásögn um Matthildi Ólafsdóttur sem á að hafa unnið í Sandaseli á árunum 1860-1870. Hér skal ekki útilokið að selið hafi verið nýtt með öðrum hætti en áður, til dæmis með einföldu næturskýli mjaltafólks og meginvinnslu mjólkur heima á Söndum en kvíaánum beitt á kostamikið land Galtadalsins.

Munnlegar heimildir eru fyrir því að selhúsin frá Ytri Lambadal hafi staðið nokkuð fram yfir 1890 því fyrstu búskaparar Arnfinns Jónssonar þar hafi hann geymt hey í selhúsunum. Samkvæmt sömu heimildum voru systur hans tvær, Guðrún og Jóhanna (f. 1846 og 1848), síðustu selkonurnar í seli Ytri Lambadals, þá heimasætur hjá föður sínum, Jóni Arnfinnssyni. Miðað við aldur þeirra

<sup>111</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII (1940), 45.

<sup>112</sup> Vísitazíubók V-Ís.prófastsdæmis.

gæti því síðasta selförin frá Ytri Lambadal hafa verið farin um eða rétt eftir 1870.<sup>113</sup>

Ekki hef ég fundið aðrar heimildir um nýtingu hinna aflögðu selmannvirkja við Dýrafjörð.

## Önnur og ótalin sel í Dýrafirði

Með þessari athugun er ekki tæmdur listi yfir minjar um sel í Dýrafirði. Þess vegna kemur hér stuttur kafli um þau sem ég hef haft spurnir af en ekki kannað nánar:

Um **Hraun** sagði heimildarmaður m.a.:

Á Hraunsdal er örnefnið Selárdalur, smá grasivaxin laut sem áin rennur í gegnum um það bil hálf tíma gang frá bæjum í Hrauni. Þarna er ein tóft sem hefur valdið okkur nokkrum heilabrotum. Hún er hlaðin eingöngu úr grjóti inni í urð, hefur verið á að giska 5 m að lengd og varla meira en 1½ m á breidd, önnur mannvirki eru ekki sjáanleg á þessum stað.<sup>114</sup>

Sennilega eru minjar um sel frá **Brekku** frammar á Brekkudal en minjar þær sem sýndar eru með uppdrættinum á bls. 59, og þá hugsanlega eldra sel.

Á **Ketilseyri** eru örnefnin Selárdalur og Selárdalsfoss<sup>115</sup> skammt framan við bæ. Þar mun hafa sést til tófta sem nú hafa vikið fyrir framkvæmdum seinni tíma.<sup>116</sup>

Í **Innri-Lambadal** eru heimildir um tvenn sel:

Um 1840 var talið að sel frá Innri-Lambadal hefði um skeið verið inn undir Valseyri þar sem forðum stóð kotið Borg eða Undirborg . . . Vegna tvíbýlis á jörðinni er hugsanlegt að bæði þessi sel [selið undir Selholti fram undir Selá] hafi verið í notkun á sama tíma.<sup>117</sup>

<sup>113</sup> Frásögn bræðranna Garðars og Jóhanns Sigurðssona, bænda í Lægsta-Hvammi, 10. ágúst 1980; Arnfinnur Jónsson var afi þeirra.

<sup>114</sup> Guðmundur Sören Magnússon frá Hrauni í bréfi til BG 3. maí 1982.

<sup>115</sup> Örnefnaskrá. Ketilseyri/Sigurður Friðfinnsson.

<sup>116</sup> Ómar Dýri Sigurðsson á Ketilseyri í samtali við BG 31. júlí 2020.

<sup>117</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 193.



*Víðast hvar var auðvelt að finna minjar um seljamannvirkin. Sumar þeirra voru þó óljósar eins og til dæmis þessar sem eru í Innri-Lambadal. Þarna sýnast þó hafa staðið tvær tóftir; til hægri má helst greina vegg. Steinninn stendur við enda líklegs miðveggjar, sjá uppdrátt á bls. 61. Kíkja þyrfti undir svörðinn til þess að ganga úr skugga um hvort og þá hvaða mannvirki hafa staðið þarna. Myndin var tekin 1.10.2020.*

#### Frá Felli segir m.a.:

Hvað varðar sel frá Felli, veit ég engar sögusagnir um, enda landrými og staðhættir ekki til þess fallnir. Fell var lengi kotbýli frá Mýrum, eins og fleiri jarðir (Klukkuland, Lækjarós, Miðhlíð, Bessastaðir) og landlaus. Þótt sett hefðu verið upp sel innan landamerkja þeirra hefði verið svo stutt til bæjar að ekki hefði tekið að dvelja þar náttlangt. Fráfærnastekkur er á Felli, uppi undir Mýrafellinu, og sér enn vel fyrir tóftarbrotum, enda mundi móðir mín eftir fráferum þar. Einnig er annað örnefni, nokkru utar með Fellinu, sem nefnt er FORNASEL. Til beggja þeirra er vart meira en korters gangur heiman frá bæ. Ég held að að sama gildi um Læk og Garðana, þ.e. landleysið.<sup>118</sup>

Heimildarmaður greinir frá seli frá **Alviðru**, „innantil við Miðlendislæk, ofan vegar. Miðlendislækur [er] landamerki milli Alviðru og Gerðhamra.“<sup>119</sup> Minjar fundust ekki við fyrstu leit. Það skal alls ekki útilokað að fleiri minjar um sel og skyld mannvirki kunni að vera á svæðinu. Á göngu um úthaga þar má gjarnan sjá misfellur í landi, minjar um hleðslur og það sem jafnvel gæti verið kví eða lítil rétt, mannvirki sem vel gætu hafa þjónað einhverjum tilgangi í búfjárhaldi og landnýtingu fólks á fyrri tímum. Þá má nefna sel frá Alviðru sem munnmæli herma að staðið hafi uppi í Seljahvilft á Núpsdal, sjá bls. 26.

Nefndar heimildir og minjar um ókönnuð sel í Dýrafirði skulu hins vegar eftirlátnar næstu

<sup>118</sup> Bergur Torfason frá Felli í tölvubréfi til BG 13. apríl 2020.

<sup>119</sup> Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni í bréfi til BG 27. október 1980.

kynslóð seljaáhugamanna með öðru til frekari  
rannsókna – svo að þannig sé skilin eftir nokkur  
ögrun þeim til framhaldsverka og frekari öflunar  
þekkingar á þessum merka búið til forfeðranna.



## SELIN Í DÝRAFIRÐI

### – NORRÆNT FORM EN STAÐFÆRT

Hér að framan hefur verið greint frá beinum athugunum á seljunum. Fengist hefur nokkur mynd af seljum og selstöðum í Dýrafirði svo og bendingar um þátt þeirra í starfi og afkomu fólksins. En selin voru hluti af heild – hluti af amstri fólks um ársins hring við að tryggja lífsbjörg sína og afkomu. Í þessum efniskafla verður því leitað eftir heildarmyndinni, sem selin voru hluti af, og að tengja þau og seljabúskapinn ætluðum búnaðarháttum og hugmyndafræði fólks á tímum þeirra, svo tekið sé undir ályktun Lucas að lokinni seljarannsókn hans austur á Jökuldal.<sup>120</sup>

Niðurstöður seljaathugana minna falla hvað snertir nýtingu landsins saman við niðurstöður rannsókna á norrænum seljabúskap og ríma við eldri heimildir um hann. Þótt talið sé að íslenski seljabúskapurinn eigi sér norrænar rætur er ljóst að hann hefur verið lagaður að staðbundnum aðstæðum, svo sem landslagi, eins og fyrri rannsakendur íslenskra selja hafa raunar bent á.<sup>121</sup> Fram á sambærilega staðtengda þróun seljabúskapar hefur einnig verið sýnt með rannsóknum til dæmis bæði á Grænlandi<sup>122</sup> og í Færeyjum.<sup>123</sup> Aðlögun þessi er um margt afar athyglisverð.

Frumhvati að seljum og selförum var þörfin fyrir beitiland og fóður til framleiðslu lífsnauðsynlegra

matfanga. Hann réði þróun búháttarins.<sup>124</sup> Selin voru því skipulagslegur hluti jarðarmannvirkja.

Minjar um sel og selstöður við Dýrafjörð, hvort heldur eru mannvirkjaleifar eða örnefni og munnmæli, er að finna á nær öllum jörðum við fjörðinn. Selstöðurnar eru flestar á framdölum en þó hafa þær vegna landfræðilegra aðstæðna einnig verið settar á annes og annars staðar mjög nærri sjó (Svalvogar, Fjallaskagi). Gróðurlendi selstaðna hefur verið ærið breytilegt – en í aðalatriðum grasteigar, -lautir og lyngmóar. Hið dæmigerða sel á svæðinu hefur legið tvisvar til þrisvar sinnum hærra yfir sjó en heimabærinn, á þurrlandri hæð þaðan sem sémilega hefur sést til nálægs beitilands og skammt er í vatnsból, á eða læk. Meðal vegalengd frá bæ að seli hefur verið um og innan við þrjú kílómetrar. Í sumum tilvikum virðist vart hafa verið um lengri spotta að ræða en góðan stekkjaveg.<sup>125</sup> Vel hefur því verið gerlegt að ganga til mjalta og heim en rekstur málnytupeningsins og ending skófatnaðar hafa líklega hvatt til þess að komið væri upp hýsum á selstöðunum, a. m. k. næturskjóli.

Umfang seljaminjanna verður ekki túlkað á annan veg en þann að búhátturinn hafi verið afar þýðingarmikill fyrir afkomu fólksins. Á hliðstæðu hefur verið bent hvað snertir seljabúskap á Finnmörku þar sem kjör til landbúnaðar eru einnig kröpp.<sup>126</sup> Má þá minna á orðtak Aurdælinga í Vestur-Noregi er sögðu: „Ein gard utan stól er

<sup>120</sup> Lucas: „Pálstóftir: A Viking Age Shieling in Iceland“ (2008), 85. Hann segir þar m. a. í yfirliti: *Although the basic economic role of shielings in relation to livestock and summer transhumance is not contested, it is argued that a more complex interpretation needs to be developed around such sites, to consider their ideological and political status.*

<sup>121</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir: „Shielings in Iceland“ (1990), 96.


<sup>122</sup> Albrethsen og Keller: „The use of the saeter in medieval norse farming in Greenland“ (1986), 91-107.

<sup>123</sup> Mahler: „Argisbrekka: Nye spor efter sæterdrift på Færøerne“ (1989), 164-166.

<sup>124</sup> Petersen: „Teoriene om seterbrukets utvikling“ (1974), 34.

<sup>125</sup> Þetta gæti bent til þess að í stöku tilvikum kunni stígsmunur að hafa verið lítill á seli og stekk. Nefna má dæmi frá Hólum þar sem selið, mjög fornt, einfalt að gerð og fyrirferðarlítið, lá aðeins í tæplega 1,5 km fjarlægð frá bæ. Hólaselið var engu að síður sett þannig í landi jarðarinnar að það kallar fram skiptingu gróðurlendis jarðarinnar í húshaga og selhaga samkvæmt tilgátunni sem lýst er með myndum nr. 9 og 10.

<sup>126</sup> Westrheim: *Sæterdrift i Finnmark* (1978), 240.



Til vinstri: Selið frá Sveinseyri liggur í nær 240 m h.y.s., hæst selja við Dýrafjörð, og er skammt frá því upp í fjallsaura. Myndin var tekin 19.9. 2010.

Ofar: Selið frá Fjallaskaga liggur lægst seljanna, á Seljasandi fast við fjöru. Myndin var tekin 23.8.2020.

ikkje verdt noko“: *bær án sels er einskis virði*.<sup>127</sup> Land til beitar og fóðuröflunar við búhætti fyrir tæknibyltingu landbúnaðarins var á flestum jörðum Dýrafjarðar takmarkað og áreiðanlega takmarkandi fyrir afkomu íbúanna þótt flestir ættu kost á sjósókn jafnhliða landbúskapnum. Seljabúskapurinn var mikilvægur þrátt fyrir og ef *til vill vegna þess* að kostir gróðurlendisins voru takmarkaðir. Selja-urmuillin bendir til þess að landbúnaður við fjörðinn hafi á tímum ekki verið minni að fyrirferð en í ýmsum öðrum héruðum sem talin hafa verið meiri landbúnaðarhéruð þótt ýjað hafi verið að hinu gagnstæða.<sup>128</sup> Benda má á samanburð Hastrups á íslenskum, grænenskum og norskum aðstæðum hvað þróun seljabúskapar á síðmiðöldum snertir: Að dýrfirsku aðstæðunum virtum sýnist vel mega taka undir kenningu Hastrups<sup>129</sup> – með nokkurri blæbreytingu þó – að hinn umfangsmikli seljabúskapur hafi verið forsenda þess að heimilin gátu fullnýtt takmarkað gróðurlendið til framleiðslu mjólkur með beitarpeningi á

kjörtíma. Án seljanna var einfaldlega erfiðara að nýta beitar- og fóðuröflunarkosti gróðurlendisins til fulls. Hastrup vekur athygli á því að í Noregi hafi mannfölgun og efling seljabúskaparins fylgst að á meðan hið öndverða gerðist bæði á Íslandi og Grænlandi. Þótt Hastrup víki einnig að áhrifum annarra þátta á efnahag þjóðanna, svo sem fiskveiða, skógarhöggs og námuvinnslu, bendir hún á marktæka fylgni afkomu fólks og viðgangs seljabúskaparins.<sup>130</sup> Fylgnin verður trúverðug í ljósi þess að með selstöðum var gróðurlendið nýtt betur; tiltækt beitiland varð einfaldlega „stærra“ heldur en ef málnytupeningi hefði verið haldið heima við. Rýmra beitiland gaf meiri afurðir og meiri afurðir gátu mettað fleiri. Fært yfir á íslenskar aðstæður væri því einfölduð ályktunin sú að niðurfelling seljabúskapar hafi fremur verið *orsök* en *afleiðing* þrenginga þjóðarinnar.

<sup>127</sup> Bach og Gjerdåker: *Aurlandsdalen* (1994), 34-35.

<sup>128</sup> Ragnar Edvardsson: „Fornleifarannsóknir á Vestfjörðum“. (2003), 86-87.

<sup>129</sup> Hastrup: „Saeters in Iceland 900-1600“. (1989), 80.

<sup>130</sup> Hastrup: „Saeters in Iceland 900-1600“. (1989), 80: Hún segir m. a.: *In Iceland, the result was a three hundred years' demographic and social crisis. In the far smaller population of Greenland, the crisis entailed extinction. There is a structural similarity between the two cases, and a clear contrast to the contemporary case of Norway, where the population increased tenfold in the period from 1500 to 1850 . . . Significantly, the population increase was correlated with a remarkable expansion of saeters . . .*

Lega selstaðnanna í landi hvernar jarðar vekur grun um að þeir, sem dýrfirsku seljunum völdu stað, hafi með skipulegum hætti haft í huga hámrökun nýtingar gróðurlendis með búfjárhaldi, auk hagræðis í vinnu – og þá einmitt í anda hinna fornu laga um selstöður. Lega selstaðnanna dregur til dæmis fram allskýra skiptingu gróðurlendis hvernar jarðar í *húshaga* og *selhaga*. Skiptingin hefur beina skírskotun til ákvæðis 42. greinar búnaðarbálks Jónsbókarlaga og fyrirmynda hennar hvað varðar umgengni um og meðferð húshaga:

. . . Menntu skulu fara úr húshaga með fé sitt þá er tveir mánaðir eru af sumri, utan þeim þikki öllum annað hentara er brottfærslu eigu. En ef einhver situr lengur niðri, þá skal sá er að telur fyrirbjóða honum þarsetu. Nú situr hann heima eigi að síður, þá skal hann stefna honum héraðsþing fyrir rán og þarsetu<sup>131</sup>. . .

Mér þykja niðurstöður rannsóknarinnar eindregið hvað snertir staðsetningu seljanna á hverri jörð benda til þess að búháturinn hafi verið lagaður að gróðurfarslegum aðstæðum á svæðinu með mjög haganlegri skiptingu gróðurlendis hvernar jarðar í húshaga og selhaga.

Umfang seljanna var sýnilega þeim mun meira sem jarðirnar voru meiri að dýrleika. Hallast er að því að eldri/elstu selin hafi verið svipaðrar gerðar og *alsel*, skv. skilgreiningu Reintons,<sup>132</sup> að því er virðist með tví- og þrískiptum mannvistarhúsum, dæmi eru *Haukadalur*, *Kirkjuból*, *Sandar*, *Brekka* og flest seljanna í Mýrahreppi, sjá grunnmyndir seljanna á bls. 52-69. Telja má líklegt að þar hafi vist vinnufólks verið samfelld um seljatímann og þá við vinnslu mjólkurinnar og eftir aðstæðum önnur verk, svo sem heyskap. Mörg hinna seljanna, sem af útliti og gróðurfari á tóftum virðast yngri, sýnast hins vegar hafa verið mun einfaldari og fábrotari. Kunnna þau að hafa verið

*mjaltasel* fyrst og fremst, þ. e. staður til mjalta með afdrepi til næturvistar mjaltafólks og smala, sbr. skilgreiningu Reintons, sjá bls. 3-4. Slík sel þekktust einnig á Suðureyjum.<sup>133</sup> Hér skal því tekið undir álit Benedikts Eypórssonar sem taldi að eðli og umfang seljabúskaparins hafi verið einfaldað of mikið og sýndi dæmi um að það „gat verið mikill munur á því milli einstakra bænda hvernig þeir stunduðu sinn seljabúskap, þó svo að grunnhugsunin á bak við seljabúskapinn væri hin sama.“<sup>134</sup>

Annað einkenni seljanna er nábylið: samliggjandi sel nágrannajarða, til og með sérstök seljaþorp, en um þau eru skýrustu dæmin í *Keldudal*, *Hvammi* og á *Hjarðardal*. Kunnna þau dæmi að benda til meiri samvinnu heimila um selfarir en aðrar tiltækar heimildir geta gert. Mönnunurvandi seljanna var reyndar nefndur sem önnur helsta ástæða aflagnar selfara í Þingeyrarhreppi í byrjun níttjándu aldar.<sup>135</sup> Að þyrpa selin kann að hafa verið leið til þess að bæta úr þeim vanda.

Einnig er svo að sjá að nýting selstaðnanna hafi verið kaflaskipt, jafnvel ár og ár í senn. Hvort tveggja leiðir hugann að því að þáttur seljanna í árlegum búskaparferli hvers býlis hafi verið



*Komið að fráfarum, búið að taka af fénu. Konur hafa sýnilega brugðið sér frá. Myndin (póstkort) er úr Skaftártungu, tekin um fyrri aldamót.*

<sup>131</sup> Jónsbók (2004), 186.

<sup>132</sup> Reinton: *Sæterbruket i Noreg I* (1955), 31; sjá nánar á bls. 18-50.

<sup>133</sup> Fenton: „The Traditional Pastoral Economy“. (1980), 99-100.

<sup>134</sup> Benedikt Eypórsson: *Búskapur og rekstur staðar í Reykholti 1200-1900* (2008), 138.

<sup>135</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða II* (1952), 59.



kvikari (*dynamiskari*) en ætlað hefur verið.

Selför var eitt form sumarnytkunar sem aðstæður gátu breytt bæði að formi og að umfangi. Það féll einkum að ásauðunum – mjólkuránunum. Grunnþátturinn voru *fráfærurnar*, það að gripið var inn í samband móður og lambs; það var stíað og mjólkinn, öll eða að hluta, tekin frá lambinu til manneldis. Stig þess inngríps gátu verið mismunandi, allt frá því að eingöngu var stíað af og til í því skyni að fá nauðsynlegan mjólkursopa fyrir heimilið eða mjólkað frá á ám hausti – og allt til þess að efnt er til selfarar með öllu því er henni heyrði til, og öll mjólk áнна á seljatímanum tekin til vinnslu og heimilisnota. Þegar síðustu selin í Dýrafirði hurfu úr notkun, sem virðist hafa gerst í kringum 1895, voru aðeins liðlega tveir áratugir eftir af skeiði fráfærnanna – að halda ám til mjalta – og tekið var að láta lömb ganga með mæðrum sínum sumarlangt.

Bæði heimildir og sýnilegar minjar seljanna benda til þess að skeið selfaranna hafi verið nokkur: Á átjándu öld og vel fram á þá nítjándu virðast fáar selstöður hafa verið nýttar og þá helst á hinum stærri jörðum samkvæmt vestfirsku sóknalýsingunum. Hins vegar verður ekki annað séð en að a.m.k. í Mýrahreppi hafi selstöður verið teknar upp aftur í nokkrum mæli um eða upp úr miðri nítjándu öld og nýttar fram á áttunda áratug aldarinnar. Það virðist hafa gerst víðar á landinu sbr. hugvekjú B. B. um „færivía brúkun og nytsemi“ frá árinu 1852 þar sem hann ræðir um gæði haga er liggja fjarri bæ og skrifar . . . „þyrfti að vera selför, *sem menn eru nú víða farnir að taka upp*.“<sup>136</sup> [lbr. mín].

Við skoðun selstaðnanna var ekki margt að sjá sem benti þar til annarra landnota en beitar. Heimildarmenn mínir gátu þess þó að í nágrenni örfárra selja hafi allt fram á tuttugustu öld verið heyjað. Minjar um heyskap og heygeymslur (stakkgarðar o. fl.) fundust sömuleiðis aðeins örfáar (dæmi frá *Meðaldal*, *Kirkjubóli*, *Höfða* og víðar), þótt víðar hefði sýnilega mátt afla nokkurra heyja,

<sup>136</sup> Þjóðólfur 24. júlí 1852, 341.

svo sem á Haukadal og Núpsdal. Því er ósennilegt að heyöflun hafi verið ráðandi þáttur um selfarir á svæðinu. Við einfalda athugun á næsta nágrenni seljanna var heldur ekki að sjá merki mógrafa og aðeins einar selstöður voru í skóglendi þar sem skammt hefur verið í brenni (*Botn*).

Sé skipting seljanna í eldri og yngri sel reist á rökum benda áberandi kvíar á mörgum hinna „yngri“ til þess þar hafi mjólkurær fremur verið nytkaður en kýr. Má vera að þetta hafi tengst breyttu veðurfari því menn hafa getið sér þess til að nautgriparrækt hafi dregist saman á kostnað sauðfjarræktar er veðurfar versnaði.<sup>137</sup> Þótt færa megi rök að því að hlutfallsleg fóðurþörf á miðað við nyt hafi fyrr á tímum verið lítið eitt meiri en kúnna geta ær nýtt bæði lélegra og fjær liggjandi beitiland en kýr. Ærnar hafa meiri möguleika til yfirferðar. Sýnist því mega styðja tilgátuna um það að versnandi veðurfari hafi menn m. a. mætt með því að leggja meiri herslu á ærnar til mjólkurframleiðslu um seljatímann: Ærin gat líka, eins og geitin, verið kýr fátæka mannsins.

Ekki leiddi þessi rannsókn í ljós mikinn mun á milli hreppanna tveggja við Dýrafjörð, hvað selin snerti og selstöðurnar. Mjaltakvíar voru hlutfallslega fleiri sunnan fjarðarins (P) en norðan (M); norðan við fjörðinn voru þær hins vegar stærri (lengri) sem gæti bent til þess að þar hafi meiri hersla verið lögð á mjólkurframleiðslu með ám, hugsanlega vegna meiri landþrengsla (?). Hér er hins vegar vert að geta þess að fjárvíar norðan fjarðarins virtust af útliti að dæma vera yngri en kvíar sunnan fjarðarins. Má vera að nokkur skýring á því sé í lýsingu Mýraþingaprestakalls frá 1847 en þar sagði m.a. um sveitina: „Bjargræðisvegir eru helst kvikfjarrækt, (nefnilega sauðfænaðar og kúa, þó minna [lbr. mín]).“<sup>138</sup>

Útbreiddari notkun færivía í Þingeyrarhreppi undir lok fráfæru- og seljatímans, sjá súluritið á

<sup>137</sup> Albrechtsen og Keller: „The use of the saeter in medieval norse farming in Greenland“. (1986), 105.

<sup>138</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða* II (1952), 91.

bls. 19, bendir til mismunar í þróun beitarháttá á milli hreppanna: Að hinir eldri hættir hafi haldist lengur norðan fjarðarins, í Mýrahreppi. Líklega eru því flestar kvíanna norðan fjarðarins mannvirki frá nítjándu öld, þótt kunnir a.m.k. sum að vera reist á rústum eldri mannvirkja. Úr skugga um það verður aðeins gengið með uppgreftri minjanna.

Séu hagtölur hreppanna tveggja fyrir árin 1710, 1791, 1830 og 1880 skoðaðar<sup>139</sup> sést að um 30% fleirbylla var norðan fjarðar (þá er Ingjaldssandur talinn með) og liðlega 50% fleiri kýr og ær. Reiknuð ærgildi á býli voru þar einnig fleiri (um 18%). Helsta breyting á tímabilinu virðist hafa verið sú að ám fjölgaði sérstaklega norðan fjarðarins á tímabilinu 1830-1880. Einnig má því vera að hún skýri hinar glöggu og allstóru seljaminejar í Mýrahreppi og stýður tilgátuna um aldur kvíanna.

## Selhagar og húshagar – skipting gróðurlendis jarðanna

Kemur nú að þætti selstaðnanna í nýtingu landkosta við Dýrafjörð. Gróðurlendi hveirrar jarðar þar, er að minnsta kosti hvað flatarmál snertir, minna heldur en í mörgum öðrum sveitum landsins. Eins og í öðrum vestfirskum byggðum var þó jarðskipanin þétt og mannföldi á hverju býli ekki mjög frábrugðinn því sem almennt gerðist. Hér eiga nálæg fiskimið sinn væna hlut skýringarinnar.

Eins og þegar hefur verið sýnt draga örnefni, ekki síst dæmin úr Keldudal, fram afar rökvísa og merkilega mynd af nýtingu lands, ekki aðeins vegna selfaranna heldur einnig með öðrum beitarháttum, sem studd er frásögnum síðustu kynslóðanna er kynntust notkun landsins með búskaparaðferðum gamla tímans. Þó þetta sé svo sem alkunna væri áhugavert að skoða nýtingu landsins nánar á grundvelli örnefna sem skráð hafa verið allnákvaemlega á svæðinu.<sup>140</sup>

<sup>139</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 83 og 176.

<sup>140</sup> Örnefnaskrár í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Eins og getið var í upphafi er athugun mannvirkja á selstöðunum eingöngu byggð á greiningu yfirborðs, t. d. allar mælingar á tóftum og öðrum mannvirkjaleifum. Margt getur leynst undir yfirborði sem varpa kann skýrara ljósi á gerð mannvirkjanna og hugsanlega einnig notkun þeirra. Framhald þessarar rannsóknar gæti falist í því að fara með jarðsjá á valda minjastaði og jafnvel gera hefðbundna fornleifarannsókn á þeim einnig. Sérstaklega gæti verið fróðlegt að bera niður á þeim selstöðum sem taldar eru fornar og/ eða eiga sér sögu sem að einhverju marki er þekkt. Af þeim má nefna selin frá Arnarnúpi (*Fornasel*), Haukadal, Kirkjubóli, Hólum, Söndum, Brekku, Botni, Lambadal, Hjarðardal (*Fornasel*), Gemlufalli, Mýrum og síðan Núpi og Alviðru.

Engin leið er að gera sér grein fyrir verklagi eða framleiðslu á dýrfirsku seljunum, Með því að rekja sig aftur á bak í sögunni má þó reyna að giska: Á síðustu dögum fráferna á þessum slóðum á fyrsta þriðjungi síðustu aldar var mest um það að próteinhluti mjólkurinnar væri notaður til þess að búa til skyr (síað) eða súr sem líka var kallað ólekja.<sup>141</sup> Reynt var „að safna í súr til þess að hafa eitthvað út í vatnsgrautinn með mjólkursopanum sem oft var lítill að vetrinum.“<sup>142</sup> Súrin var ýmist nýttur beint eða súrsunar og varðveislu annarra matvæla svo sem sláturmatar. Heimildarmaður af Ingjaldssandi lýsti málum m. a. svo:

Eftir að búið var að hita undanrennuna og lát í hana hleypirinn og síað á grind, þá var það orðið kalt, og þá var hægt að láta það saman við, safnað í heil olíuföt – 200 lítra tunnur . . . Það var eiginlega skyrið sem hélt manni við á útmánuðum. Það var sumum sem þótti það best þegar sterkjan í sýrunni var komin.<sup>143</sup> . . . Skyrið og sýran var silfurmaturl forfeðranna og kетиð, sem sýrt var í skyrinu, var afbragðsmatur og hollur.<sup>144</sup>

<sup>141</sup> Hallgerður Gísladóttir: *Íslensk matarhefð* (1999), 82.

<sup>142</sup> Guðmundur Bjarnason: *Frjálsa, glaða líf* (1993), 33-34.

<sup>143</sup> Frásögn Guðmundar Bernharðssonar frá Ástúni í viðtali við BG 28. febrúar 1981.

<sup>144</sup> Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni í bréfi til BG 27. október 1980.



*Það fer ekki lengur mikið fyrir selinu frá Hólum, samgróið umhverfi sínu. Tvær þústir geyma minjar um það, önnur utan túns og hinn var hlíft við ræktun túnsins fyrir nokkrum árum. Myndin var tekin 1.8.2020.*

Fituhlutinn fór til smjörgerðar. Þessir vinnsluhættir kölluðu að sönnu á töluverða vinnu en hóflegt magn eldsneytis. Ostagerð krafðist öllu meiri eldiviðar. Til gamans skal hér birt lýsing dýrfirskrar húsmóður sem vel þekkti til mjólkurvinnslu „eins og áður var gjört“; hún var fædd árið 1875:

Ella skilaði við mig frá þér, að gefa þér upp skrift af osta tilbúningi eins og áður var gjört, mjólkinn var sett yfir eld og velgd svo lítið meira en í skyr og svo var hún tekin ofan og borinn í hana hleypir meira en borið er í skyr, látin svo standa lítið eitt eða þar til að hún er hlaupin eða farin að koma mysu, þá er hún sett yfir eld aftur og látin hitna í eða undir suðu en það verður að hræra vel frá barmi og botninum að ekki brenni við því þá kemur vont bragð, svo þegar drablinn er kominn þá er þettað síað á tusku og pressað undir fargi, stundum var látið kúmen í

draflann en stundum negull, það þótti svo gott, en svo ef á að sjóða mysu ost úr mysunni þá þegar hún fer að sjóða kemur drabla mæringur og var það kallað millumdrabli, hann er síaður frá, stundum var hann látinn í tusku og pressaður, en stundum pískaður út og látinn út í mysu ostinn þegar langt var komið að sjóða hann til þess að fá hann meiri. Nema svo var hann líka búinn til á annan veg, þá var mjólkinn hituð undir suðu, síðan var látið dálítið af súru skyri vel þykku út í pottinn, og látin koma suða uppá og þá ystir og síðan síað og pressað en úr þeirri mysu kemur enginn millumdrabli þó hún sé soðin, í fjórðungspott þarf góða mörk af skyri vel súru og þykku, sumum þótti þessi ostur betri en hinn en það var bara eftir því sem hverjum þótti en mikið mýkri sem hleypur var.<sup>145</sup>

<sup>145</sup> Úr bréfi Elínborgar Guðmundsdóttur (f. 1875), sem fædd var á Arnarnúpi í Keldudal og bjó þar lengi. Bréfið var skrifað 4. október 1947 til frænku hennar, Kristínar M. Guðmundsdóttur (f. 1890) á Kirkjubóli, og er í vörslu BG.



Í ljósi þess sem fyrr var sagt um aðgang að eldsneyti á selstöðunum er ósennilegt að svo eldsneytiskræf vinnsla hafi almennt farið fram í seljum við Dýrafjörð – fremur heimavið. Það sem til þurfti í selinu ef mjólkinn var ekki borið heim eftir morgunmál og unnin heima var því aðstaða og áhöld til mjólkursetningarinnar, eldstæði og eldsmatur og ílát fyrir unnar afurðir – súrinn og smjörið.<sup>146</sup> Vatnsból nærri hefur talist mikið hagræði vegna þvotta á mjaltafötum o.fl.

Mjög fáar sagnir virðast hafa geymst um sel og selfarir í Dýrafirði. Er það í samræmi við það sem áður var sagt um það hvenær búháturinn lagðist af – það er einfaldlega liðinn svo langur tími síðan hann taldist almennur. Þær fáu sagnir, sem lifað hafa og ég komst yfir, bera aftur á móti blæ þess sem norskir fræðimenn hafa tengt hugtakinu *grenseland*.<sup>147</sup> Það má kalla mæri – að sel og sellönd liggja á mærum menningar (*kultur*) og náttúru (*natur*): sagnirnar bera blæ hins yfirnáttúrulega, dulúðuga og jafnvel hins ógnandi. Við göngu á selstöðurnar við Dýrafjörð má vissulega fá tilfinningu fyrir því að maður sé staddur á mærum, bæði í skilningi landslags og umhverfis, en einnig í skilningi sögunnar eins og ráða má af þessari greinargerð.

## Önnur mannvirki í selhögum – fleiri hlutverk seljanna

Á nokkrum seljum var að finna hringlaga tóftir sem nokkra athygli vöktu, sjá t.d. grunnmyndir frá *Svalvogum/Sléttanesi*, *Haukadal*, *Kirkjubóli* (?), *Hvammi*, *Gamlaseli á Gerðhömrum* (?) og *Birnustöðum*. Í örnefnaskrá er vikið að hlutverki þeirra:

<sup>146</sup> Kristján Bersi Ólafsson (1938–2013) var smali á Kirkjubóli í Bjarnardal hjá föðursystkinum sínum. Í samtali við BG 1. apríl 2007 lýsti hann því hvernig súrnum hefði verið safnað í keröld fyrir fólk í kaupþuninum. Af þeim sökum hefði þar á bæ gjarnan verið talað um *Súrfirðinga* því að til Suðreyrar hefðu mörg þessara íláta farið full eftir sumarið. Tómas Helgason frá Hnífsdal sagði BG einnig að margir Hnífsdælingar hefðu í æsku hans notið sömu þjónustu hjá húsmæðrum norður í Jökulfjörðum þar sem einnig var fært frá ám.

<sup>147</sup> Daugstad: *Mellom romantikk og realisme* (1999), 444; sjá líka eftir sama höfund *The local pattern of summer farms (seters) in Norway* (2005), 4.

. . . Svo er enn innar á leitinu hóll, sem nefndur er **Hlað** (30). Þetta er rétt innan við merkið. Gömlu mennirnir byggðu þetta sem skjól fyrir fé; hlöð þessi voru yfirleitt hringmynduð.<sup>148</sup>

. . . Ofan til í Partinum er **Lambabyrgi** (48). Það er grjótborg, hlaðin í hring og veggirnir hlaðnir úr hellum, þannig að þeir hölluðust að sér og veittu því skjól í hretum. Þar í voru fráfarulömb höfð á nóttinni, þar til þau voru rekin á fjall, um 2 vikur, voru svo geymd á daginn í Partinum niður af **Byrgi** (49).<sup>149</sup>

. . . **Fornahlað** (106) heitir gömul tóft sem er í hlíðarfætinum framan til við Eyrarnar, þar var opið fjárbyrgi til forna en þau nefndust Hlöð.<sup>150</sup>

Þegar eftir er leitað er *hlaðs* sem aðal- eða fylgiörnefnis getið á einum fimmtán jörðum. Vissulega geta komið vond hret á sumrum en ólíklegt er að reist hafi verið sérstök byrgi fyrir fé á eða nærri selstöðunum til varnar þeim. Miklu frekar að þeirra hafi verið þörf á öðrum árstímum. Fjárbyrgi (hlöð, fjárborgir) eru þekkt víða um land og eiga sér sennilega fornar rætur eins og Birna Lárusdóttir hefur fjallað rækilega um.<sup>151</sup>

Heimildarmaður greindi frá því að á Múlunum utan við Birnustaði væru tvö sauðabyrgi, annað frá Núpi en hitt frá Mýrum (sjá uppdrátt bls. 69): „Þangað úteftir voru sauðir fluttir á útmánuðum. Í byrgin sóttu sauðirnir til skjóls í illviðrum en líka voru byrgin notuð til þess að reka sauðina inn í til rúnings á vorin . . . Byrgin voru opin og þaklaus.“ Notkun þeirra var af lögð áður en tuttugasta öldin gekk í garð.<sup>152</sup> Glögga hlaðið á Birnustöðum, sjá mynd á bls. 40, gæti hafa verið um 50m<sup>3</sup> að

<sup>148</sup> Örnefnaskrá. Múli/Knútur Bjarnason og Ari Kristjánsson.

<sup>149</sup> Örnefnaskrá. Ketilseyri/Sigurður Friðfinnsson og Jón Fr. Arason.

<sup>150</sup> Örnefnaskrá. Höfði/Guðmundur Gíslason.

<sup>151</sup> Birna Lárusdóttir: „Fjárborgir“. (2010).

<sup>152</sup> Valdimar Kristinsson frá Núpi í samtali við BG 4. nóvember 1982.



Á Birnustöðum eru tvö sauðabyrgi – hlöð. Annað sker sig vart lengur frá umhverfi sínu í grósku en það, sem nær okkur er, grænkar enn. Myndin, sem tekin var 23.8.2020, sýnir að hlöð gátu verið mikil mannvirki. Hlaðinu, sem er nær, fylgdu fleiri mannvirki svo sem sjá má leifar af, sem og allstór kví nokkuð til vinstri rétt utan myndarinnar.

flatarmáli. Þar ættu því 60 vænir sauðir að hafa getað komist fyrir. Rímar það við forna máldaga er sögðu að Núpskirkja ætti 60 sauða beit á Skagahlíðum!<sup>153</sup>

Á þessum slóðum var sauðum „aldrei gefið heldur urðu þeir að bjargast á beitinni einni og gætti sauðamaður þeirra“, skrifaði Guðmundur Bjarnason frá Fjallaskaga.<sup>154</sup> Í lýsingu á vinnubrögðum í *Holtsseli*, þar sem einnig er að hafa staði tvö myndarleg hlöð (8,3 og 5,4 m í þvermál), er sagt frá því að fé hafi verið haldið haldið í selhögum fram undir fengitíma/jólafostu áður en snjóaði að ráði. Hagkvæmt hefur verið að nýta selstöður í þessu skyni: nærri góðu beitilandi, skýli fyrir sauðamann til staðar og jafnvel möguleiki að selfólkið hafi getað aflað nokkurs heyforða til þess

að hafa með haust- eða vetrarheitinni. Ekki þurfti svo sem mikið, einn poki á sauð átti að duga.

Þannig virðist sem selin hafi ekki aðeins verið notuð um hinn hefðbundna seljatíma – „frá fullum vikum af sumri til höfuðdags, eða svo sem sex vikna tíma“, eins og sagði í sóknalýsingu frá 1847<sup>155</sup>, heldur einnig í þágu sauðfjárræktarinnar á öðrum tímum árs.

Hér má nefna það að Magnús Sigurðsson á Gilsbakka í Borgarfirði hefur í skrá um sel í Hvítársíðu og víðar í uppsveitum Borgarfjarðar gert greinarmun á sumarseljum og vetrarseljum og hefur skrifað m.a.: „Af aðstæðum má ráða, að selin hér í sveit hafa eingöngu verið sumarsel, (til að koma málnytupeningi á kjarnbetri beit og upp fyrir skógarmörk), en ekki beitarhús, eins og sums staðar mun greinilega vera merking orðsins „sel“.

<sup>153</sup> Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk*. Úr vinnuhandriti. Birnustaðir 13.

<sup>154</sup> Guðmundur Bjarnason: *Frjálsa, glaða líf* (1993), 16.

<sup>155</sup> *Sóknalýsingar Vestfjarða II* (1952), 77.





*Miklar minjar um sel og býli á Sléttanesi. Hringlaga tóftirnar gætu hafa verið sauðabyrgi, hlöð. Stutt er þarna til sjávar og lítil lind sprettur fram neðan við tóftirnar sem næstar eru, neðst til vinstri. Myndin var tekin 25.8.2020.*

Hér „vestur í hreppum“, eins og við segjum, þ. e. á Mýrum, eru nokkur býli, flest þó í eyði, sem bera slík nöfn. Mér þykir líklegt að margt af þeim hafi fremur verið beitarhús en sumarsel, (en stundum hvort tveggja. . . )<sup>156</sup> Í sömu átt hnígur skýring Aðalsteins L. Valdimarssonar á nafni bæjar hans, Strandselja í Ögursveit, en hann skrifaði: „Niðurstaðan er sú að líklegast er að hjer hafi verið beitarastaða á vetrum, vetrarsel, enda var talað um að hjer væri í meðalári 12 vikna fjörubeit á vetri.“<sup>157</sup>

Mannvikin á seljunum gegndu fjölþættu hlutverki í umhirðu sauðfjárins allt eftir þörf á hverjum árstíma en líka eftir að frumhlutverki þeirra lauk. Þannig skrifaði til dæmis heimildarmaður úr Haukadal:

<sup>156</sup> Magnús Sigurðsson frá Gilsbakka í bréfi til BG 1. ágúst 2006 ásamt greinargerð til Þórdar Tómassonar í Skógum *Um sel í Hvítársíðu o.v. í uppsveitum Borgarfjarðar* dags. 22. desember 2000.

<sup>157</sup> Aðalsteinn L. Valdimarsson á Strandseljum í tölvubréfi til BG 31. ágúst 2020.

Jeg heyrði aldrei minnst á það hjá foreldrum mínum í hvaða tilgangi „Sel“ voru byggð. Jeg get helst hugsað mér að þau hafi verið notuð til að reka inn í þau lambær á vorin, til að marka, rýja og mjólka frá, ef þess þyrfti, svo ekki þyrfti að vera að reka lambfé heim af dalnum til þess. Þá hafa þessi „Sel“ einnig kannske verið notuð til að „stía frá“ sem kallað var, þá voru lömbin tekin frá mæðrum sínum á kvöldin, en ærnar svo mjólkaðar að morgni, áður en lömbunum var slept til þeirra . . . Þetta var stundum gert heima á Skálará hjá foreldrum mínum þegar lítil var kúamjólk. Þá get jeg hugsað mér að þessi „Sel“ hafi líka verið notuð sem beitarhús framan af vetri.<sup>158</sup>

Ef til vill var síðasta hlutverkið á mörgum seljanna að skýla smala í hjásetu, í dálitlum kofa hlöðnum á rústum gamals sel, eins og t.d. í *Hrauni*, *Fremraseli* á Meðaldal og á *Höfða*, eða í gömlu og fallandi selhúsi. Það reið á að nýta fornþekkta beitarkosti sellandsins.

<sup>158</sup> Jens Kr. Gestsson frá Skálará í bréfi til BG 23. nóvember 1980.



## Sumarfjós og stekkar

Hugtakið *sumarfjós* ber fyrir á þremur jörðum örnefnaskrá og úttektum, öll í næsta nágrenni bæjanna, fjós notuð að sumarlagi megi marka heitið. Á Kirkjubóli var sumarfjós til dæmis metið til álags við jarðarúttekt vorið 1908<sup>159</sup> og í Fremri-Hjarðardal segir um Fjóshrygg í örnefnaskrá frá 1933: „Býst ég við, að hvolfið, gilið og hryggurinn beri nafn af *sumarfjósi*, er *stendur á útrækt niður af hvolfinu* [lbr. mín].“<sup>160</sup> Sumarfjós virðast því hafa tíðkast vel fram á tuttugustu öld.

Beinar heimildir um hlutverk sumarfjósanna og nýtingu liggja ekki fyrir svo umfjöllun mín verður næsta þokukennd. Reinton, hinn norski, sem fyrr var nefndur, áleit sumarfjós (og hann nefnir einnig *vorfjós*) fremur nýja skipan sem í Noregi hafi verið hvað algengust á Vesturlandinu. Hann tiltók dæmi um að sumarfjósin hafi menn tekið upp „i seinare tid etter at de tok til å legge ned heimsætrane.“<sup>161</sup> Vel má því velta upp þeirri tilgátu að sumarfjósin í Dýrafirði hafi verið liður í aflögn seljanna, reist í hliðstæðum tilgangi og selin, það er til þess að hlífa túni og landi næst bæ, en spara vinnu við mjólkurvinnslu og flutninga og nýta vinnuafli heima á bænum betur.

Ef til vill gegndu líka stekkarir, sem í örnefnaskrá er getið á fjórum fimmtu jarðanna, oftast „stekkjarveg“ frá bæ, sama hlutverki. Svo íburðarmikil mannvirki sem margir stekkanna virðast hafa verið, voru varla reist til nokkurra daga notkunar á ári á meðan verið var að stíla lömbin frá mæðrum sínum í upphafi sumarmjöltunar ána. Stekkana mátti auðveldlega nýta með göngu heiman frá bæ en samt þannig að ánum var haldið frá húshögum, til beitar á eða að minnsta kosti nærri selhögum. Þannig hafa stekkur og sel í sumum tilvikum verið nýtt með sama hætti, sem mjaltastaður –



*Mjaltað í kvíum. Myndin sýnir hve ærnar röðuðu sér reglulega í kvína til nokkurra þæginda fyrir mjaltafólkið. Myndin er frá Böggvisstöðum í Svarfaðardal og var tekin laust eftir aldamótin 1900. Mynd frá Sigríði Kristinsdóttur.*

*mjaltasel* – aðeins hugtökin verið mismunandi. Má hér benda á mikla bæjanánd talinna selja frá Höfn, Hólum og Ketilseyri.

Varðandi sumarnýtingu landsins skipti tvennt miklu: að hlífa slægjulöndum túns og *húshaga* fyrir ágangi búfjár svo ekki rýrði hefynd, og að tryggja málnytupeningi kostarík beitolönd, *selhaga*. Þar sem daglegar gerðir manna eru jafnan fall af sæg breytipátta er freistandi að ímynda sér að til hafi verið millistig landnýtingar að sumarlagi með málnytupeningi og að þessi stig hafi verið notuð til dæmis þegar að því kom að selfarir lögðust endanlega af. Hugmynd um þau millistig, köllum þau (x), má tákna þannig:

**Býli** (húshagar) ← (x) → **Sel** (selhagar)

Það eru einkum þrennt sem styður þessa hugmynd: Í fyrsta lagi eru það bendingar sem fengust bæði af frásögnum heimildarmanna og eigin athugunum á einföldum og óljósum mannvistarleifum í úthögum sem gátu minnt á kvíar eða annað aðhald fyrir búfé, ellegar smalakofar.<sup>162</sup> Í öðru

<sup>159</sup> Afrit af Úttektargjörð 15. maí 1908, í vörslu BG.

<sup>160</sup> Örnefnaskrá. Fremri-Hjarðardalur/Guðbjörg Guðmundsdóttir.

<sup>161</sup> Reinton: *Sæterbruket i Noreg I*, 24-25.

<sup>162</sup> Þessi óljósu mannvirki voru ekki rannsökuð sérstaklega en benda má á dæmi um þau frá Hrauni (á Gjalpardal), sbr. frásögn Guðmundar S. Magnússonar, síðasta bónda í Hrauni, sem og frá Meðaldal, sbr. ábendingu Guðbrandar Stefánssonar bónda í Hólum, næsta bæ innan við Meðaldal.

lagi eru það mannvirkin á selstöðunum og lesa má af myndum á bls. 52-69. Sum geta hafa verið fullburðug íveru- og mjólkurvinnslu hús en önnur aðeins næturskýli eða smalakofar – mannvirki sem líka geta verið frá ýmsum tímum og breytileg frá einni jörð til annarrar. Í þriðja lagi eru það svo *stekkarnir*, þessar einkennandi réttir eða kvíar sem mörg örnefni eru tengd og lágu í dálítilli fjarlægð – stekkjaveg – frá býli.<sup>163</sup> Vegalengdin var að sönnu ekki stöðluð en líklega ekki höfð meiri en svo að á stekkin og af honum mætti ganga á skaplegum tíma og með tilheyrandi byrði (málnytuna). Ég hef ekki gert sérstaka rannsókn á stekkjaminjum á svæðinu en lausleg athugun sýnir að stekkir hafa, að minnsta kosti sumir hverjir, verið býsna íburðarmikil mannvirki. Í ljósi þess má velja því fyrir sér hvort menn hafi komið þeim upp til þess eins að nota þau um stekktið, á meðan lömb voru vanin undan mæðrum sínum – á svo sem 2-3 vikna tíma á hverju ári.<sup>164</sup>

Ég tel ekki fráleitt að ætla að stekkur kunni á tíðum að hafa þjónað hlutverki sels (mjaltasels); að vegna fjarlægðar frá bæ, þótt takmörkuð væri, hafi hann dugað til þess að halda uppi hinni nauðsynlegu tvískiptingu landnýtingarinnar: *húshaga* og *selhaga*. Sú skipting var sýnilega ekki landfræðilega fastbundin heldur kvik eftir eftir ýmsum aðstæðum. Þarft væri að kanna þátt stekkanna í þessu efni nánar. Hvernig tókst að hagnýta þessa hugmyndafræði á heimilunum mörgu og á ýmsum tímum sögunnar markaði efnalega afkomu einstaklinganna – og úr því spunnust hvort heldur bláþræðir eða gildir kaflar á hnökróttu bandi kynslóðanna.

### Vinnubrögðin, mjólkinn og smjörið

Hvernig var vinnubrögðunum hagað í seljunum? Sjálfsagt hafa þau verið með ýmsu móti, allt eftir aðstæðum. Svo heppin erum við þó að til eru lýsingar frá síðustu árum selfaranna á vinnubrögðum í selinu frá Holti í Önundarfirði.

<sup>163</sup> Halldór Stefánsson: „Fráfærur“. (1955), 117-121.

<sup>164</sup> Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenzkir þjóðhættir* (1961), 167-169.

Það stóð frammi á Bjarnardal – heiman til við Selá sem fellur fram úr Skáldagrímsdal sem þverá í Bjarnardalsá. Nú var Holt stórbýli að tiltölu og þarf að hafa það í huga þegar frásögnin er metin en hana skrifaði Ólafur Þ. Kristjánsson.<sup>165</sup>

Ólafur rakti frásögn tveggja heimildarmanna. Ágúst Guðmundsson á Sæbóli á Ingjaldssandi hafði eftir Guðrúnu Sakaríasdóttur, sem mun hafa verið fædd 1854, og dvaldi í Holti 1870-1872:

2-3 stúlkur voru í selinu að jafnaði. Kýrnar voru mjólkaðar fyrst, og var það oftast búið þegar féð kom. Ein stúlkun fór að öllum jafnaði þegar búið var að mjólka kýrnar og ærnar fyrri mjölt til þess að setja mjólkina, en hinar mjólkuðu eftirmjölt. Smérið var flutt heim í krókum, en skyrið einu sinni í viku í strokkum. Drukkurinn var fluttur heim í tvíbytnum að vetrinum, dreginn á sleða.

Hinn heimildarmaðurinn var Þorkell Guðmundsson frá Þórustöðum í Önundarfirði, fæddur 1861; hann var smali í Holti en fluttist þaðan með presti, Sr. Stefáni Stephensen, inn í Vatnsfjörð árið 1884. Þorkell gæti því hafa verið nokkru lengur í Holti en áðurnefnd Guðrún. Hann sagði lömb hafa verið setin heima í Holti nokkra daga eftir fráfarur áður en þau voru rekin fram í Kálfabana, sem er afdalur Bjarnardals; skrifaði síðan:

Ærnar voru aftur á móti strax reknar fram í Holtssel. Yfirleitt var ekki setið hjá ánum nema kannske einn dag, heldur var þeim smalað allan fráfarernatímunn. Eftir mjaltir kvölds og morgna voru þær reknar fram fyrir Heiðará á Mjóadal [annar afdalur Bjarnardals]. – Ekki er nema 7-8 mínútna gangur frá selinu fram að Heiðará eða tæplega það, en Mjóidalur er langur.

Smalinn var vakinn kl. 3-4 á nóttunni til smalamenskunnar og einnig var farið að smala um svipað leyti, kl. 3-4, að degi til. Smalinn hélt alltaf til í selinu.

<sup>165</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson: „Vinnubrögð í Holtsseli“. (1979), 137-145.

Venjulega voru 3 stúlkur í selinu, selráðskonan og 2 mjaltakonur. Selráðskonan annaðist matseld og mjólkina, renndi trogum og sá um smjörgerðina, en undanrennan var *daglega* flutt heim að Holti<sup>166</sup> í tveimur 80 marka (40 lítra) kútum og þar var skyrið búið til. Dallur með dagssmjörinu var reiddur ofan á milli á hestinum.

Selkonurnar fóru oft heim að Holti á daginn til þess að þurrka og raka þegar svo stóð á, en voru alltaf í selinu yfir nóttina.

Þegar heyjað var í selinu, í Heiðarennunum, en það eru brekkurnar heiman til við Heiðará, grasgefnar mjög, munu tveir karlmenn hafa dvalið þar framfrá vikutíma eða svo. Heyið var flutt heim í selið.

Í sláttarlok flutti svo fólkið úr selinu heim að Holti og tók ærnar með sér. Eftir þann tíma munu þær ekki hafa verið mjólkaðar nema einu sinni á dag.

Féð var haft heima í Holti fram unír snjóa, en þá voru ærnar reknar í selið að nýju og hafðar þar fram undir hátíðar eða meðan selheiyið entist. Fjármaðurinn sem gætti fjárins og stóð yfir því á daginn gisti ýmist á Kirkjubóli eða í Tröð, oftast þó á Kirkjubóli.

Kýr voru aldrei hafðar í selinu á æskuárum Þorkels.

Svo má nú ekki síðar verða í þessari ritsmíð að vikið sé að afurðinni sem fráfarur og seljabúskapur snerist um – *mjólkinni* – magni hennar og gæðum. Skiljanlega vitum við fátt um slíkar tölur frá tímum seljanna en þegar dró að lokum mjólkurframleiðslu með sauðfé og kjöt tók að hækka í verði sakir vaxandi eftirspurnar birtust niðurstöður athugana glöggra bænda. Fróðlegum athugunum er sagt frá í búnaðarblöðum á fyrstu tveimur áratugum tuttugustu aldar. Þá hvöttu nefnilega ýmsir til eflingar fráfarerna, eins og nánar verður vikið að.

<sup>166</sup> Kristján Helgi Kristjánsson hafði það eftir síðustu selráðskonunni í Meðaldal, Sigríði Benónýsdóttur, að sauðamjólkin hafi verið reidd heim daglega (og þá sennilega unnin þar). Það var um 1870. Í samtali við BG 13. nóvember 1980.

Sumarnyt áнна réðist að mestum hluta af eðlis-eiginleikum þeirra, gæðum sumarhaga og veðurfari á mjaltaskeiði áнна. Þorvaldur Thoroddsen skrifaði m.a.:

Munurinn á mjólkurhæð áa er afarmikill . . . Í Þingeyjarsýslu er víða gott málnytuland og mjólka ær þar miklu betur en syðra. Þar eru til málnytuskýrslur frá ýmsum bæjum, og er meðalærnytin í Suður-Þingeyjarsýslu talin 50 kg. mjólkur og 3 kg. smjörs<sup>167</sup>. . . Sigurður Sigurðsson telur (1918) meðalærnytt fyrir landið allt 40-45 kg. yfir sumarið (10-12 vikur) og gerir ráð fyrir að eitt kg. af smjöri fái úr 15 kg. mjólkur.<sup>168</sup>

Sumarnyt vestlenskra áa á ýmsum sumrum og á nokkrum bæjum í byrjun tuttugustu aldar var 55,6 kg (43-63 kg) og í Ólafsdal nýttist mjólkin þannig að úr 100 kg hennar fengust 38,5 kg af skyri og 6,9 kg af smjöri.<sup>169</sup>

Bræðurnir Jóhannes og Kristján Davíðssynir í Neðri-Hjarðardal héldu um árabíl skýrslur um nyt kvíaáa sinna, og birtu þær. Árabílið 1917-1920 nam meðalnytin þar til dæmis 58 kg/á.<sup>170</sup> Jóhannes mun hafa hlutast til um að sumarið 1917 var haldin mjólkurskýrsla á nokkrum bæjum í Mýrahreppi. Þá reyndist meðalnytin á fjórum heimilum á Ingjaldssandi (Sæbóli og þremur heimilum á Hrauni) vera 75 kg/á en á þremur í miðsveitinni (Mýrum, Fremstuhúsum og Neðri-Hjarðardal) 55 kg/á. Munurinn nam 36% og var ályktun heimildarmannsins þessi:

Geta verður þess, að á Ingjaldssandi eru betri hagar en í Dýrafirðinum. Þegar fleiri skýrslur eru fengnar, verður þetta mál tekið til rækilegrar yfirvegunar, en enn vantar nógu traustan grundvöll til að byggja samanburð á, ef hann á að hafa almennt gildi.<sup>171</sup>

<sup>167</sup> Þorvaldur byggir hér á tölum frá Baldvín Friðlaugssyni í *Frey* (1916), 23-25: Meðalnyt á tólf bæjum þar nýrðra frá ýmsum sumrum við fyrri aldamót var 48,9 kg mjólkur eftir ána; frá 38 til 65 kg. Meðal smjörmagnið var 3,85 kg, er svarar til 7,9 kg smjörs úr 100 kg mjólkur.

<sup>168</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III (1919), 339.

<sup>169</sup> Markús Torfason: „Um fráfarur“. (1917), 50.

<sup>170</sup> Jóhannes Davíðsson: „Um mjólkurfje“. (1921), 109.

<sup>171</sup> P.[áll] Z.[óphóniasson]: „Hvað ær mjólka“. (1918), 63.





*Ær mjólkaðar í færíkvi á Hrafnabjörgum í Lokinhamradal um 1950. Sigríður Ragnarsdóttir mjólkar. Ljósma.: Þorsteinn Jósefsson.*

Framhald mun ekki hafa orðið á mælingum enda fjarði brátt undan fráferum. Tölurnar, sem hér hafa verið raktar, gefa hins vegar hugmynd um hve afurðirnar eftir sumarbeitina gátu verið mismunandi eftir aðstæðum. Þær sýna líka að töluvert mátti á sig leggja til þess að nýta góða sumarhaga, hvort heldur var með seljum og selför eða annarri markvissri stjórn sumarbeitar mjólkuranna. Þess vegna settu Dýrfirðingar selin sín á framdölum, bændur á neðri bæjunum á Ingjaldssandi héldu mjólkurær sínar frammi á Heiðum, eins og það hét þar og Holtsprestur lét hirða um kvíaaær sínar í Holtsseli frammi á Bjarnardal – og hélt þeim sið lengur en flestir aðrir.

### Fráfæru lagðar af og búháttum breytt

Eins og þungabrim hefst með léttum súgi, svo hnuplað sé myndlíkingu úr *Selju litlu*, hinu þekktu kvæði Guðmundar Inga á Kirkjubóli í Bjarnardal, eins lýkur því með léttum og sofnandi bárum. Þannig var það líka með selin. Rétt undir lok nítjándu aldar skrifaði Pétur Jónsson á Gautlöndum rækilega grein þar sem hann færði rök fyrir og hvatti til stofnunar samlagsselja, til dæmis 6-8 bæja með þá 6-800 ám. Kvað hann mikla umræðu hafa farið fram í Þingeyjarsýslu um málið þótt ekki hafi þá enn orðið af framkvæmdum.<sup>172</sup> Torfi

Bjarnason í Ólafsdal skrifaði rækilega grein um fráferur og samlagssel árið 1908, studdi hana glöggum hagreikningum og hvatti til stofnunar samlagsselja:

Það væri vert að athuga, hvort vér höfum haft gilda ástæðu til að leggja selin niður, eða þau hafa verið lögð niður í hugsunarleysi og af óframmsýni, eins og sumt annað gamalt og gott, sem týnst hefur.<sup>173</sup>

Fleiri ræddu málið en ástæðan fyrir endurreistum áhuga á selförum hefur líklega verið sú að nokkru fyrir hafði tekið fyrir sauðasöluna til Bretlands sem gefið hafði ýmsum bændum í stöku héruðum vel þegnar tekjur. Ein leið til þess að mæta tekjubrestinum var talin vera framleiðsla smjör fyrir erlendan markað, leið sem reynd var og gaf góðan en skammæan ábata.<sup>174</sup> Menn gerði bæði sárt og að klæja eins og haft var eftir Sigríði Jónsdóttur húsfreyju í Alviðru í Dýrafirði, f. 1896, um fráfersluna: „Þetta var svo mikið tilstand. Það þurfti að þrifa kollur og kirnur en það kom svo gríðarmikið smjör úr sauðamjólkinni.“<sup>175</sup> Erfiðir tímar urðu svo til þess að árið 1918 lagði Sigurður Jónsson atvinnumálaráðherra fram frumvarp

<sup>173</sup> Torfi Bjarnason: „Um fráferur“. (1908), 121.

<sup>174</sup> Bjarni Guðmundsson: *Konur breyttu búháttum* (2016).

<sup>175</sup> www.sarpur.is Frásögn Sigríðar Jónsdóttur frá Alviðru (f. 1896). 15124-a/1976-12-3.

<sup>172</sup> Pétur Jónsson: „Viðreisn landbúnaðarins“. (1899), 37-42.



*Meðal síðustu selja á Íslandi var selið að Hrauni í Skálavík sem nýtt var sumurin 1952-1954.*

á Alþingi um heimild til landsstjórnarinnar að fyrirskipa „fráfærur ásauðar“, fyrst og fremst í þeim tilgangi „að reyna að bæta úr feitmetisskortinum, sem nú er að verða mjög tilfinnanlegur í kaupstöðum og sjávarþorpum og jafnvel einnig í sveitum,“ sagði í greinargerð með frumvarpinu. Málið var rætt allrækilega en því síðan vísað frá með rökstuddri dagskrá „í því trausti, að landsstjórnin stuðli að því eftir fongum, að bændur geti fengið sem ódýrastan og hentugastan vinnukraft, til framkvæmdar fráfærum ásauðar, og gefi þeim upphvatningu til þess á annan tiltækilegan hátt“. . . Annmarkar á fráfærum voru helst taldir vera hve erfitt og dýrt yrði að útvega nauðsynlegan vinnukraft, að heyaflí bændu mundi minnka sakir fólkseklú og að minna yrði framleitt af góðu kjöti og spilla kjötmarkaði erlendis sem þá var til staðar.<sup>176</sup> Engu breytti þetta, selin voru að hverfa.

Mótstaðan gegn fráfærunum er aðallega byggð á fólkseklunni. Bændur kvarta um, að þá vanti kvenfólk til að nytka ærnar, og að ekki fái stunglingar til að smala eða sitja hjá . . .

<sup>176</sup> *Alþingistíðindi* (1918), A-deild, 4-6, 90-91, C-deild, 10-34.

skrifaði Sigurður Sigurðsson í grein um viðbrögð við dýrtíð árið 1918.<sup>177</sup>

Svo virðist sem síðasta báru seljabúskaparins, allavega í Ísafjarðarsýslum, hafi hniðið með framtaki bolvíkskra bænda sumurin 1952-1954. Þá tóku þrír bændur sig til, fluttu mjólkurkúr sínar út í Skálavík, að Meirahrauni, og héldu þær þar í tvo mánuði hvert sumar, júlí og ágúst. Mjólkinn var sótt annan hvern dag á bíl frá Bolungavík. Þrennt starfaði að selinu, stúlka með tveimur unglungum. „Ástæðan til þess að þessu var hætt var fyrst og fremst sú að erfitt reyndist að fá góða unglunga til þess að sjá um „selið“ eins og reyndar til annarra starfa í sveit á þessum árum“, skrifaði Guðmundur Magnússon bóndi á Hóli, er var einn bændanna sem að selförinni stóð.<sup>178</sup>

<sup>177</sup> Sigurður Sigurðsson: „Dýrtíðarhugleiðingar“. (1918), 23.

<sup>178</sup> Helga Guðmundsdóttir frá Hóli í bréfi til BG 10. febrúar 2009, ásamt afriti af greinargerð Guðmundar Magnússonar, föður hennar, er rituð var 10. janúar 1969 til Þórðar Tómassonar í Skógum. Helga vann í selinu öll sumurin.

Það var *vinnan* sem á hverjum tíma var sá þátturinn er helst takmarkaði rekstur seljanna: Hún var mikil og ekki eftirsóknarverð, sennilega sakir aðstöðu, aðbúnaðar og fásinnis.

## Sel og verstöðvar – greinar á sömu rót

Lífbeltin tvö: Svo eftirminnilega orðaði Kristján Eldjárn forseti lýsingu á auðlindunum tveimur – gróðurlendinu og sjónum – sem um aldir voru forsenda tilveru þjóðar hér á Íslandseyju. Með skírskotun til þess sem og hugtaksins hennar Daugstad – *grenseland* – er freisting að draga hér í lokin fram nokkra hliðstæðu hvað varðar auðlindanýtingu kynslóðanna:

Á sama grunni og selstöðurnar voru handan mæra menningar (*kultur*) og náttúru (*natur*) má segja að verstöðvarnar hafi verið það hvað snerti sókn til sjávarins. Með verstöðvunum tóku menn sér tímabundna búðsetu til þess að auðvelda nýtingu auðlindar hafsins, rétt eins og menn gerðu með selstöðunum hvað gróðurlendið snerti. Við Dýrafjörð voru selfarir farnar á hásumri til fjarliggjandi gróðurlanda. Á vertíðum annarra tíma ársins, einkum vor og haust, fóru menn með hliðstæðum hætti til fiskivera sinna á *Skéri*, *Hafnarnesi* og yfir á *Fjallaskaga*. Markmið beggja ferðanna voru hin sömu: Að afla próteins og feitmetis til eigin viðurværis en einnig sem gjaldmiðla til leigugreiðslna og þeirra takmörkuðu viðskipta er stunduð voru. Í seljunum stóð ríki kvenna. Í verstöðvunum ríktu karlar. Var það ef til vill eitt form þeirrar tíðar er markaði (annabundið) frelsi og jafnrétti kynjanna? Og þá má líka spyrja hvort aflögn seljabúskaparins hafi haft sambærileg áhrif á afkomugrundvöll heimilanna og hvarf þeirra frá notkun verstöðva til einhliða heimræðis hefði haft? Að þeirri spurningu kom þó ekki því þörfin fyrir selför og sauðamjaltir þvarr með gerbreyttum þjóðfélagsháttum – og nútíma.





## YFIRLIT

- Á nær öllum jörðum við Dýrafjörð er að finna minjar um sel – örnefni, sagnir eða sýnilegar minjar. Ekki má þó líta á skrá þessa rits sem tæmandi yfirlit um þær.
- Skipan og gerð selmannvirkja virðist í stórum dráttum fylgja hinni norrænu gerð selja en þó með allmikilli fjölbreytni sem lýsir aðlögun að ríkjandi aðstæðum. Sýnilega hefur það verið mjög mismunandi hvernig selstöðurnar við Dýrafjörð voru nýttar, allt frá *mjaltaseli*, mjaltastað (stöðli, kví) með eða án næturhvíldaraðstöðu, til *alsels*, þar sem legið var við að mestu og búverkað um seljatímam.
- Notkun margra selstaðnanna virðist ekki hafa verið samfelld, sennilega vegna breytilegs árferðis svo og þess hvort fólk fékkst til starfanna en sá þáttur takmarkaði rekstur seljanna og olli endanlegri aflögn sumra þeirra. Örnefni (*Fornusel*) sýna að megin tímabil seljanna hafa verið að minnsta kosti tvenn og að endurreist sel hafi þá gjarnan verið sett á nýjum stöðum.
- Staðsetning seljanna í gróðurlendi hveirrar jarðar virðist hafa lotið reglu sem miðaði að því að hámarka nýtingu þess. Á flestum jarðanna má þannig greina tvískiptingu gróðurlendis þeirra í *húshaga* (heimavið) og *selhaga* (fjær), þannig að til alls gróðurlendisins mætti ná og þá með hóflegri fyrirhöfn málnytupenings í seli til beitarleitar og vinnufólks til gangs og flutninga.
- Seltóftirnar sýna að mikil vinna og fyrirhöfn hafi verið lögð í byggingu (og þá einnig viðhald) selmannvirkjanna – jafnvel engu minni en í jarðarhúsin heimavið. Er það nokkur mælikvarði á mikilvægi selstaðna og selfarar í framfærslu fólksins.
- Athyglisvert er hvernig seljum frá fleiri bæjum/býlum hefur verið komið fyrir í þyrpingum – seljaþorpum. Það hefur gert selfólkinu vistina bærilegri – skapað því sel-skap (!)
- Selmannvirkin eru af ýmsum gerðum. Á stærri jörðunum má finna leifar tví- og þrískiptra húsa sem gætu bent til fastrar búsetu selfólksins við mjaltir, mjólkurvinnslu, geymslu o.fl., sem kölluð hafa verið *alsel*. Annars staðar virðast húsin hafa verið lítil og einföld, jafnvel aðeins smalakofar, ef til vill aðeins til næturhvíldar og mjög takmarkaðrar vinnslu mjólkurinnar, *mjaltasel*, *stöðlar* eða eins konar *kvíaból*.
- Giskað er á að stekkir hafi að einhverju leyti komið í stað selja og að *stekkar* – *sel* hafi myndað kvikt kerfi sem auðveldaði lögun sumarnytkunar að breytilegum aðstæðum ábúenda hvað snerti vinnuafli og árgæsku: Að sum ár hafi málnytupeningnum verið beitt frá seli, í öðrum árum frá stekki en þeir lágu jafnan nær heimahúsum en selin.
- Það hversu minjar um kvíar eru algengar bendir til þess að ær hafi verið (helsti) selpeningurinn, að minnsta kosti á síðasta skeiði seljanna. Á fæstum selstaðnanna virðist grundvöllur hafa verið fyrir heyskap eða annarri landnýtingu en beit. Hins vegar er að finna leifar sauðabyrgja

á nokkrum seljum sem benda til þess að selstöðurnar hafi einnig verið notaðar utan hins hefðbundna sumarselstöðutíma, til dæmis vegna beitar sauðfjár á haustum, útmánuðum og jafnvel að einhverju marki til umönnunar þess á vorum.

- Óljósan mun var að sjá á seljaminejum sitt hvorum megin Dýrafjarðar. Þó virðast selstöður hafa verið lagðar jafn fyrir af í Þingeyrarhreppi, ef til vill með því að þar tóku bændur upp notkun færíkvía í meira mæli en Mýrhreppingar á ofanverðri nítjándu öld.
- Síðustu selin virðast hafa verið í notkun fram á níunda áratug nítjándu aldar. Líklega var síðast haft í seli frá Núpi.
- Sagnir sem enn lifa um selin og selfólkið bera blæ ævintýra og ofurmennsku. Þær vekja líkja grun um að selin hafi verið staður utan mæra hins þekkta og mennska – hafi legið á svæðum þess fjarlæga og lítt numda, ævintýralega og jafnvel vitund ógnandi í hugum fólks.




## UPPDRÆTTIR AF SELJAMINJUM

Enginn veit lengur með fullri vissu hvernig hús og önnur mannvirki á selstöðunum við Dýrafjörð litu út á meðan þau stóðu heil og voru í fullri notkun. Það má hins vegar giska á það, m.a. á grundvelli mælinga á tóftum og öðrum minjum sem enn sjást. Til dæmis *gætu* selhúsin frá Kirkjubóli hafa litið einhvern veginn svona út:




Hér á eftir fer tvennt. Annars vegar eru það grunnmyndir af seljunum sem athuguð voru en hins vegar tafla um staðsetningu þeirra – GPS-punktur. Punktarnir eru yfirleitt teknir í stærstu sýnilegu tóft á hverju seli. Fylgt er bæjaröðinni frá *Svalvogum* yst við Dýrafjörð að sunnanverðu


(oftast þó sagt að vestanverðu!) inn með firði að Botni og síðan út með honum að norðanverðu allt til *Fjallaskaga*. Sæmilega skýrar tóftir eru á uppdráttunum settar dökkum lit; þær óskýrari með ögn ljósari lit.




**Sel frá Svalvogum**, á Sléttanesi skammt ofan fjöru. Miklar minjar um eldri og yngri mannvirki sem benda til fleiri hlutverka: Sel, býli, beitarhús? Þak stóð á tóftinni við steininn fram á 20. öld. Tóftir grænka enn vel. Mikið og gott beutiland. Heyskarparland. Þriggja stundarfjórðunga gangur heim að Svalvogum.



**Sel frá Höfn**, talið vera í mynni Hafnardals norðanverðu, þar í bratta – mjög óljósar minjar – við blett vaxinn bugðupunti o.fl. Helst sést til kvíar sem grænkar nokkuð umfram umhverfi sitt. Töluvert beutiland og heyskarparland nokkuð. Vart meira en stundarfjórðungs gangur heim að bæ.




**Sel frá Saurum**, (etv. áður Hrauni) rétt heiman *Þverár*. Í seljaþyrpingu *Keldudals*. Hluti tófta er mjög ógreinilegur en botn aðaltóftanna grænkar vel enn. Síðast stóðu þar beitarhús, notuð framan af vetri. Drjúgmikið og gott beitiland. Heyskarland nærri. Vart meira en hálf tíma gangur heim að Saurum.




**Sel frá Hrauni**, rétt framan *Þverár* úr Álftaskál. Í seljaþyrpingu *Keldudals*, sjá mynd á bls. 24, t.h. Grjótmikil kví gæti hafa verið rétt því hún hefur ekki mjaltakvíarlögun. Drjúgmikið og gott beitiland. Heyskarland nærri. Um einnar stundar gangur heim að Hrauni.







**Nýjasel frá Arnarnúpi**, fast við *Langá*. Í seljabyrpingu *Keldudals*. Grjótmiklar hleðslur, virðast „nýlegar“. Gætu hafa verið kví og næturskýli. Skriðuföll munu hafa stórspillt seljatóftum þarna um 1940. Drjúgmikið og gott beitiland. Heyskaparland nærri. Tæplega einnar stundar gangur heim að bæ.




**Fornasel frá Arnarnúpi**. Sýnilega forn og mikil mannvirki. Grænka lítt umfram umhverfi. Óljós ummerki réttar ofan við selið. Mikið og gott beiti- og heyskaparland með góðum slægjum, einkum niður undir *Langá*. Hálf tíma gangur heim að bæ. Nú hefur verið byggður frístundabústaður og trjám plantað á selstöðunum sem áhrif hafa á ásýnd þeirra og varðveislu, sem og aðgengi að þeim.



**Sel frá Sveinseyri**, í vel afmörkuðu umhverfi á *Eyrardal* í fast að 240 m hæð, sjá líka mynd á bls. 34, t.h. Grænkar nokkuð frá umhverfi sínu. Í vinstri tóft virðist enn mega sjá þekjuför í veggjum. Grjótborin, niðurgrafin kví. Takmarkað beitiland. Língresisvöllur umhverfis selið gæti hafa leyft heyskap. Um 40 mín gangur heim að bæ; selgatan mjög á fótinn.




**Sel frá Haukadal**, rétt framan *Þverár* af *Lambadal*. Sagnir um byggð þegar á landnámsöld. Miklar minjar um eldri og yngri mannvirki sem benda til fleiri hlutverka: Sel, býli, beitarhús? ... mörg þeirra mjög grjótborin. Hluti tófta grænkar enn nokkuð umfram umhverfi sitt. Grjóthlaðin fjárrétt af yngri gerð. Fjárbyrgi – hlað. Mikið og gott beiti- og heyskaparland. Hálfra stundar gangur heim að bæjum.




**Sel frá Meðaldal.** Selin eru a.m.k. tvenn og sýnast misgömul:

**Heimrasel:** Forn mannvirki er grænka vart svo greina megi frá umhverfinu. Mikið stórþýfi og margar tóftanna renna út í þýfið. Meðaldalsá hefur sýnilega rofið í hluta þeirra. Fleiri tóftarbrot gætu leynst þarna. Beiti- og heyskaparland töluvert. Um 20 mín gangur heim að bæ.




**Fremrasel:** Grænkar enn glögg frá gróðursælu umhverfi. Meint kví sérkennileg að lögun. Heyskapur líklegur þar nærlendis. Í djújum rétt heiman við selið eru stallar sem vekja grun um mótekju. Rúst smalakofa (efst á myndinni) sem reistur var í byrjun síðustu aldar. Töluvert beitoland en varla slægjuland. Tæplega klukkustundar gangur heim að bæ.







**Sel frá Hólum.** Mjög fornar og óljósar minjar, að töluverðum hluta orðnar lynggrónar og grænka því eiginlega ekki frá umhverfi sínu, sjá einnig mynd á bls. 38. Vatnsból hvergi nærri en heyskaparland gæti hafa verið þar. Töluvert beitiland. Tæplega 20 mín gangur heim að bæ.




**Sel frá Kirkjubóli** skammt framan *Hrossaskriðu*, sjá einnig mynd á bls. 15. Mjög skýrar seljaminejar sem enn grænka að mun frá umhverfi sínu. Töluvert en dreift beitiland. Auðvelt um heyskap nærlendis. Garðbrot í *Seljamýrinni* vekur grun um áveitu/uppistöðu í hluta hennar. Neðsta tóftin gæti hafa verið fjárbyrgi – hlað. Um 45 mín gangur heim að bæ.




**Sel frá Hofi** fast handan Kirkjubólssár en svo sem 300 m framur en Kirkjubólsselið, sjá einnig mynd á bls. 22. Að miklum hluta lynggrónar tóftir sem vart og ekki grænka frá umhverfi sínu. Mjög ógreinileg kví (?) í holtiþróun rétt heiman selsins. Beitiþand nokkuð en dreift. Slægjur afar takmarkaðar. Um hálf tíma gangur heim að bæ.



**Sel frá Söndum** á Galtadal. Sagt að þar hafi staðið býli. Mjög skýrar seljamingjar á lágum hól. Troðin gata framman við kvína, er virðist vera hluti af túngarði sem greina má hluta af kringum selið. Frá selinu sér vel til beitiþands sem er töluvert en dreift. Ekki augljós merki um heyskap þótt graslendi með heilgrösum sé nálægt. Líklega hálf frá annarrar stundar gangur heim að Söndum.




**Sel frá Granda** undir *Grandahorni* á *Galtadal*, sjá einnig mynd á bls. 29. Lynggrónar tóftir, grænka lítið sem ekkert frá umhverfi sínu. Virðast mjög fornar. Væn heyskapar- og beitarlönd umhverfis. Líðlega hálftrar stundar gangur heim að bæ.




**Sel frá Brekku** í mynni *Brekkudals*. Selið stendur í allnokkrum bratta innan (austan) við *Þverá*. Virðast vera minjar tvennra misgamalla selja. Tóftir „yngra“ selsins (t.h.) eru vel skýrar enn og grænka umfram umhverfið. Allnokkuð beitaland. Heyskapur kann að hafa verið stundaður en brattlendi hefur verið til boga. Sennilega hálf tíma gangur frá bæ.







**Sel frá Hvammi** á *Ausudal* undir *Selhólum*. Tóftirnar eru flestar lynggrónar, skera sig lítt frá umhverfinu og virðast því mjög gamlar. Þó sennilega mannvirki frá mismunandi tímum. Beitiland dreift en töluvert. Heyjað var land meðfram *Ausuá*. Hringtóftin er greinilegust, hefur verið fjárbyrgi – hlað. Um einnar stundar gangur heim að bæ.




**Sel frá Botni** á *Selbala*, norðan *Botnsár* framan *Kleifa*, sjá mynd á bls. 7. Tóftir orðnar mjög fornlegar vegna lynggróðurs og kjarrs. Heilgrasabali er þó rétt heiman selsins. Vænt beitiland en slægjuland varla mikið. Útsýni frá selinu er ægifagurt. Um einnar stundar gangur heim að bæ.




**Sel frá Innri-Lambadal** við *Selholt* fram undir *Selá*. Seljatóftirnar eru afar ógreinilegar, nánast þýfið eitt sem þó slær grænni lit á en umhverfi, sjá mynd á bls. 31. Heiman við holtið stendur kvíin sem er mjög greinileg enn. Mikið og gott land til beitar sem og til heyskapar. Um þriggja stundarfjórðunga gangur er heim að bæ.




**Sel frá Ytri-Lambadal** fram undir *Seljagili*. Mannvirki frá ýmsum tímum, þau yngstu (?) mjög vönduð og í tóftum mótar fyrir þaktorfi. Enn grænka tóftir líka allskýrt. Fjárbyrgi – hlað – virðist hafa verið um 100 m neðan við selið. Mikið og gott land til beitar sem og til heyskapar. Þar niður við ána sýnist vera gömul og gróin mógröf. Á selinu mun hús hafa staðið uppi fram á tuttugustu öld. Tæplega hálf tíma gangur heim að bæ.



**Sel frá Höfða** undir *Háhólum* á *Hjarðardal*. Sennilega seljaþorp smárra eininga og ef til vill mannvirki frá mismunandi tímum. Yngstur virðist geta hafa verið upphlaðinn smalakofi. Kvíar að mestu úr grjóti. Töluvert land til beitjar og slægna. *Selflóinn* (Seltúnið) var sleginn áður. Tæplega einnar stundar gangur heim að Höfða-bæ. Í þyrpingunni gætu einnig verið minjar sels frá *Næfranesi* en *Selgötur* liggja þaðan yfir hálsinn á milli *Næfranes-bæjar* og þessarar selstöðu.




**Fornasel á Hjarðardal** á framdalnum. Tóftir standa á hól svo vel sér til beutilands, sjá mynd á bls. 21. Óljósar minjar um grjóthlaðna kví. Sýnilega mjög gamlar því lyng og fjalldrapi klæða tóftir að mestum hluta. Töluvert beutiland. Nokkur slægjulönd í nágrenni. Á að giska klukkustundar gangur heim að Neðri-Hjarðardalsbæ.




**Sel á Hjarðardal** gegnt selinu frá Höfða. Skýrt dæmi um selþorp, sjá mynd á bls. 10. Ekki færri en þrenn sel virðist mega greina þar, auk fjárbyggis, jafnvel fleiri en eins byggis. Sýnist töluvert beitiland. Graslendi mikið hið næsta selþyrpingunni svo mjög sennilega hefur þar mátt heyja. Líðlega hálf tíma gangur áætlast heim að Neðri-Hjarðardalsbæ.

**Vestasta selið:** Grjóthlaðin allstór kví að hluta felld inn í barð, sjá mynd á bls. 18. Líklega leifar smalakofa. Við ána eru grjótrústir sem benda til þess að áin hafi rofið mannvirki þarna.




**Miðselið:** Einnig allstór kví grjóthlaðin. Óljós merki um leifar eldri byggingar undir miðtöftunum; þær eru grænastar seltóftanna í þyrpingunni. Ferkantaða tóftin sýnilega yngst því í veggjum hennar, úr torfi og völdu grjóti, má sjá glögg för eftir þekju.







**Austasta selið:** Tóftir þess grænka nú ekki umfram umhverfið. Sýnilega tvenn byggingarstig. Eldri töftirnar óljósar og algrónar. Enga kví að sjá.




**Sel frá Gemlufalli** við ármót Gemlufallsár og Litladalsár (Þverár). Selið kúrir undir lynggrónu holti ofan í árdalnum. Lítið sést þaðan til beitilands. Tóft úr vönduðu grjóti, með óljósum þekjuförum, norðan við grjóthlaðna kví sem að hluta er felld inn í brekkuna. Einkennilegur haugur m.a. vaxinn snarrót fyrir kvíardyrum, gamall taðhaugur. Takmarkað land til beitar og slægna. Hálf tíma gangur heim að bæ.



**Sel frá Mýrum** á *Gemlufallsdal*, nokkru norðar en *Gemlufallsselið* og sömu megin ár, sjá mynd á bls. 14. Líklega tvenn byggingarstig. Tóftir norðvestan smálækjar eru ógreinilegar og grænka lítið. Utan við lækinn eru tóftir með vönduðum torf-grjót-hleðslum, sú stærsta stendur á allnokkrum hól og er með þekjuför í veggjum. Glögg grjótkví með brotinni lengdarstefnu. Allnokkuð land til beitar en takmarkað til slægna. Áætlast riflega einnar stundar gangur heim að Mýrum.




**Sel frá Núpi** á *Núpsdal* skammt framan lækjar úr *Hrútaskál*. Miklar en ógreinilegar tóftir eins og byggt hafi verið oft og breytt. Um fyrri aldamót voru byggð þar tvístæð fjárhús/beitarhús. Dökkgrænn gróður einkennir selhólinn Mikið graslendi umlendis, sagt mjög kostaríkt land til beitar, sýnist einnig gott til heyskapar. Líðlega einnar stundar gangur heim að Núps-bæ.




**Sel frá Alviðru á Núpsdal.** Selin eru tvenn: Það neðra stendur fast við *Núpsána* (I), marghýsi. Hitt ofar og fjær ánni (II), sýnilega eldra en er ein eining. Bæði selin grænka vel frá umhverfi sínu. Allmikið graslendi umlendis, sagt mjög kostaríkt land til beitar, sýnist einnig gott til heyskapar. Áætlast ríflega einnar og hálftrar stundar gangur heim að Alviðru-bæ.

**Yngra selið I:** Blautt land við tóftirnar enda lítill hæðarmunur á landi og *Núpsá*. Rétt við tóftirnar braut *Núpsá* mannvirki en önnur líklega reist í þeirra stað. Hugsanlega hefur þarna staðið þyrping selja.




**Eldra selið II:** Stendur á allháu barði eða hól. Tóftirnar hverfa inn í brekku og fram af þeim er stórþýfi. Þær grænka minna en I frá umlendinu og skera sig minna frá því að gróðurfari. Kví er ekki sjáanleg.




**Sel frá Gerðhömrum á Gerðhamradal.** Um tvenn sel er að ræða. Af grænku virðist mega ráða að misgömul séu. Kjarngott land.

**Heimra selið:** Í laut milli holta, aðeins 1200-1400 m frá Gerðhamrabæ. Óreglulegar og ekki glöggar tóftir, sem sýnilega hefur mikið verið borið í en grænka nú vart umfram umlendi sitt. Landþröng og takmarkað beitiland. Ef til vill er þetta sel frá Alviðru sem máldagar geta um að Alviðrumenn hafi haft rétt til á Gerðhamradal, sjá bls. 13-14.




**Fremra selið:** Aðaltóftin grænkar enn frá umhverfi sínu en er ógnað af Þverá sem rennur fast heiman selsins. Kvíin af „Mýrahreppsgerð“ – löng og mjó kví, gerð úr miklu grjóti. Töluvert beitiland og sagt kostagott. Skammt undan (~ 250 m) er selið frá Arnarnesi, sjá mynd á bls. 22. Fast að klukkustundar gangur heim að bæ.






**Sel frá Arnarnesi.** Selin eru á Gerðhamradal og eru tvenn:


**Gamlasel:** Selið stendur rétt heiman Þverár þar sem hún fellur í aðalána, nokkru ofar en fremra Gerðhamraselið. Algrónar tóftir en skera sig til muna úr umhverfinu að grænku. Rétt heimar eru leifar fjárbyrgis – hlaðs – eða stakkgarðs, enda mýrlendið heimanvið selið grasgefið. Fleiri mannvirkjaleifar en ógreinilegar. Töluvert beitiland og sagt kostgott. Miklar mógrafir einnig. Um klukkustundar gangur heim að bæ.



**Fornasel:** Miklar og sýnilega fornar mannvirkjaleifar heimarlega á Gerðhamradal. Hvað grænku snertir skera þær sig ekki frá umhverfinu en stórþýfið bendir til mikilla mannvirkja á sínum tíma. Beiti- og heyskapolnd víð kringum og framan við selið. Líklega stífur háltíma gangur heim að Arnarnes-bæ.



**Sel (?) frá Birnustöðum.** Á *Múlunum* eru tvönn mannvirki, mest ber þar á tveimur sauðabyrgjum, sem munu hafa verið frá Mýrum og Núpi. Frá meintu seli heim að Birnustöðum er ríflega 20 mín gangur. Þarna er 3-4 hektara graslendi sem hjalli í annars brattri og skriðurunninni hlíðinni. Fremur þröngt til beitar. Heyskapur hefur verið vel mögulegur. Lækur innst á hjallanum og landshættir þar fremst vekja grun um áveitu til grasauka. *Efra fjárbyrgið/selið:* Grænkar enn skýrt frá umhverfi sínu. Fast við byrgið eru fleiri tóftir sem benda til selmannvirkis (sjá mynd á bls. 40). *Neðra fjárbyrgið:* Byrgið er sömu gerðar og það efra en grænkar ekki lengur frá umhverfi sínu og virðist því eldra. Aðrar mannvirkjaleifar þar ekki sjáanlegar.



**Sel frá Fjallaskaga á Seljasandi.** Selið stendur fast niður við stórgrytta fjöruna, sjá forsíðumynd og bls. 34, t.h. Há og brött brekka undir *Seljahjöllum*, sem vaxin er heilgrösom og lyngi, myndar hvilftarsveg um selið. Að grósku skera seltóftirnar sig lítt frá umhverfi sínu. Þröngt til beitar. Lítil heyskapur mögulegur; helst á kröppu votlendinu utan við selið. Frá Seljasandi heim að Fjallaskaga er einnar stundar gangur.

**Staðsetning seljaminja í Dýrafirði – GPS**

<i>Jörð</i>	<i>N</i>	<i>V</i>
Svalvogar - Sléttanes	65°53.039	23°51.808
Höfn	65°54.929*	23°49.222*
Skálará	65°52.857	23°43.651
Hraun	65°52.809	23°43.733
Arnarnúpur - Nýjasel	65°52.861	23°43.564
Arnarnúpur - Fornasel	65°53.232	23°43.234
Sveinseyri	65°52.911	23°40.504
Haukadalur	65°51.354	23°38.776
Meðaldalur - Heimrasel	65°51.115	23°36.173
Meðaldalur - Fremrasel	64°49.979	23°36.735
Hólar	65°51.668	23°33.005
Kirkjuból	65°49.361	23°34.076
Hof	65°49.269	23°34.185
Sandar/Galtadalur	65°49.935	23°29.563
Grandi	65°49.902	23°28.837
Brekka	65°49.744	23°27.130
Hvammur	65°50.190	23°24.036
Botn	65°50.248	23°08.320
Innri-Lambadalur	65° 52.863	23°15.432
Ytri-Lambadalur	65°52.570	23°16.145
Höfði	65°52.868	23°21.951
Hjarðardalur - Fornasel	65°52.975	23°19.926
Hjarðardalur - vestast	65°52.907	23°21.855
Hjarðardalur - mið	65°52.917	23°21.852
Hjarðardalur - austast	65°52.925	23°21.821
Gemlufall	65°54.863	23°26.583
Mýrar	65°54.976	23°26.214
Núpur	65°57.289	23°32.973
Alviðra I (yngra?)	65°57.597	23°33.566
Alviðra II (eldra?)	65°57.621	23°33.624
Gerðhamrar - heimra	65°57.202	23°39.975
Gerðhamrar - fremra	65°58.163	23°38.259
Arnarnes - Fornasel	65°57.788	23°39.361
Arnarnes - Gamlasel	65°58.227	23°38.429
Birnustaðir	65°58.998	23°45.130
Fjallaskagi - Seljasandur	65°59.249	23°45.794

\*staðsetning ekki örugg

## HEIMILDIR OG HEIMILDARMENN

### Birtar heimildir – bækur, rit og ritgerðir:

- Albrehtsen, Sven E. og Christian Keller: „The use of the saeter in medieval norse farming in Greenland“. *Arctic Anthropology*, 23 (1986), 91-107.
- Arnór Sigurjónsson: „Þættir úr íslenskri búnaðarsögu“. *Árbók landbúnaðarins. Framleiðsluráð landbúnaðarins*. Reykjavík (1970), 11-100.
- Árni Daniel Júlíusson: *Af hverju strái*. Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók VII. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag*, 1940.
- Bach, Tron og Johannes Gjerdåker: *Aurlandsdalen – ei kulturhistorisk vandring frå fjell til fjære*. Oslo. J.W. Cappelen Forlag A.S, 1994.
- Baldvin Friðlaugsson: „Gott málnytu land“. *Freyr XIII* (1916), 23-25.
- Benedikt Eyþórsson: *Búskapur og rekstur staðar í Reykholti 1200-1900*. Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Benedikt Eyþórsson, Egill Erlendsson, Guðrún Gísladóttir og Guðrún Sveinbjarnardóttir: „Natural Resources – Access and Exploitation“. Í *Snorri Sturluson and Reykholt*. (Ritstj.: Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson). Kaupmannahöfn. Museum Tusulanum Press, 2018.
- Birna Lárusdóttir: „Fjárborgir“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. 101 (2010), 57-80.
- Bjarni Guðmundsson: „„ef vaxinn ertu hrjóstrum þessum af“ Um forna landnýtingarhætti við Dýrafjörð“. *Ársrit Sögufélags Ísafirðinga* 52 (2012), 89-105.
- Bjarni Guðmundsson: *Konur breyttu búháttum*. Landbúnaðarsafn Íslands og Bókautgáfan Opna. (2016).
- Búalög 1775*. Reykjavík. Framleiðsluráð landbúnaðarins, 1966.
- Cabouret, M.: „Esquisse d’une chronologie des etapes de la formation de la vie pastorale en Norvege“. *Historisk tidsskrift* 1 (1989), 28-37.
- Daugstad, Karoline: *Mellom romantikk og realisme – om seterlandskapet som ideal og realitet*. Bygdeforskning. Rapport 16/99. Trondheim 1999.
- Daugstad, Karoline: *The location pattern of summer farms (seters) in Norway. Determinants, changes and contemporary management challenges*. Paper no 7/05. Bygdeforskning. Trondheim 2005.
- Egils saga*. Reykjavík. Íslendingasagnaútgáfan, 1981.
- Einar H. Einarsson: „Sel í Mýrdal“. *Goðasteinn* 11:2 (1972), 18-28.
- Fenton, Alexander: „The Traditional Pastoral Economy“. M.L. Parry og T.R. Slater (ritstj.): *The making of the Scottish Countyside*. London. Croom Hel, 1980, 93-113.
- Hagskinna*. Reykjavík. Hagstofa Íslands, 1997.
- Halldór Stefánsson: „Fráfærur“. *Freyr* 50 (1955), 117-121.
- Hallgerður Gísladóttir: *Íslensk matarhefð*. Reykjavík. Mál og menning 1999.
- Hallgrímur Jónsson: *Hver einn bær á sína sögu*. Síðara bindi. Akranes. Hörpuútgáfan, 1983.
- Hastrup, Kirsten: „Saeters in Iceland 900-1600“. *Acta Borealis* 6:1(1989), 72-85.
- Hitzler, Egon: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Oslo. Universitetsforlaget, 1979.
- Hólmgeir Þorsteinsson: „Sel og selfarir“. *Freyr LXV* (1969), 246-252.
- Grétar Guðbergsson: „Í norðlenskri vist“. *Búvísindi* 10 (1996), 31-89.
- Guðlaugur Sveinsson: „Um selstöður“. *Rit þess ísl. Lærdómslistafélags VII* (1786), 194-204.
- Guðmundur Bjarnason: *Frjálsa, glaða líf*. Reykjavík. Jarðtæknistofan hf, 1993.



- Guðmundur Böðvarsson: *Ljóðöld*. Akranes. Hörpu-útgáfan, 2004.
- Grágás. (Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna). Reykjavík. Mál og menning, 1992.
- Guðrún Ólafsdóttir: „Um sel og selstöður í Grindavíkurhreppi“. *Sögulóðir – Afmælisrit Ólafs Hanssonar*. Reykjavík (1979), 131-143.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir: „Shielings in Iceland – An Archaeological and Historical Survey“. *Acta Archaeologica* 61 (1990), 73-96.
- Íslenzkt fornbréfasafn*. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-1972..
- Íslensk orðabók*. Reykjavík. Edda, 2002.
- Jóhannes Davíðsson: „Mjólkurfje“. *Skýrslur, reikningar og ritgjörðir 1918-1919*, 108-111. Reykjavík. Búnaðarsamband Vestfjarða, 1921.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenzkir þjóðhættir*. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja hf, 1961.
- Jónsbók Lögbók Íslendinga*. (Már Jónsson tók saman). Reykjavík. Háskólaútgáfan, 2004.
- Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900*. Vestfjarðarit 1. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða, 1999.
- Kristján G. Þorvaldsson: *Árbók MCMLI Vestur Ísafjarðarsýsla*. Reykjavík. Ferðafélag Íslands, 1951.
- Landslagsuppráttur af Ísafjarðarsýslum*. Jón Hróbjartsson teiknaði og gaf út 1931.
- Laxdæla saga*. Reykjavík. Íslendingasagnaútgáfan, 1981.
- Lucas, Gavin: „Pálstóftir: A Viking Age Shieling in Iceland“. *Norwegian Archaeological Review* 41 (2008), 85-100.
- Mahler, Ditlev L.D.: „Argisbrekka: Nye spor efter sæterdrift på Færøerne“. *Hikuin* 15 (1989), 147-170.
- Markús Torfason: „Um fráfærur“. *Freyr* XIV (1917), 49-55.
- Olsen, Magnus: *Þættir um líf og ljóð*. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 1963.
- Ólafur Þ. Kristjánsson: „Vinnubrögð í Holtsseli“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 22 (1979), 137-145.
- P.[áll] Z.[óphóníasson]: „Hvað ær mjólka“. *Freyr* XV (1918), 63.
- Petersen, Ragnar: „Teoriene om seterbrukets utvikling“. *By og bygd*, 24(1974), 17-38.
- Pétur Jónsson: „Viðreisn landbúnaðarins“. *Fjallkonan* 10.-11. (1899), 37-42.
- Ragnar Edvardsson: „Fornleifarannsóknir á Vestfjörðum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 43 (2003), 83-91.
- Reinton, Lars: *Sæterbruket i Noreg I-III*. Oslo. Instituttet for sammenlignende kulturforskning, 1955, 1957 og 1961.
- Sigurður Sigurðsson: „Dýrtíðarhugleiðingar“. *Freyr* XV (1918), 17-24.
- Snorri Hjartarson: *Kvæðasafn*. Reykjavík. Mál og menning, 2006.
- Sóknalýsingar Vestfjarða* II. Reykjavík. Samband vestfirskra átthagafélaga, 1952.
- Steindór Steindórsson: *Vestfirðir I Gróður*. Reykjavík. Vestfirðingafélagið, 1946.
- Torfi Bjarnason: „Um fráfærur“. *Búnaðarrit* XXII (1908), 104-121.
- Westrheim, Sonja: *Sæterdrift i Finnmark*. Mastergradsavhandling ved Institutt for folkelivsforskning. Universitetet i Oslo. 1978.
- Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands III. Landbúnaður á Íslandi*. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag, 1919.

#### Blöð, tímarit o.fl.:

Alþingistíðindi  
Búnaðarblaðið Freyr  
Lögberg  
Þjóðólfur

#### Vefheimildir:

akademia.is/cahd/issue\_2.pdf.  
althingi.is/vefur/lagas\_textal.html  
ferlir.is . . . Reykjanesskaginn í máli og myndum.  
Árni Daníel Júlíusson: Peasants, aristocracy and state power in Iceland 1400-1650. [http://www.akademia.is/cahd/issue\\_2.pdf](http://www.akademia.is/cahd/issue_2.pdf) Lesið í nóvember 2008.  
sarpur.is . . . Þjóðhættir – svör við spurningaskrá Þjóðminjasafns Íslands nr. 8.

#### Óbirtar heimildir:

Elínborg Guðmundsdóttir á Arnarnúpi: Bréf til Kristínar M. Guðmundsdóttur á Kirkjubóli, dags.

4. október 1947. Í vörslu BG.  
 Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900 Úr vinnuhandriti Kjartans Ólafssonar*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða. Ljósrit.  
 Magnús Sigurðsson frá Gilsbakka: *Um sel í Hvítársíðu o.v. í uppsveitum Borgarfjarðar*. Greinargerð dags. 22. desember 2000. Í vörslu BG.  
 Margrét Hermanns Auðardóttir: „Vegna fornleifa-skráningar í Kelduneshreppi og Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum“. Óbirtskýrsla til Náttúruverndarráðs. Reykjavík 3/11 1994. Í vörslu BG.  
 Páll Zóphóniasson: *Búnaðarsaga Íslands I*; Gunnar Guðjónsson nemandi við Búnaðarskólann á Hvanneyri skrifaði veturinn 1919-1920. Í vörslu afkomenda Gunnars.  
*Vísitíuabók* V.-Ís. prófastsdæmis 28. maí 1838 og 4. júní 1846. Þjóðskjalasafn Íslands.  
 Sighvatur Grímsson Borgfirðingur: Þjóðskjalasafn Íslands *Lbs. 2374 4to, Dagbók*.  
*Örnefnaskrár úr Þingeyrar- og Mýrahreppum í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

### Heimildarmenn:

*Taldir eru heimildarmenn sem lögðu bein efnisleg atriði til verkefnisins með ábendingum, tilvísunum og frásögnum í sérstökum samtölum eða með skrifuðum greinargerðum í bréfum til mín, sem þá er getið í neðanmálsgreinum; sjá einnig nöfn heimildar- og hjálparmanna í formála ritsins:*

Aðalsteinn L. Valdimarsson (1960) á Strandseljum, N.-Ís.  
 Ásdís Bjarnadóttir (1916-2003) á Kirkjubóli  
 Bergur Torfason (1937) á Felli  
 Garðar Sigurðsson (1927-1990) í Lægsta-Hvammi  
 Guðbrandur Stefánsson (1933-2006) í Hólum  
 Gunnlaugur Ingólfsson (1944) í Reykjavík  
 Guðmunda Ólöf Högnadóttir (1943) frá Ósi, N.-Ís.  
 Guðmundur Bernharðsson (1899-1989) á Ástúni, Ingjaldssandi  
 Guðmundur Gíslason (1910-2006) á Höfða

Guðmundur Hermannsson (1960 ) frá Þingeyri  
 Guðmundur Jónsson frá Lækjartungu (1915-1978) á Kirkjubóli  
 Guðmundur Sören Magnússon (1922-2009) frá Hrauni í Keldudal  
 Guðríður Gestsdóttir frá Skálará (1897-1993) í Sæbóli í Keldudal  
 Haukur Kristinsson (1901-1984) frá Núpi  
 Helga Guðmundsdóttir (1940) frá Hóli, N.-Ís.  
 Jens Kr. Gestsson frá Skálará (1906-1991) í Miðbæ í Haukadal  
 Jóhann Sigurðsson (1928-2018) í Lægsta-Hvammi  
 Knútur Bjarnason (1917-2013) á Kirkjubóli  
 Kristín M. Guðmundsdóttir (1890-1986) frá Hrauni í Keldudal  
 Kristján Helgi Kristjánsson (1897-1984) frá Meðaldal  
 Magnús Sigurðsson (1924-2009) frá Gilsbakka, Mýr.  
 Ottó Þorvaldsson (1903-1992) frá Svalvogum  
 Ólafur Steinþórsson (1940) frá Ytri-Lambadal  
 Ómar Dýri Sigurðsson (1963) á Ketilseyri  
 Ragnheiður Stefánsdóttir (1911-1985) frá Gemlufalli  
 Sigríður Kristinsdóttir (1959) í Reykholti, Borg.  
 Sæmundur Þorvaldsson (1956) á Lyngholti  
 Tómas Helgason frá Hnífsdal (1918-2011) í Reykjavík  
 Valdimar Kristinsson (1904-2003) frá Núpi  
 Valdimar Þórarinnsson (1921-2003) frá Hrauni  
 Vilborg Guðmundsdóttir (1920-2000) frá Fremri-Hjarðardal  
 Þórdís Þorvaldsdóttir (1953) frá Læk.

*Verði lesandi var við alvarlegri misfellur eða villur í ritverkinu, eða búi yfir viðbótarfróðleik um efnið, er hann vinsamlega beðinn um að hafa samband við höfund svo leiðrétta megi, lagfæra og bæta verkið.  
 Öllum slíkum ábendingum verður tekið með þökkum. BG*